

Efnisyfirlit, mynda- og töfluskrár	1-2
1.0. INNGANGUR	3
2.0. NÁTTÚRUFAR	4
2.1. Staðhátta- og merkjalýsing	4
2.2. Jarðfræði	5
2.3. Lífríki	7
2.4. Veðurfar	9
2.5. Flóð	12
2.6. Jarðskjálftar	14
2.7. Náttúruminjar	14
2.7.1. Hverfisvernd	16
2.8. Miðhálandishluti Eyjafjarðarsveitar	16
3.0. BYGGÐAFORSENDUR	18
3.1. Saga byggðar og þróun	18
3.1.1. Menningarminjar	19
3.1.1.1. Fornminjar, fornleifar	19
3.1.1.2. Húsafríðun	21
3.2. Íbúaþróun á Eyjafjarðarsvæðinu	22
3.3. Íbúaþróun í Eyjafjarðarsveit árabilið	22
3.3.1. Aldurs- og kynjaskipting	24
3.4. Mælingar og eldri skipulagsáætlanir	25
3.5. Íbúabyggð	30
3.5.0. Almenn um þéttingu byggðar	30
3.5.1. Núverandi fasteignir	30
3.5.2. Núverandi íbúðarhúsnæði og áætluð aukning	31
3.6. Atvinnulíf	32
3.6.1. Almenn um atvinnulíf	32
3.6.2. Ársverk	32
3.6.3. Landbúnaður og afréttarlönd	34
3.6.4. Iðnaðar- og athafnasvæði	38
3.6.5. Ferðaþjónusta	38
3.6.6. Svæði fyrir frístundabyggð, frístundahús	40
3.6.7. Fólksfjölgun og mannaflí	40
3.7. Veitur	40
3.7.1. Vatnsveita	40
3.7.2. Hitaveita	41
3.7.3. Rafveita	41
3.7.4. Fráveita	42
3.7.5. Sorpeyðing	43
3.7.6. Fjarskipti	45
3.8. Samgöngumál	45
3.8.1. Almenn um samgöngumál	45
3.8.2. Samgöngur á landi, umferð	46
3.8.3. Göngu- og reiðleiðir	51
3.8.4. Flugsamgöngur	55
3.9. Stofnanir og tengd starfsemi	55
3.9.1. Skólamál	55
3.9.2. Leikskóli og skóladagheimili	57
3.9.3. Menningar- og félagsmál	58
3.9.3. Samkomuhús og söfn	60
3.9.4. Heilbrigðismál	60
3.9.5. Félagsþjónusta	61
3.9.6. Stjórnsýsla	61
3.9.7. Kirkjur, kirkjugarðar	62
3.10. Umhverfi og útivist	63
3.10.1. Almenn um útivist	63
3.10.2. Íþróttasvæði	64
3.10.3. Sundlaugar	64
3.10.4. Opin græn svæði til sérstakra nota	64
3.10.5. Stangveiði	66
3.10.6. Hestamennska	67
3.11. Öryggismál	67

4.0.	LOKAORÐ	67
5.0.	HELSTU HEIMILDIR	68
6.0.	SKÝRINGAR HUGTAKA	69-75

Myndaskrá

1.	Hiti, meðaltalstölur, Akureyri	9
2.	Hiti eftir mánuðum, meðaltalstölur, Akureyri 1951-1980 og 1980-1999	9
3.	Úrkoma, meðaltalstölur, Akureyri 1951-80	10
4.	Veður, meðaltalstölur, Akureyri 1971-1980	11
5.	Vindur, meðaltalstölur, Akureyri 1971-1980	11
6.	Íbúðpróun á Eyjafjarðarsvæðinu 1971-1998	22
7.	Íbúðpróun í Eyjafjarðarsveit, framreikningur til 2025	23
8.	Íbúðpróun í Eyjafjarðarsveit 1971-2004	24
9.	Aldurs- og kynjaskipting í Eyjafjarðarsveit/Ísland 2001	25
10.	Deiliskipulag í landi Hólshúsa	29
11.	Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Eyjafjarðarsveit (2001)	31
12.	Meðaltal fullgerðra íbúða	31
13.	Atvinnuskipting í Eyjafjarðarsveit 1988-1997	33
14.	Atvinnuskipting í Eyjafjarðarsveit 1997	33
15.	Atvinnuþátttaka í Eyjafjarðarsveit 1988-1997	34
16.	Lax- og silungsveiði í Eyjafjarðará 1993-2004	66

Töfluskrá

1.	Fuglavarpi í óshólmum Eyjafjarðarár, norðan gömlu brúnna	8
2.	Náttúruminjar, tillaga (NA) um hverfisvernd	16
3.	Tillaga um friðlýsingu fornminja	20
4.	Húsafriðun	21
5.	Íbúðpróun í Eyjafjarðarsveit 1971-2004	23
6.	Spá um íbúðpróun	24
7.	Aldursskipting í Eyjafjarðarsveit 2003	24
8.	Samanburður á fjölda og stærð fasteigna í Eyjafjarðarsveit	30
9.	Meðaltal fullgerðra íbúða	31
10.	Ársverk 1988-1997	32
11.	Greiðslumark í kindakjöti (1994 og 2004)	34
12.	Greiðslumark í mjólk (1994 og 2004)	35
13.	Forðagæsluskýrsla, samanburður	35
14.	Uppskera	35
15.	Skógræktarjarðir í Eyjafjarðarsveit	36
16.	Nokkrar vegalengdir frá Akureyri í km	51
17.	Umferðartalning 1993, 2003 og 2004	51
18.	Veiði í Eyjafjarðará árabilið 1993 til 2004	66

1.0. INNGANGUR

Í þeim köflum sem hér koma á eftir og fjalla um forsendur og stöðumat má sjá, í nokkrum aðalatriðum, hverjar núverandi aðstæður eru í Eyjafjarðarsveit. Í einhverjum tilvikum er vísað til þessara kafla og undirkafla þeirra í Greinargerð I -Grg.-I sem fjallar um stefnumótun og landnotkun.

Í Greinargerð II koma, í nokkrum tilvikum, fram atriði sem lúta að stefnu sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum. Þess vegna ber að líta á báða hluta greinargerðarinnar sem nauðsynlega heild, en ekki eingöngu Greinargerð I, sem þó greinir frá öllum meginatriðum stefnumótunarinnar.

Í kafla 4, sem heitir *Lokaorð*, er leitast við að draga saman það helsta sem einkennir aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.

Í kafla 5 eru settar fram allar helstu heimildir er snerta báða hluta greinargerðarinnar og gildir það einnig um um kafla 4 sem greinir frá skýringum hugtaka sem snerta skipulagsmál með einum eða öðrum hætti.

Þeir skýringarupphættir sem ekki taka beinlínis til stefnumótunar eða breyttrar landnotkunar eru birtir í lok þessarar greinargerðar.



Mynd tekin á Syðra-Laugalandi og yfir að Kristnesi

BB.

2.0. NÁTTÚRUFAR

2.1. Staðhátt- og merkjalýsing

Frá botni Eyjafjarðar gengur megindalur fjarðarins til suðurs, u.þ.b. 60 km. Há fjöll veita gott skjól fyrir veðrum. Tiltölulega góðviðrasamt er þar á sumrum. Þarna er víða snjólétt á vetrum, sérstaklega vestanvert í dalnum. Þetta er hluti af hinni almennu lýsingu á svæðinu sem Eyjafjarðarsveit nær yfir. Heildarlengd Eyjafjarðarsveitar frá norðri til suðurs er um 100 km.

Norðurmörk sveitarfélagsins að vestan ná að bæjarlandi Akureyrar, um landamerki jarðanna Hvamms og Litla-Hvamms. Mörkin eru síðan í stefnu á tind Ytri-Súlu þegar kemur á Súlumýrarnar. Upp af Skjöldal, við Kambskarð, liggja mörkin fyrst suður á vatnaskilum við Hörgárbyggð og síðan fylgja mörkin til suðurs á sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu á Nýjabæjarfjalli. Á þessum slóðum voru mörkin nokkuð óviss þar til settir tókust í kringum árið 1990. Nálægt miðju þessa svæðis greinist landið í þrjá dali, Sölvadal til suðausturs, Eyjafjarðardal til suðurs og Djúpadal til suðvesturs. Framar er Villingadalur til suðvesturs. Þessir hlutar sveitarfélagsins greinast svo í marga smærri dali. Austurmörk hreppsins eru sýslumörk sem liggja á hæstu fjöllum.

Í landamerkjadómi sem undirritaður er 17. september 1945 voru landamerki milli jarðanna Ytri-Varðgjár og Veigastaða, sem jafnframt eru hreppsmörk Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps, úrskurðuð þannig: „Frá Stapaklöpp til fjalls, þaðan sem vjer teljum, að sjáist marka fyrir vörðubotni á klöppinni, beina stefnu í klöpp rjétt sunnan við merkjalæk á Skeiðunum, þaðan í Tvístein og svo beina stefnu syðst í slakkann utanvert við Varðgjárhjúk, og svo beint austur á miðja heiði. Frá Stapaklöpp til vesturs, bein stefna gegn um vörðu á sjáfarbakkannum vestur á miðja Leiru miðað við suðurbrún Búðargils austast í Höfðanum á Akureyri.“ Í gjörðabókinni er einnig greint frá því að 18. október 1945 hafi þremmingarnir sem unnu að merkjagerðinni hist og hlaðið upp merkjavörðu á Stapaklöpp. Jafnframt hafi þeir hlaðið vörðu á sjáfarbakkannum, þar sem merkjalínan liggur frá Stapaklöpp vestur á miðja Leiruna með stefnu í brún Búðargils austast í Höfðanum á Akureyri. Samkvæmt landamerkjalýsingunni eru því merki Ytri-Varðgjár og Akureyrar á miðri Leirunni. Stapaklöpp, sem er í hnitakerfi Akureyrarbæjar, mælist í hápunkti: $x = 12.042,5$ m og $y = 16.941,0$ m.

Samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu eru landamerki milli jarðanna Hvamms og Kjarna, sem jafnframt eru mörk milli Eyjafjarðarsveitar og Akureyrar, þessi: „Bein stefna frá Syðri-Stórhæð sunnanverðri í stein, sem er neðan við Langaklett, þaðan stefna í lautarbolla þann sem er austaní Hvammsholt, svo bein stefna í efri enda skurðs þess er liggur frá Eyjafjarðará gegnum þveran flæðarbakkann og stefnir í tjeðan lautarbolla, ræður síðan nýnefndur skurður á merkjum austur í Eyjafjarðará. Að austan ræður merkjum Eyjafjarðará. Einnig tilheyra jörðinni Kjarna hólmar í Eyjafjarðarárkvísium, sem nú eru nefndir Stekkjarhólmi, Skeiðhólmi, Kollhólmi, Steinagerðishólmi, Lynghólmi, Langhólmi og Stórhólmi (öðru nafni Drekaólmi), aðskilt hann frá Eyrarlandshólma, Hamrakotshólma og Barðshólma með merkjadragi því, er liggur milli hans og þeirra allt út í Leiru.“ Landamerkjalýsing þessi er undirrituð 30. apríl 1886.

Nyrsti hluti Eyjafjarðarsveitar að austan heitir Kaupangssveit, en á milli Þveránnar er Staðarbyggð. Flatlendi er mikið meðfram Eyjafjarðará að austan frá árósum fram að Stóra-Hamri. Þar framan við er áin nær brekkurótum. Meginhluti þessa svæðis er mýrlendi. Austan við mýrlendið, þó ekki nyrst, tekur nokkuð jöfn brekka við, þar sem tún eru nánast samfelld og þar er byggðin þéttust í sveitarfélaginu. Að norðaustan er einn byggðardalur, Garðsárdalur, sem gengur til suðausturs frá Þverá þeirri nyrðri.

Í nyrsta hluta Eyjafjarðarsveitar að vestan er undirlendi fremur lítið þar sem Eyjafjarðará afmarkar svæðið þröngt, en verður mun meira er innar dregur, s.s. í mynni Þverdalanna; Skjöldals og Djúpadals.

Eyjafjarðará ásamt Þverám hefur myndað sléttuna inn frá Eyjafjarðarpolli og allt að Melgerðismelum. Þetta hefur gerst á 10 til 12 þúsund árum. Þannig hefur vöxturinn orðið um það bil 1 km á hverjum 500 árum. Mestur vöxtur er talinn hafa verið fyrst eftir lok ísaldar. Einnig sýnist framburðurinn hafa verið meiri eftir að landnám hófst, við eyðingu skógar og meðfylgjandi uppblástur. Núna er stækkunin langt undir meðaltali.

Fjallahringurinn sem markar Eyjafjarðarsveit er hár og tignarlegur, nyrstar að vestanverðu eru Súlur, innar koma Stóri-Krummi, Bónði og Þríklakkar. Sunnan Þríklakka rís Kerling, 1538 metra há, hæsta fjall í Eyjafirði. Flest eru fjöllin klettótt og skriðurunnin. Gróðurlendi er talsvert neðan til í fjöllum en rennur út þegar ofar dregur.

Eyjafjarðará, sem er dragá, er vatnsmest áa í Eyjafirði og mjög áberandi í landslagi Eyjafjarðarsveitar. Nokkrir smájökklar veita vatni í hana, t.d. inni í Kvarnárdal, þar sem eru jökulfannir austan í Kerlingu. Suðaustan í Kerlingu er jökull sem veitir vatni í Lambá vestur yfir.

Meginupptök Eyjafjarðarár eru í Eyjafjarðardal. Vatnsmestu þverárna sem í hana falla eru Núpá úr Sölvadal, Djúpadalsá, Skjöldalsá og Þverá efri og Þverá neðri.

2.2 Jarðfræði

Eyjafjarðarsvæðið er allt á svokölluðu vestara blágrýtissvæði, en það nær frá Bárðardal og til suðvesturs um landið að Reykjanesskaga. Þetta svæði er hlaðið upp af hraunlögum sem runnið hafa á tertíertíma, fyrir 3 til 15 milljónum ára.

Stefnu hraunlaganna er hægt að sjá á berggöngum sem eru algengir í basaltstaflanum og þverskera hraunlög. Á Eyjafjarðarsvæðinu stefna gangarnir yfirleitt í N-S, eða NNA-SSV.

Megineldstöðvarnar hafa verið á nokkrum stöðum, þ.e. stór eldfjöll eða öskjur. Vitað er um nokkrar slíkar eldstöðvar á þessu svæði og má nefna Torfufell í því sambandi.

Elstu berglög á Eyjafjarðarsvæðinu eru utan til við fjörðinn. Þegar innar dregur bætast stöðugt yngri berglög ofan á. Þegar eldvirkni á Mið-Norðurlandi lauk fyrir um 3 milljónum ára var svæðið í stórum dráttum bunguvaxin háslétta, 1.000-1.500 m há og hæst nálægt miðju, þar sem nú er fjallið Kerling. Á sléttunni hafa þó verið lægðir og daladrög, jafnvel firðir og dalir næst ströndinni. Flatar fjallabrunir á innanverðu svæðinu eru enn til vitnis um þessa hásléttu.

Eftir lok tertíertímans hefur landið verið að mótast, síga og springa, og myndast hafa misgengisstallar og sigdalir um allt svæðið. Dæmi um þetta er Eyjafjörður, Vaðlaheiði og Fnjóskadalur. Stefnur í höggun jarðlaga eru fjórar í Eyjafirði; (I) Hörgárdalsstefna, (II) Fnjóskadalstefna, (III) Garðsárdalsstefna og (IV) Dalsmynnisstefna.

Með kólnandi loftslagi og aukinni úrkomu hafa jökklar myndast, sem með miklu afrennsli hafa haft veruleg áhrif á landmótunina. Á ísaldartímabilum jókst jöklafargið og olli sigi miðað við sjávarmál, einkum inn til landsins. Þessir miklu jökklar dýpkuðu og breikkuðu dalina.

Landmótun svæðisins er nú í stórum dráttum eins og jökklar síðasta ísaldarskeiðs skildu við það. Þeir hafa skilið eftir mikið magn af jökulruðningi sem þekur berggrunninn á stórum svæðum, þetta er sá jarðvegsgrunnur sem hefur langmest flatarmál. Framburður jökulvatna hefur einnig haft áhrif á jarðvegsgrunninn. Jökulvötn hafa t.d. myndað malarhjalla, sem víða má sjá í fjallahlíðum og láglendi. Þegar jökullinn hopaði inn dalinn í lok ísaldar fylgdi sjórinn í kjölfar hans, enda var landið þá mun lægra þar en það er nú. Á þessum tíma er talið að sjór hafi náð inn að Saurbæ.

Á skömmum tíma hafa Eyjafjarðará, 1300 ferkílómetra vatnasvið, og þverár hennar síðar borið fram mikið magn af mól og sandi. Þá mynduðust malarhjallar sem víða eru áberandi á þessu hæðarbili, dæmi um þetta eru Melgerðismelar. Þegar landið reis aftur hafa þessar ár haldið áfram að bera fram efni sem myndað hefir Óshólma, eyrar og grunn langt út í fjörðinn. Óshólmar Eyjafjarðarár eru gott dæmi um þetta.

Berghlaup og smájökklar hafa valdið ákveðnum breytingum, enda skipta berghlaup hundruðum í Eyjafjarðarsveit. Dæmi um það eru Leyningshólar, Hólahólar og Möðrufellshraun. Það sem veldur þessum hlaupum virðist vera einhvers konar spennan í jarðlögum, en ýmislegt er þó ókannað um orsakir berghlaupa. Þau skera sig yfirleitt nokkuð vel úr í landslaginu, hólótt og stórgrýtt.

Dalbotnajökklar eru einnig mjög algengir á Eyjafjarðarsvæðinu og eru talsvert misstórir á hverjum tíma, allt eftir hitastigi og úrkomu. Talið er að þeir hafi verið einna stærstir, á síðari öldum, í kringum 1800. Jökulruðningsgarðar eru til merkis um það.

Jarðvegsmýndun hefur síðan átt sér stað á löngum tíma eftir að jökultíma lauk. Jarðvegslagið þekur nú mestan hluta láglendis á svæðinu, ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa. Jarðvegur er í daglegu tali kallaður mold, og er þar um að ræða fíngerð bergefni sem borist hafa með árrennsli og áfoki á jarðvegsgrunninn. Þetta ásamt lífrænum leifum gróðurs og dýralífs myndar moldina (jarðveginn).

Almennt um jarðveg á Íslandi:

Að stærstum hluta er íslenskur jarðvegur svokölluð eldfjallajörð, sem er sérstök jarðvegsgerð sem myndast á eldfjallasvæðum jarðar (Andosol). Eitt einkenna eldfjallajarðar er mikil frjósemi jarðvegsins, lítil rúmþyngd, en einnig skortur á samloðun sem gerir jarðveginn viðkvæman fyrir roföflunum. Jarðvegur á Íslandi er um margt einstakur, og því veldur sambland áfoks frá auðnum og rofsvæðum og að móðurefni jarðvegsins eru að stærstum hluta gjóska. Jarðvegurinn veðrast auðveldlega og þá myndast nýjar leirsteindir í jarðveginum, einkum allófan, sem er einkennissteind eldfjallajarðar, en einnig ímógólít og ferrihýdrít. Þessar steindir móta eiginleika jarðvegsins ásamt lífrænum efnum sem safnast fyrir í jarðveginum. Þessir eiginleikar valda því að þúfnamyndun er mun víðar á Íslandi en annars staðar.

Í **búvísindum** er jarðvegur skilgreindur sem sá hluti jarðefnanna sem plöntur vaxa í og hægt er að vinna með tækjum. Almennari skilgreining, og sú sem hér er notuð, er að jarðvegurinn sé hin lausu og veðruðu jarðefni ásamt misniðurbrotnum lífrænum efnum sem liggja á berggrunninum eða föstu undirlagi. Jarðvegsmyndun hefur átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglendis á svæðinu ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa fyrir.

Jarðveg má flokka á ýmsa vegu, en hér er notuð einföld flokkun sem byggist að mestu á kornastærð og uppruna jarðvegsins. Flokkunin er eftirfarandi:

Mýrajarðvegur:	a) Flóar b) Hallamýrar c) Flæðimýrar	Grýttur jarðvegur:	a) Skriður b) Melar
Móa- og Sandjarðvegur:	a) Fínkorna b) Sendinn	Landsvæði án jarðvegs:	a) Fjalllendi b) Hraun c) Jöklar
Sandjarðvegur:	a) Áreyrar b) Sandur		

Jarðvegsdýpt er mjög mismunandi, en algeng þykkt þess á Norðurlandi er 0,5 til 1,5 m, yfirleitt mest inn til dala, en minnkar út til skaganna. Helstu tegundum jarðvegs á Eyjafjarðarsvæðinu er skipt í eftirfarandi flokka:

1. Móa- og Sandjarðvegur; er víða, auðveldur í ræktun, hann er fremur rýr og áburðarfrekur.
2. Hlíðajarðvegur; oftast neðanvert í hlíðum, hann hentar vel til ræktunar.
3. Mýrajarðvegur; í lægðum á láglendi, yfirleitt fremur frjósamur.
4. Óshólmajarðvegur; líkur hlíðajarðvegi, mjög frjósamur, en erfiður í notkun.
5. Melar, sandar, klettur, skriður o.s.frv. eru ríkjandi jarðvegsgerðir ofan til í fjallshlíðum og víðar. Gróður getur oft tekið sér bólfestu í þessum jarðvegi, skriður geta t.d. verið mjög frjósamur jarðvegur.

Jarðvegur í Eyjafjarðarsveit er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og frjósamur sem fyrr segir, enda eru hinar frjósömu jarðvegsgerðir í miklum meirihluta, þ.e. hlíða- og mýrajarðvegur.

Uppblásturshætta er mjög lítil í sveitarfélaginu nema þá helst innst í sveitinni, sem stafar af jarðvegsrofi af völdum beitar, vatns og vinda á löngu tímaskeiði. Efnisinnihald jarðvegsins er töluvert mismunandi á svæðinu eftir jarðvegsflokkum og milli útsveitar og innsveitar.

Malar- og sandnámum, eða svokölluðum **efnistökusvæðum**, er skipt í tvo flokka, annars vegar efnistökusvæði til einkanota og hins vegar stærri efnistökusvæði. Fyrri flokkurinn á lítið erindi inn á skipulagsuppdrátt vegna þess hve litlar námurnar eru. Föst efnistökusvæði eru varanlegri og eru oft í notkun einn eða fleiri áratugi. Sjálfbærar geta kallast þær námur sem byggjast á flutningi efna í árfarvegi. Allvíða hefur verið tekið efni úr Eyjafjarðará, sérstaklega neðan Miðbrautar, þar sem sandburður er mikill. Þetta hefur verið gert áratugum saman og að flestra mati talin nauðsynleg aðgerð til að tryggja eðlilegt rennsli árinna. Eftir gildistöku laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, hefur heimild til slíkrar efnistöku verið háð samþykki veiðimálastjóra.

Helstu efnisnámur í Eyjafjarðarsveit eru taldar upp í kafla nr. 2.1.5.-Grg.-I -Efnistökusvæði.

Vegna framkvæmda við efnistöku til vegagerðar þykir rétt að vísa til nýrrar skýrslu : „*Námur-efnistaka og frágangur.*“ Skýrslan var gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2.3. Lífríki

Gróðurfar: Sá gróður á láglendi sem í upphafi búsetu í Eyjafjarðarsveit hefur verið mest áberandi er birkiskógur eða -kjarr. Leifar þessa gróðurs sjást víða, sérstaklega á afskekktum stöðum. Undirgróður skóganna hefur víðast verið gras og mosi, víða með blómgróðri inn á milli, en minjar um lyng hafa einkum fundist í útsveitum. Líklega hafa skógarmörk víða verið í um 300-350 m.y.s., þessu hefur þó verið nokkuð misjafnlega farið. Lyng, víðir og fjalldrapi hefur verið ríkjandi gróður upp í 7-800 m.y.s. Auk skóganna voru lyngmóar og graslendi ríkjandi á láglendi.

Umtalsverð breyting hefur átt sér stað með þúsund ára búsetu á svæðinu og almennt má segja að gróðri hafi fremur farið aftur. Að töluverðu leyti liggja fyrir eðlilegar skýringar á þessari þróun, þar eð Ísland er harðbýlt land og allt var notað sem gat veitt björg í bú. Stundum hafa menn þó farið offari gagnvart gróðri og lífríkinu öllu. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir valdi raski á sjaldgæfum gróðurfélögum eða plöntum sem hafi verndargildi.

Greinargerð Harðar Kristinssonar grasafræðings sem fjallar um villtan gróður í Eyjafjarðarsveit, samin vegna vinnu við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014:

„Flatlendið meðfram Eyjafjarðará og ósum hennar er ríkt af votlendis- og vatnagróðri. Gulstararflóar eru víða ríkjandi þar sem lægra er og blautara með horblöðku, engjarós og fergini, en gulvíðir og geithvönn eru víða með bökkum. Í síkjum og skurðum vaxa síkjamari, fergin, fjallnykra, grasnykra, smánykra og brúsakollur, og í leirefju í gömlum farvegum er sums staðar efjugras og vatnsnæli. Af sjaldgæfum tegundum má nefna þrenningarmöðru (botngróður með gulstör neðan við Eyrarland) og mýraberjarlyng á Staðarbyggðarmýrum. Norðan til við Óshólmana eru víðlend svæði með sjávarfitjagróðri, sem einkennast m.a. af marstör, flæðastör, skriðstör, lágarfa, skeljamuru, strandlófót, strandsauðlauk, hnotsörvi og engjavendi. Svæði þetta er að hálfu í umdæmi Akureyrar. Hvergi annars staðar við Eyjafjörð er jafnvíðlendur sjávarfitjagróður. Helstu svæði önnur eru á Gáseyri við Hörgárósa, og við Fnjóskárósa hjá Laufási og í Höfðahverfi.

Á láglendinu frá hólmunum og upp í 150-250 m.y.s. hefur gróðurinn orðið fyrir sterkum áhrifum af víðáttumikilli ræktun. Áburðaráhrif frá tünnum hafa víða mikil áhrif á villtan gróður og túnjaðra. Snarrótarpuntur og hálidagras hafa víða orðið ríkjandi í túnjögðum og drögum, og innfluttir slæðingar eins og akurarfi, skógarkerfill, spánarkerfill, njóli og húsapuntur eru víða áberandi. Síðustu árin hefur sandfax bæst í hóp þessara slæðinga og er nú orðið útbreitt meðfram vegum.

Af villtum gróðri má segja að svæðið einkennist af ýmsum hitakærum tegundum, sem hafa meginútbreiðslu á Suður- og Vesturlandi. Þar má nefna blákollu og mjaðjurt, sem eru útbreiddar um utanverða sveitina, einnig eru víða jarðarber í frjósömum brekkum móti suðri, en grájurt, sandmunablóm, vorperla og þrenningarfjóla í þurrari melbrekkum. Skriðuhnoðri og klappadúnjurt koma fyrir á stöku stað.

Maríulykill hefur hvergi fundist á landinu nema við botn Eyjafjarðar frá Veigastöðum suður að Kaupangi, um hólmasvæðið og út fyrir Hörgá að vestan. Að undanskildu svæðinu vestan Eyjafjarðar frá Gásam og út undir Hjalteyri, er aðalútbreiðslusvæði hans í landinu í utanverðri Eyjafjarðarsveit. Víða hefur honum verið útrýmt vegna þéttar byggðar og túnræktar. Helstu svæðin sem eru eftir, eru Leifsstaða- og Eyrarlandsbrúnir, svo og dálitill blettur í Vaðlaheiði skammt ofan Leifsstaða. Hluti þessa svæðis er nýttur undir sumarbústaði. Vottur er einnig af honum í landi Hvamms að vestan. Í landi Akureyrar er maríulykill víðast útdauður, nema í Kjarnaskógi þar sem hann finnst á örfáum stöðum, og lítilsháttar í Stórhólma. Full ástæða er til að fylgjast með þeim stöðum sem eftir eru, og stuðla að því að maríulyklinum verði ekki útrýmt.

Ein friðuð plöntutegund vex í Eyjafjarðarsveit, en það er eggtvíblaðka. Af henni eru til fáeinir plöntur í fjórum giljum á svæðinu frá Varðgjá að Kúalæk: Þetta er í Húsagili, Stekkjarlækjargili, Stóragili og Kúalækjargili. Nokkrar líkur má telja á, að þessar plöntur dafni og þeim fjölgi fremur á þessum stöðum við friðun og skógrækt.

Svonefndar útsveitarplöntur við Eyjafjörð vantar flestar í Eyjafjarðarsveit, eða eru þar mjög sjaldséðar. Sem dæmi má nefna skjaldburkna ofan við Kristnes í Garðsárdal, litunarjafna í Súlumýrum, ígulstör við Vaðlareit og Fífilgerði, og brönugrös í Stóragili, Þverárgili og Munkaþverárgili. Brönugrösin munu þó hafa horfið úr Þverárgili við vegagerð að nýrri brú fyrir fáum árum. Af öðrum sjaldséðum plöntum í héraðinu má nefna kjarrhveiti í Leyningshólum, tjarnalauk í Hólavatni, hvítstör á einum stað í Vaðlaheiði og á Þveráreyrum, og flóastör í Uppsalamýrum og í Leyningi.

Hálfjallagróður er fjölbreyttur í vesturfjöllunum, einkum hryggnum frá Súlum að Kerlingu, en einnig sunnar allt suður í Torfufell. Á því svæði vaxa m.a. melasól, fjallavorblóm, finnugsstör, snækobbi, snænarfagras og jöklaklukka. Melasól er einnig í Staðarbyggðarfjalli, og finnugsstör á toppi Vaðlaheiðar. Algengar í öllum hærri fjöllum eru jöklasóley, dvergsóley, lotsveifgras og fjallhæra.“

Flóra Eyjafjarðar er allvel þekkt, enda er gróðurannsóknahéð gömul við Eyjafjörð allt frá tíma þeirra Stefáns Stefánssonar skólameistara og Ólafs Davíðssonar og til vorra daga. Talið er að um 350 tegundir blómplantna og byrkninga vaxi villtar á svæðinu, af mosum eru þekktar um 270 tegundir og álíka margar tegundir af sveppum. All margar grastegundir finnast á svæðinu, bæði villtar og ræktaðar. Um 186 tegundir háplantna finnast á Óshólmasvæðinu. Alls eru talðar um 460 tegundir háplantna á Íslandi.

Dæmi um gamlar skógarleifar í Eyjafjarðarsveit er að finna í landi Leynings og Villingadals. Í sveitarfélaginu eru nokkur skógræktarsvæði og eru þau helstu eftirfarandi: Vaðlareitur og framhald hans, Garðsárreitur, reitur í landi Dvergsstaða, Grundarreitur, skógarreitur í landi Botns og Kristnesreitur. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur tekið jörðina Háls og hluta af jörðinni Saurbæ í Eyjafjarðarsveit á leigu og vinnur að því að úthluta leigulóðum til skógræktar. Svæðið hefur verið skipulagt. Á síðustu árum hefur verið unnið að töluverðri gróðursetningu á Melgerðismelum og víðar á svæðinu. Sjá einnig kafla 3.10.4.

Dýralíf: Landdýralíf á Eyjafjarðarsvæðinu er í meðallagi fjölbreytilegt miðað við landið allt. Heimildir um aðra flokka en spendýr, fugla og skordýr eru fremur litlar. Á Íslandi er tegundafjöldi orma í jarðvegi fremur fábreytilegur og hér finnast aðeins ellefu tegundir áðnamaðka. Köngulóategundir eru tæplega eitt hundrað hér á landi og flestar eru litlar.

Helstu landspendýr (villt) eru hagamýs, refur og minkur. Hagamýs eru töluvert algengar víða á svæðinu, refur er í vexti og minkur er nokkuð útbreiddur.

Alls verpa um 80 tegundir fugla á Íslandi. Auðugasta fluglalífið í Eyjafjarðarsveit er á Óshólmasvæði Eyjafjarðarar, sjá kafla 2.1.3.-Grg.-I og 2.7.1. Á svæðinu verpa 27 til 33 tegundir fugla. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir, einnig skógarprestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir en fátt er af smyrli og fálkum. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs sem veiddar eru á vissum árstímum. Varp við Óshólmana og næst ánum getur spillst í miklum mæli þegar stór flóð leysast úr læðingi.

Tegund	1988	1989	1990	1991	1992	2000
Grágæs	36	29	32	31	37	44
Stökkönd	9	7	5	4	8	4
Urtönd	3	4	4	6	8	4
Grafönd	4	0	7	10	9	5
Rauðhöfði	16	15	32	32	41	6
Hávella	1	2	3	3	5	3
Skúfönd	0	0	3	3	1	3
Æðarfugl	(125)	139	172	162	147	234
Rjúpa	0	1	0	0	0	0
Jaðrakan	6	5	7	5	8	7
Spói	19	12	15	15	28	22
Hrossagaukur	17	11	25	22	39	21
Óðinshani	12	12	4	6	8	11
Lóupræll	2	2	2	1	2	2
Stelkur	2	7	10	7	18	3
Sílamáfur	0	0	1	0	0	0
Hettumáfur	297	179	478	330	396	285
Stormmáfur	8	7	12	13	13	19
Kría	27	49	43	48	57	51
Þúfuttlingur	2	5	9	9	6	17
Samtals	-	-	866	708	832	-
Fjöldi tegunda	-	-	19	19	19	19

Tafla nr. 1. Fuglavarp í Óshólmum Eyjafjarðarar, norðan gömlu brúanna.

Heimild: Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen.

Skordýralíf er talið fremur fjölbreytilegt á þessu svæði og skráðar eru 370 tegundir skordýra í Eyjafirði. Af köngulóm eru skráðar 36 tegundir og 17 tegundir af land- og vatnasniglum. Um önnur smádyr er lítið vitað. Nákvæmar rannsóknir á þessu sviði hafa einungis farið fram á takmörkuðum svæðum við Eyjafjörð og þá aðallega í Arnarneshreppi.


Upp í Eyjafjarðará gengur talsvert magn af bleikju, en mun minna af laxi. Af öðrum stöðum þar sem bleikja veiðist má nefna Þverá efri og neðri, Núpá úr Sölvadal ásamt Hólavatni. Víða í lækjum er að finna smásilung og hornsíli, en þau finnast einnig víða í tjörnum.

2.4. Veðurfar



Næsta veðurathugunarstöð á svæðinu, þar sem fram fara alhliða veðurathuganir, er á **Akureyri**. Að mestu verður að notast við upplýsingar sem unnar hafa verið eftir veðurathugunum þar. Í Eyjafjarðarsveit eru gerðar veðurathuganir á einum stað, þ.e á Torfum; þar er skeytastöð. Tölulegar upplýsingar vegna mælinga þar fengust ekki yfir nægilega langt tímabil, þannig að samanburður við Akureyri reyndist torveldur.

Hiti: Hitamælingar á Akureyri ná aftur til ársins 1882. Meðalárshiti á Akureyri á árunum 1980-1999 var frá 2,3° og upp í 4,6°C. Lægsta meðalhitastigið var árið 1981, en það hæsta var 1987 og 1992. Júlí er hlýjasti mánuðurinn og þá er meðalhitinn á bilinu 7,5°C-12,7°C, en janúar kaldastur, en þá er hitastigið frá 4,7°C (frost) og upp í 2,9 hita. Á öllu tímabilinu var meðalhitinn -1,8°C.




Mynd nr. 1. Hiti, meðaltalstölur, Akureyri 1960-1999.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Síðustu hundrað árin hefur sumarhitinn ekki breyst verulega á Akureyri, en vetur voru kaldari fram um 1920. Meðalhiti janúarmánaða á tímabilinu 1882-1921 var -3,0°C, en árin 1931-60 var meðalhitinn -1,5°C (frost). Síðan kólnaði á ný og meðalhitinn á tímabilinu 1951-1980 var -2,1°C. Kaldast varð í janúar 1918 -13,5°C (frost) að meðaltali og því næst 1886 -10,0°C. Hæsti meðalhiti í janúar hefur orðið 3,2°C 1947. Hámarkshiti einstakra daga nær stundum 20°C að sumri til. Slíkir dagar voru til jafnaðar 6 samtals mánuðina júní-ágúst á árunum 1965-1980 og einstaka sinnum koma svo hlýir dagar í maí og september.

Hitamælingar eru almennt gerðar í 2 m hæð yfir jörð. Samkvæmt slíkum mælingum fer hiti niður fyrir frostmark að meðaltali í 117 daga frá nóvember til mars frá upphafi mælinga.



Mynd nr. 2. Hiti eftir mánuðum, meðaltalstölur, Akureyri 1951-1980 og 1980-1999. Heimild: Veðurstofa Íslands.

Munurinn á hita í 2 m hæð og hita niður við jörð getur orðið verulegur á kyrrum nóttum og heiðskírnum dögum. Því eru frostdagar við jörð fleiri en í 2 m hæð. Að vetri til fer frost alloft niður fyrir -10°C . Frost fer stöku sinnum niður fyrir -20°C á Akureyri.

Frosthætta fer mjög eftir landslagi. Hún vex eftir því sem fjær dregur sjó og herra til fjalla og verður mest í lögðum þar sem loft verður kyrrstætt þegar vindur er hægur.

Einkenni vetrarhita á Íslandi öllu eru all tíðar vetrarhlákur, en þó er minna um þær á Norðurlandi en sunnanlands. Hlákur voru stuttar eða aðeins einn eða tveir dagar í senn í rösklega helmingi tilvika, en í 5% tilvika stóð hláka í 10 daga eða lengur.

Miðað við ýmis grannhéruð norðanlands virðist loftslag í Eyjafirði vera óvenju hentugt fyrir ræktun. Í þessu sambandi má nefna að kartöflu- og jafnvel kornrækt hefur hvergi heppnast betur á Norðurlandi. Venjulega hefst túnsláttur einna fyrst á landinu á þessu svæði. Skógræktarskilyrði eru einnig talin góð og kalhætta vegna hláku og sveflmyndunar er minni í Eyjafjarðarsveit en víðar annars staðar í firðinum. Hið hagstæða veðurfar er fyrst og fremst að þakka legu sveitarfélagsins, í miðju þess fjallabákns sem umlykur það.

Úrkoma: Úrkoma í Eyjafirði er breytileg eftir afstöðu til fjalla og hæð yfir sjó. Mælistaðir eru hins vegar fáir og þess ber að geta að úrkomumælar ná ekki allri úrkomu sem á mælistöð falla.


Úrkoma hefur verið mæld á Akureyri í tæp 80 ár og ársúrkomun hefur lítið sem ekkert breyst ef borin eru saman 30 ára tímabilin 1931-60 og 1951-80. Ársúrkomun var á tímabilinu 1951-80; 472 mm og samkvæmt tiltækum mælingum frá Torfum í Eyjafjarðarsveit, Víkurbakka á Árskógsströnd og Tjörn í Svarfaðardal er ársúrkomun inni í Eyjafjarðardalnum og út með vesturströndinni til Dalvíkur svipuð og á Akureyri, um 470 mm á ári.

Úrkomun á Akureyri er minnst í maí eða 15-20 mm, en mest í október til desember, mánaðarhámark 50-90 mm. Rösklega helmingur ársúrkomunnar er snjór eða slydda. Dagar sem snjókomu eða slyddu varð vart á Akureyri voru til jafnaðar 93 árin 1971-80, en regndagar voru 75. Snjókomu eða slyddu verður vart fáeina daga í maí í flestum árum, sárasjaldan í júní og ágúst, en oftast eru nokkrir snjókomudagar í september. Á Akureyri mældist einhver úrkoma til jafnaðar í 168 daga á árunum 1972-80 og þar af í 92 daga á bilinu 1-10 mm. Dagar með mikilli úrkomu, 10 mm eða meira, eru mjög fáir, tæplega 1 á ári. Langmesta sólarhringsúrkomu sem mælst hefur á Akureyri er 92 mm.

Raki: Meðalrakastig var 82% árin 1971-80, lægst í júní 76%, en hæst 88% í desember.

Snjór á jörð: Á íslenskum veðurstöðvum er daglega athugað hve mikill hluti jarðar á stöðinni er hulin snjó. Á Akureyri var snjólag samkvæmt þessari skilgreiningu 80-85% mánuðina desember til febrúar 1971-80, 60-70% í nóvember og mars, 40% í apríl og 20% í október, en 2-6% í maí og september.

Snjódýptarmælingar eru mjög erfiðar og snjóalög mjög breytileg eftir landslagi. Gera má ráð fyrir að mesta snjódýpt geti víðast orðið 2 m þar sem snjór er jafnfallinn. Mælingar á Torfum benda þó til að þar sé snjóléttara en utar í firðinum. Meðalsnjódýpt þegar alhvítt er hefur reynst um 10 cm á Torfum, en á Vöglum í Fnjóskadal, þar sem snjódýpt er mest, er hún meira en 20 cm alla vetur og oft meiri en 30 cm.




Mynd nr. 3. Úrkoma, meðaltalstölur, Akureyri 1951-80.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Sólskin-skýjafar-þoka: Sólskinsstundir á Akureyri voru 1.031 á ári að meðaltali 1951-1980, flestar í maí 177 og 173 í júní, en í desember er sjaldan mælanlegt sólskin. Fjöllin skerða þann tíma sem sól sést frá byggðum Eyjafjarðarsveitar. Á heiðskírum dögum í júní er sólskinsstundafjöldi að meðaltali 17,8 en í maí 15,9. Í maí mælist því sólskin 36% af þeim tíma sem mest gæti verið ef alltaf væri heiðskírt, en í júní er hlutfallið lægra eða 32%. Þetta hlutfall er 31% í apríl, júlí og ágúst, 22-27% í febrúar, mars, september og október, en lægra skammdegismánuðina nóvember til janúar. Dagur er því aðeins talinn heiðskír að skýjahula sé til jafnaðar minni en 1/3 af himinhvolfinu og miðað við þá skilgreiningu eru heiðskír dagar fáir á Íslandi.

Þoka er því aðeins talin í veðurskýrslum að skyggni sé minna en einn kílómetri. Samkvæmt þeirri skilgreiningu var þoka á Akureyri aðeins 16 daga á ári að meðaltali 1971-80. Fjöldi þokudaga er þó mjög misjafn eftir árferði, t.d. voru þeir til jafnaðar 30 á ári á hafísárunum 1965-1971. Þoka er tíðari út með firðinum og þegar hærra dregur, en fátíðari innar í firðinum.




Mynd nr. 4. Veður, meðaltalstölur, Akureyri 1971-1980.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Vindar: Í Eyjafirði er skjólsælt, sérstaklega eftir því sem innar er komið í dalina. Þó verða fárvíðri stöku sinnum hvar sem er í firðinum. Meðalvindhraði á árunum 1971-80 var 3 m/sek á Torfum, en 4,5 m/sek á Akureyri. Júlí var lygnastur með 2,5 m/sek á Torfum, en 4 m/sek á Akureyri. Á Akureyri er hvassast í nóvember, 5 m/sek á Akureyri. Á Torfum var veðurhæðin að jafnaði mest í apríl þessi ár, 3 m/sek. Vindhraði neðan við 5,5 m/sek jafngildir 1-3 vindstigum, þ.e. golu eða minni vindi.

Hvassviðri (8 vindstig 17,2-20,7 m/sek), stormur (9 vindstig 20,8-24,4 m/sek) eða meiri veðurhæð er sjaldgæf. Árin 1971-80 komst veðurhæð til jafnaðar í 8 vindstig 13-14 daga á ári á Torfum og Akureyri. Stormdagar voru 5 á ári á stöðvunum inni í Eyjafirði.

Samkvæmt vindhraðamælingum á Akureyri verður að gera ráð fyrir að vindur komist þar í 42 m/sek einu sinni á 50 árum og 34 m/sek á 10 ára fresti. Þessar tölur gilda fyrir 10 m hæð yfir jörð og meðalvindhraði í 10 mínútur. Hvassara getur orðið í hviðum og má reikna með að mesta hviða á 50 ára fresti sé um 50 m/sek og á 10 ára fresti 41 m/sek. Hvergi er ráðlegt að reikna með mesta meðalvindhraði undir 42 m/sek og þar sem staðhættir magna vind í vissum áttum þarf að gera ráð fyrir 55-60 m/sek. Í nágrenni hárra og brattrra fjalla slær heiftarlegum byljum stundum niður. Vindrósir fyrir Akureyri sýna þetta glögt. Vindurinn blæs yfirleitt inn og út eftir firðinum, en vindáttir þvert á hann eru fátíðar. Inn á Torfum eru norðan- og sunnanáttir langtíðastar. Vindrósir sýna að á Akureyri eru norðan- og norðvestanáttir mun tíðari að sumarlagi og að sama skapi dregur þá úr suðaustlægum áttum. Hér kemur hafgolan til. Hafgolu gætir inni í Eyjafirði á sólríkum sumardögum. Hafgolan nær sjaldnast í meira en 600 m.y.s.



Mynd nr. 5. Vindur, meðaltalstölur 1971-80, Akureyri.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Mengunarhætta: Í kyrru veðri kemur fyrir að fremur kalt loft er næst jörðu, en hlýrra þegar hærra dregur. Við slíkar aðstæður og raunar einnig ef loft kólnar lítið upp á við berst reykur eða önnur mengunarefni ekki hátt upp, heldur dreifast lárétt eða safnast á litlu svæði. Lyktar frá húsdýraáburði gætir oft þegar borið er á tún og flög.

Við gerð svæðis- og aðalskipulags skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og áliti eftirlitsaðila, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 ásamt síðari breytingum.

Hafís: Hafís var alltförur við norðanvert landið fyrr á öldum. Á 19. öld er t.d. talið að komið hafi 12 mjög mikil hafísár eða áttunda hvert ár að jafnaði og 43 ár að auki voru ísár, þar af rúmlega helmingur talsverð eða mikil. Á síðustu öld voru þrjú ísár (1902, 1918 og 1968) sé miðað við sams konar skilgreiningu, en önnur ísár 26, flest lítil, nokkur talsverð og þrjú sem gætu kallast mikil. Hafísár á þeirri öld hafa einkum komið á tveimur tímasteiðum, annars vegar á tveimur fyrstu áratugum aldarinnar, en hins vegar á árabílinu 1965-1971. Að öðru leyti var tímabilið 1919-1964 ýmist íslítið eða íslaut við landið. Eftir 1971 mætti að auki telja árið 1979 til talsverðra ísaára.

2.5. Flóð

Flóðslétta Eyjafjarðarár er langstærsta flóðasvæði Eyjafjarðar. Í greininni „Flóð og flóðahætta“ fjallar Sigurjón Rist m.a. um flóðahættu á þessu svæði. Orðrétt segir þar: „Það kemur í ljós, að ofsafloðin stafa af samspili margra þátta. Fyrsta stigið er stórfloð ána inn í dölum Eyjafjarðar. Það eitt er ekki nægilegt til að setja allt láglendið á kaf. Sjávarstaðan við ósasvæðið fyrir botni fjarðarins skiptir miklu máli. Há sjávarstaða nær að hindra rennslið marga kílómetra inni landi. Há sjávarstaða getur stafað af ýmsum ástæðum eins og alkunna er, t.d. háflóði sjávarfallastraums, áhlaðandi hafátt, lágum loftþrýstingi o.m.fl. Þá getur staðið svo á, að rennslið eigi ógreiða leið til sjávar sökum þess að aðalfarvegur sé í slæmu ástandi sem kallað er, þ.e.a.s. hafi óvenjulitla flutningsgetu vegna íss, aurs, sé jafnvel að einhverju leyti hindraður af gróðri eða verklegum framkvæmdum, og margt fleira getur torveldað eðlilegt rennsli. Suma þessa þætti er hægt að reikna út, bæði tíðni þeirra og hversu mikilli vatnsborðshækkun þeir geta valdið.“

Síðar segir í greininni: „Í miklu leysingarveðri í júní 1949 stóðu aðeins blábakkarnir uppúr vatni, og heyrta hefi ég, að öll flóðaslétta fari undir vatn einu sinni á 70 árum. Framtíðin gerir sig ekki ánægða með þessa vitneskju eina, sem er nokkurs konar goðsögn. Ísstíflur á vetrum er áhrifamikill þáttur sem spennir vatnsstöðuna hátt upp, en hver eru efstu mörk á hverjum stað þarf að skrá. Umsagnir um flóðasléttur hvar sem er á landinu eru áþekkar þessari lýsingu.“

Flóðslétta Eyjafjarðarár nær með litlum halla allt að 17 km inn í Eyjafjarðarsveit, frá óshólmum árinna inn að Grund. Flóðahætta er á allri þessari sléttu, en ofar tekur við eldri framburðarslétta, Melgerðismelar. Þar ofan við hafa einnig orðið flóð í Eyjafjarðará.

Flóðahætta veldur því að gæta verður aðhalds í uppbyggingu í Reykárhverfi næst ánni. Að líkindum þurfa að koma til einhverjar flóðavarnir á svæðinu frá Miðbraut norður með ánni, þar sem íþróttavöllur og tjaldsvæði eru. Íbúðarbyggð þar norðan við þarf að takmarkast við ákveðna lágmarksfjarlægð frá Eyjafjarðará og gera verður ráð fyrir að hækka þurfi land þar sem byggt verður. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýjum vegi frá Grísará að Miðbraut, sem mun verða byggður út í Eyjafjarðará með fyllingum.

Ofanflóð eru nokkuð algeng á tilteknum svæðum í Eyjafjarðarsveit og er þá sérstaklega um að ræða jarðvegsskriður.

Ofanflóð eru flokkuð snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram. Í annálum er getið snjóflóða sem valdið hafa tjóni á mönnum, mannvirkjum og búfænaði, en þau eru þó ekki mjög algeng í Eyjafjarðarsveit.

Eins og kemur fram í umfjöllun um jarðfræði svæðisins hafa berghlaupin flest fallið skömmu eftir ísöld og ekki er vitað með vissu um að berghlaup hafi fallið við Eyjafjörð eftir landnám, þannig að þau skapa ekki beina hættu.

Í ritinu „Skriðuföll og snjóflóð“ (1992) er nokkuð ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar ná og allt til árána 1990 og 1991, en eftir það greinir frá nokkrum ofanflóðum sem Halldór G. Pétursson hefur skrásett allt til ársins 2001.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar er nauðsynlegt að kynna sér enn frekar einstök svæði vegna skipulagstillagna, s.s. vegna frístundabyggðar, vegagerðar, útivistarsvæða eða annarrar landnotkunar.

Hér á eftir er greint frá nokkrum af þeim **snjóflóðum og skriðuföllum og því grjóthruni**, sem orðið hefur í Eyjafjarðarsveit frá landnámi til ársins 2001. Stuðst er við heimildir úr áður nefndu riti.

Það ber að taka skýrt fram að hér er eingöngu um að ræða upptalningu skráðra atburða. Ekki liggja neinar vísindalegar úttektir fyrir einstök atriði og þaðan af síður hefur verið unnið lögformlegt hættumat á viðkomandi stöðum.

Á skýringaruppdrætti E eru sýnd þau svæði og staðir þar sem helstu snjóflóð, skriður og grjóthlaup hafa fallið og eru þau tölusett í samræmi við þá upptalningu sem hér fer á eftir.

Vísað er til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og ennfremur til reglugerðar nr. 647/1997 sem fjallar um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Loks skal bent á reglugerð nr. 163/1998 sem tekur á meðferð skipulagstillagna og veitingu byggingarleyfa í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Þar sem fyrir liggja niðurstöður Veðurstofu Íslands um hættumat vegna ofanflóða skulu þær birtar sem fylgiskjal með skipulagsáætlun.

Snjóflóð:

1. Þrjúgsá, líka nefnd Strjúgsá, varð fyrir snjóflóði árið **1682**, gripahús og tún skemmdust.
2. Snjóflóð tók mikið af túni í landi Kambfells árið **1721**.
3. Kona fórst í snjóflóði í Bíldsárskarði í Kaupangssveit árið **1783**.
4. Piltur fórst í snjóflóði í Miklagarði árið **1850**.
5. Á Þröm í Garðsárdal fórst maður í snjóflóði árið **1862**.
6. Á Anastöðum í Sölvadal féll snjóflóð, tjón varð á búsmala og túnunum árið **1871**.
7. Gripir töpuðust í snjóflóðum á Draflastöðum í Sölvadal árið **1877**.
8. Snjóflóð varð árið **1878** að Hólum í fyrrum Saurbæjarhreppi, maður bjargast úr flóðinu.
9. Maður fórst í snjóflóði í Skjöldal árið **1913**.
10. Páskahlaup árið **1919** urðu víða á Eyjafjarðarsvæðinu, þau urðu einkum í fyrrum Saurbæjarhreppi og Öxnadal. Gripahús og skepnur töpuðust.
11. Snjóflóð í vestanverðri Vaðlaheiði olli skemmdum á símalínum o.fl. árið **1930**.
12. Árið **1953** féllu snjóflóð víða inni í Eyjafirði án þess að alvarlegt tjón hlytist af.
13. Mikið tjón varð á raflínum víða á Eyjafjarðarsvæðinu árið **1991**.

Skriður og grjóthlaup:

1. Annálar greina frá skriðum um **1580** í Eyjafirði, jarðanna er þó ekki getið.
2. Tvær konur og þrjú börn létust í skriðu á jörðinni Björk í Sölvadal árið **1689**. Miklar skemmdir urðu víðar í dalnum, t.d. á Finnastöðum og Kerhóli.
3. Hólastekk, eyðihjáleigu frá Hólum, tók af í skriðu um **1698**.
4. Hleiðargarðskot tók af í grjóti og leir sem varð laust í miklum leysingum árið **1705**. Í Hlíðarhaga eyðilagðist mikill hluti túns í skriðu þetta sama ár.
5. Skriða hljóp á Þrjúgsá í Djúpadal, nú Strjúgsá, árið **1759**. Þar fórst bóndi.
6. Margar skriður féllu í Eyjafjarðarsveit árið **1795**. Sú stærsta féll á Guðrúnarstöðum.
7. Fimm jarðir í Eyjafjarðarsveit urðu fyrir skemmdum árið **1805**, þeirra er eigi getið í heimildum.
8. Guðrúnarstaði tók af og tvær aðrar jarðir þar árið **1811**.
9. Árið **1853** féll skriða utan við Guðrúnarstaði og niður í Eyjafjarðará.
10. Skriða féll á Brekku í Kaupangssveit árið **1858** og skemmdi tún og engi.
11. Jarðföll urðu í stórrígingum í Öxnafellskoti og Björk í Sölvadal, einnig á Þrjúgsá (Strjúgsá) í Djúpadal árið **1866**.
12. Skriðuföll urðu inni í Eyjafjarðarsveit árið **1877**.
13. Í rigningar- og leysingaveðri árið **1925**, sem olli skriðum, urðu skemmdir allvíða í Eyjafjarðarsveit.
14. Skemmdir urðu árið **1926** á Helgastöðum og einnig í Sölvadal.
15. Skriða féll á bæinn Jökul árið **1933**, þetta gerðist eftir mikla og staðbundna rigningu.
16. Miklar skriður hlupu árið **1935** víða í Eyjafirði.
17. Mikil skriða féll árið **1938** sunnan Hleiðargarðs, lokaði vegi og féll niður í Eyjafjarðará.
18. Í miklum vatnavöxtum féllu skriður hjá Leyningi árið **1939**.
19. Árið **1946** urðu skemmdir af völdum skriðufalla á jörðunum Tjörnum, Halldórsstöðum og Vatnsenda.
20. Mikil skriða féll rétt við bæjarhúsin á Draflastöðum í Sölvadal árið **1949**. Þá féllu einnig skriður við Hleiðargarð.
21. Við Ártún féll skriða árið **1956**.

22. Skriða féll árið **1964** við Stekkjarflatar.
23. Skriða féll árið **1972** við Grænuhlíð.
24. Jarðvegsfylla hljóp úr bröttum bakka skammt norðan við bæinn Hvamm árið **1978**, hitaveituæð HA skekktest.
25. Skriða féll árið **1988** á Garðsárdal og olli miklum gróðurskemmdum.
26. Aurskriða féll árið **1989** í mynni Sölvadals og samkvæmt skýrslu sem Halldór G. Pétursson jarðfræðingur hefur tekið saman (1990) hafa aurskriður fallið fjórum sinnum á öldinni í Sölvadal. Nú er dalurinn að mestu kominn í eyði.
27. Skammt norðan Eyvindarstaða í Sölvadal féll skriða árið **1990**.
28. Skriður féllu í Eyjafjarðardal og ollu gróðurskemmdum árið **1991**.
29. Skriður féllu úr Kaupangssveitarfjalli árið **1994**. Þessar skriður ollu skemmdum á túnnum og girðingum.
30. Við vorleysingar féllu skriður víða um Eyjafjörð árið **1995**. Mest voru þó skriðuföllin í Sölvadal. Seinna um sumarið féll risastór skriða úr fjallinu ofan við bæinn Þormódsstaði í Sölvadal.
31. Í miklum umbreytingum í veðri hinn 20. desember **2006** varð verulegt tjón á Djúpadalsvirkjun þegar efri stíflan í virkjuninni brast eftir mikið úrhelli. Það leiddi til þess að fljóðbylgja æddi niður ána og rauf Eyjafjarðarveg vestri meðal annars með þeim afleiðingum að bíll hafnaði ofan í ánni. Manni sem var í bílnum var bjargað úr honum og varð ekki meint af. Stöðvarhúsið skemmdist allmikið. Sama dag féllu tvær aurskriður við Grænuhlíð, sú fyrri á íbúðarhúsið og gripahúsin. Fimmtán kálfar drápu í skriðunni. Fólkið komst í öruggt skjól. Ekki varð verulegt tjón í seinni skriðunni. Um svipað leyti féll að minnsta kosti hundrað metra breið skriða á þjóðveginn við Kolgrímustaði og þurfti að loka vegum á svæðinu um stund. Margar minni skriður sem ekki ollu tjóni féllu víðar í innanverðri sveitinni á næstu tveimur sólahringum.

Það er ljóst að gera þyrfti nánari könnun og skrá ofanflóðahættu á svæðinu, sbr. lög nr. 28. 4. júní 1985, sem fjalla um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

2.6. Jarðskjálftar

Eyjafjarðarsveit er utan þess svæðis við Eyjafjörð þar sem gera má ráð fyrir stórum jarðskjálftum einu sinni á öld. Þetta svæði flokkaðist undir álagssvæði 2 (næstmínst áhætta) samkvæmt ÍST 13/1086 sem skipti landsvæðum í 4 flokka. Í mestu skjálftum, t.d. 6-7 á Richter-kvarða, koma áhrif skjálfta þó fram. Af slíkum sjálftum má nefna Dalvíkurskjálftann 1934, skjálftann sem átti upptök í mynni Skagafjarðar 1963 og jarðhræringar í nánd við Grímsey og norðan Skjálfandaflóa.

Nýr staðall sem leysir hinn eldri af hólmi: Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn **EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures**, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali **FS ENV 1998-1-1:1994** er Eyjafjarðarsveit á hönnunarhraðasvæðinu 0,20 og 0,3.

2.7. Náttúruminjar

Ekki hefur verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál hér á landi, en í gildi eru fjölmörg lög og reglugerðir sem taka til flestra þátta þessara mála. Umhverfissráðuneytið hefur nú lokið endurskoðun fyrri laga um náttúrvernd þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi, sjá lög nr. 44/1999.

Rannsóknir á náttúru Íslands eru mjög misjafnlega langt á veg komnar og ennþá eru víðáttumikil svæði að miklu leyti ókönnuð. Á forgangslista eru oft þau svæði sem þéttbýlust eru eða í nálægð þeirra. Þetta á einnig við um þau svæði þar sem minjar er að finna, gert er ráð fyrir frístundabyggð eða skógrækt er fyrirhuguð.

Lög sem ná til verndunar íslenskrar náttúru tóku fyrst gildi árið 1971. Í endurskoðuðum lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 segir að tilgangurinn sé að stuðla að samskiptum manns og umhverfis, þannig að ekki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi Náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um öflun gagna vegna viðbóta og undirbúnings heildarútgáfu náttúruminjaskrár. Sjöunda útgáfa Náttúruminjaskrár, sem síðast var gefin út af Náttúruverndarráði árið 1996 (hefur að hluta verið endurskoðuð), kveður á um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Í samræmi við ný lög um náttúruvernd skal umhverfissráðherra gefa út Náttúruminjaskrá fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Á

náttúruminjasrá eru svæði, 402 talsins í landinu öllu, sem ekki eru friðlýst enn sem komið er, en hafa til að bera eitthvað sem er mikils virði og verður ekki bætt sé því raskað. Náttúruminjasrá er ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum og vera grundvöllur viðræðna við rétthafa um þessi efni. Skráin á einnig að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands. Á náttúruminjasrá eru upplýsingar um stærð og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig.

Í Eyjafjarðarsveit eru, samkvæmt lögum um náttúruvernd, ekki friðlýst svæði, en tvö eru á náttúruminjasrá:

- 1) **Hólmarnir:** A) Óshólmur Eyjafjarðarár ásamt fjöllum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. B) Marflöt flæðilönd, árhólmur, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar er á þessu svæði. Svæðið kom á skrá í 1. útgáfu, árið 1975.
Nánari lýsing (svæðislýsing): Óshólmur Eyjafjarðarár eru mjög mikilvægir fyrir fuglalíf. Leirurnar og flæðingjarnar eru auk þess mikilvægar fyrir vaðfugla og endur á Norðurlandi, sérstaklega um fartímann vor og haust. Frá og með árinu 1988 hafa farið fram nær árlegar talningar á varpfuglum í óshólmunum. Tafla nr. 12 í kafla 2.3 sýnir fjölda verpandi para á árunum frá 1988-1990. Talningin var yfir hólmana norðan gamla þjóðvegarsins milli vestustu og austustu kvísla Eyjafjarðarár. Árlega verpa tæplega 20 tegundir á svæðinu. Rétt er að geta þess að sumar tegundir eru mjög fálíðar, eitt til þrjú pör. Af þeim tegundum sem mest er af er fjöldi para allt að 400 talsins. Í hólmunum er langstærsta hettumáfavarp í Eyjafirði. Í ljósi þess að fuglalífið er óvenju fjölskrúðugt var nauðsynlegt að taka ákvörðun um friðun eða verndun svæðisins. Þetta svæði nýtur nú hverfisverndar eins og fram kemur hér að aftan.
- 2) **Leyningshólar og Hólahólar:** A) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegars í innanverðum Eyjafirði. B) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og skógarleifum. Fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði. Svæðið kom á skrá í 3. útgáfu árið 1981.
Nánari lýsing (svæðislýsing): Birkiskógur og framhlaup, tjarnir og fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði. Skógurinn er hávaxinn og fallegur og er hann síðustu skógarleifar í innanverðum Eyjafirði. Skógurinn var girtur og friðaður fyrir beit 1937-1938 og hefur þar gætt nokkurrar sjálfsáningar. Í skóginn hefur verið plantað innfluttum trjátegundum og er þar t.d. lerkilundur. Á svæðinu er forn dys, völuleiði, hjá Tjarnargerðisvatni, sem Jónas Hallgrímsson náttúrufr. skoðaði á sínum tíma.

Um náttúruverndaráætlun 2004-2008:

Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúruverndaráætlun 75 svæða. Friðlýsing allra þessara svæða ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna mun tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrlegru birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa. Tillögur um svæðisbundna friðun eru fæstar nýjar, því 68 svæðanna (88%) eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjasrá og eða nefnd í öðrum heimildum.

Náttúruverndaráætlunin, sem nær til árána 2004-2008, var samþykkt á 130. löggjafarþingi. Samkvæmt þessari samþykkt skal á næstu árum vinna að friðlýsingu 14 svæða, en ekkert þeirra er innan Eyjafjarðarsveitar. Í skýrslu Umhverfisstofnunar, „Náttúruverndaráætlun 2004-2008 -Aðferðafræði-Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar“, er lagt til að svæðið Leyningshólar og Hólahólar verði friðlýst.

Þegar fyrsta tillaga að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar var í vinnslu árin 1984-86 var þess farið á leit við Náttúrugripasafn Akureyrar að látnar yrðu í té upplýsingar um svæði sem sérstaklega bæri að vernda og aðrar náttúruminjar í Eyjafirði og Fnjóskadal. Tillögur Náttúrugripasafnsins voru töluvert ítarlegar, enda þótt talið sé að kanna þurfi svæðin mun betur. Líklegt er að sumt verði samþykkt að færa inn á náttúruminjasrá, en annað síður.

Skilgreining náttúruminjasflokka, samkvæmt Náttúrugripasafni Akureyrar, eru eftirfarandi:

- Fl. I.: Verðmætar minjar, lítið má við þeim hrófla og nauðsynlegt er að skrá þær sem opinberar náttúruminjar og jafnvel að friðlýsa þær sem kunna að vera í hættu.
- Fl. II.: Minjar sem ætti að verja fyrir öllu meiriháttar jarðraski eða landbreytingum.
- Fl. III.: Öll röskun ætti að vera undir eftirliti.

Aðrir staðir en þeir tveir sem eru á náttúruminjasrá nr. 509 og 510 og nefndir eru í tillögu um náttúruminjar eru 169. Þeir staðir sem hér eru taldir upp eru einungis þeir sem eru í efsta verndarflokki, þ.e. flokki I, og eru þeir sex talsins.

401 Möðrufellshraun	I.	434 Djúpadalsárgil	I.
475 Hólahólar	I.	443 Leyningshólar	I.
532 Þverárgil ytra og Garðsárgil	I.	557 Eyrarlands- og Varðgjárhólmur	I.

Tafla nr. 2. Náttúruminjar, tillaga (NA) um hverfisvernd.

Heimild: SSE-febrúar 1987.

Númer þeirra staða sem upp eru taldir byggjast á sérstöku korti sem fylgdi tillögunni frá Náttúrugripasafni Akureyrar (NA). Þessir staðir hafa verið skoðaðir með tilliti til hverfisverndunar, sjá kafla 2.1.3.-Grg.-I og eftirfarandi kafla. Niðurstöður sveitarstjórnar varðandi hverfisverndun takmarkast við eitt svæði enn sem komið er, þ.e. Óshólma Eyjafjarðarar.

2.7.1. Hverfisvernd

Hverfisverndarsvæði í Eyjafjarðarsveit afmarkar Óshólma Eyjafjarðarar (HV1). Sjá kafla 2.1.3.-Grg.-I.

Óshólmar Eyjafjarðarar

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ásamt bæjarstjórn Akureyrar og Flugmálastjórn Íslands gert samþykkt um friðland og útivistarsvæði í Óshólum Eyjafjarðarar. Þessi samþykkt var undirrituð hinn 5. júní 1998.

Mörk svæðisins eru þessi:

Að norðan ræður Leiruvegur. Að austan ræður Eyjafjarðarbraut eystri, að vestan ræður Drottningarbraut og Eyjafjarðarbraut vestri, flugvallarsvæði er þó undanskilið. Að sunnan suðuroddi Staðareyjar. Frá Staðarey til austurs á landamerkjum Þórustaða og Grafar að Eyjafjarðarbraut eystri. Mörk svæðisins í Eyjafjarðarsveit eru sýnd á sveitarfélagsupprætti.

Samþykktin gerir ráð fyrir að umsjón með svæðinu sé í höndum fimm manna nefndar, þar sem tveir eru tilnefndir af Eyjafjarðarsveit f.h. landeigenda í lögsagnarumdæmi sveitarinnar, tveir eru tilnefndir af Akureyrarbæ og einn af Flugmálastjórn Íslands.

Fyrir liggur deiliskipulag fyrir allt svæðið og er þar gert ráð fyrir ákveðinni aðstöðu til útivistar og einnig lögð áhersla á verndunarsjónarmið.

HELSTU ATRÍÐI SAMÞYKKTAR UM VERNDUN ÓSHÓLMA EYJAFJARÐARAR:

1. Gamla þjóðveginum nr. 1 um hólmana verður haldið við sem stofn-, göngu- og reiðleið um svæðið.
2. Eyjafjarðarbraut eystri og vestri. Göngu- og reiðleiðir út frá stofnbraut verða lagðar samkvæmt skipulagi fyrir svæðið.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum.
4. Hefðbundar nytjar landsins eru leyfilegar, s.s. heyskapur, beit og kartöflurækt.
5. Umferð hverskonar vélknúinna tækja er óheimil á svæðinu. Undantekning er vegna hefðbundinna nytja í landinu og vegna umsýslu og eftirlits. Þá er heimil umferð vélsleða á ís eftir farvegi Eyjafjarðarar.
6. Mannvirkjagerð og hverskonar annað jarðrask annað en lagfæring göngu- og reiðleiða er þar óheimil.
7. Lagning raflína um svæðið er háð samþykki sveitarstjórna. Ef af lengingu flugbrautar verður skv. skipulagi, þarf að færa aðkomu að göngu- og reiðleið sunnar en nú er.
8. Umsjón með svæðinu er í höndum 5 manna nefndar. Hlutverk hennar er að gera tillögur að skipulagi svæðisins og um framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar; að veita leyfi til takmarkaðra skotveiða; að fylgjast með að hefðbundnar nytjar landsins samræmist friðun og útivist og að safna upplýsingum um náttúrufar svæðisins.

2.8. Miðhálandishluti Eyjafjarðarsveitar

Helsta einkenni miðhálandissvæðis Eyjafjarðarsveitar er víðáttumikil háland auðn og lítt gróin. Fyrir utan jökla er þetta eitt hálandasta svæði Íslands. Aðeins hluti svæðisins er náttúruverndarsvæði. Þar er ekki friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum. Um svæðið liggja ferðaslóðir, gamlar og nýjar, á milli þéttbýlissvæða.

Verndarsvæði Miðhálandis í Eyjafjarðarsveit er vestan Eyjafjarðardala og myndar það heild sem nær til norðurs á Tröllaskaga.

Vatnsverndarsvæði eru tvö:

1. Nýjabæjarfjall, eitt svæði. Geldingsá í 650-800 m.y.s. Lindir koma fram á setlögum í berglagastafla.
2. Eyjafjarðardalur. Lindir sem virðast spretta fram á lagmótum við innstu drög og austurhlíð (brúnir) innanverðs Eyjafjarðardals. Vatnsmegin eru líklega nokkur hundruð sekúndulítrar. Í um 600-900 m.y.s. í hlíð gegnt vegi í Laugafelli. Þetta svæði er sem heild lítt kannað.

Engir staðir eru friðlýstir á þessu svæði samkvæmt fornminjalögum nr. 107/2001.

Helstu **þjóðminjasvæði** sem þekkt eru (vettvangskonnnun hefur ekki farið fram):

Búsetuminjar:

1. Heimara-Sel (Ey-366:017).
2. Fremra-Sel (Ey-366:018).
3. Arnarstaðasel (Ey-375b:001).
4. Klaufárgerði í landi Tjarnar (Ey-369:020).

Samgönguleiðir:

1. Sankti-Pétur, varða (Ey-375b:003).
2. Hákarlatorfa, áningarstaður (Ey-275b:002).
3. Yfir Nýjabæjarfjall á leið yfir í Austurdal í Skagafirði (Ey-366:002).

Aðrar minjar:

1. Ævaforð afreittargirðing yfir Eyjafjarðardal (Ey-373b:006).
2. Fjórörður í landi Torfufells (Ey-366:022).
3. Æsustaðatungur, Kollshóll (legstaður) (Ey 377b:002).

Inn við Laugafell eru á uppdrætti merktir fimm staðir í Eyjafjarðarsveit sem skilgreindir eru sem þjóðminjasvæði. Þessir staðir eru:

1. Þórutóftir (SK-730:001).
2. SK-730:002
3. SK-730:003
4. SK-730:005
5. Þórunnarlaug (SK730-006).

Í Skipulagi Miðhálandisins er mælt með því að gert verði sérstakt **verndar- og kynningarátak við Laugafell** sem er forn áningar- og selstaður.

Hefðbundnar nytjar:

Í Eyjafjarðarluta skipulags Miðhálandisins er svæðið hagnýtt til beitar og þar eru ekki landgræðslusvæði. Engar afreittar- eða varnargirðingar eru á svæðinu.

Samgöngukerfi:

Í Eyjafjarðarluta skipulags Miðhálandisins eru eftirtaldir landsvegir:

1. Eyjafjarðarleið (F821). Úr byggð (frá Hólsgarði) inn í botn Eyjafjarðardals; samtals 36,99 km löng.
2. Dragleið (F881) upp úr Eyjafjarðarbotni um Laugafell á Sprengisandsleið (F26), 18,3 km. Óbreytt. Vegur sem skilgreindur er sem „einkavegir og aðrar ökuleiðir“ í Eyjafjarðarluta Miðhálandisins er **Vatnahjallaleið**, jeppafær vetrarslóð. Engin flugbraut er á svæðinu.

Eftirtaldir **reiðleiðir** eru á svæðinu:

1. Sprengisandsleið er hin hefðbundna reiðleið milli landshluta Norður- og Suðurlands. Vörðuð að hluta.
2. Frá Laugafelli að Nýjadal á núverandi Sprengisandsleið.
3. Milli byggða. Til Skagafjarðar um Laugafell.
4. Úr Eyjafjarðardölum á Sprengisand um Laugafell. Niður Bárðardal, austan eða vestan fljóts. Athyglisverð ferðaleið.

Eftirtaldir **aðalgönguleiðir** eru á svæðinu:

1. **Vatnahjallaleið**, til Skagafjarðar frá Eyjafjarðardölum.
2. **Af Vatnahjallaleið**, tengileiðir að Laugafelli og á Sprengisandsleið. Einnig mætti hugsa sér tengingu við hálendi Tröllaskaga.

Gömul samgönguleið (göngu- og reiðleið) var úr Villingadal í Austurdal í Skagafirði.

Í Eyjafjarðarluta Miðhálandisins er umhverfi Laugafells aðalferðamannasvæðið. Ein hálendismiðstöð, **Laugafell**, er á svæðinu sunnan Eyjafjarðardala. Þar eru heitar laugar og svæðið er á krossgötum milli landshluta og byggða. Þar eru fimm mannvirki. Engin svokölluð jaðarmiðstöð er á svæðinu, en sú næsta er Hrafnagil. Ekkert skálasvæði eða fjallasel er í Eyjafjarðarluta Miðhálandisins.

Önnur mannvirki í Eyjafjarðarluta Miðhálandisins eru þessi:

1. **Litlakot**, sem er skáli Landssambands ísl. vélsleðamanna (einkaskáli), vestan við Miðás. Skálinn er í um 1100 m.y.s.
 2. **Bergland**, sunnan Kerlingahjúks. Skálinn er í eigu vélsleðamanna.
 3. **Landakot**, er á Sprengisandi vestan við Bleiksmýrardrög.
- Austasti hluti vatnasviðs Austari-Jökulsár er innan Eyjafjarðarsveitar, en þetta svæði er skilgreint í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands sem orkuvinnslusvæði.

3.0. BYGGÐAFORSENDUR

3.1. Saga byggðar og þróun

Elstu heimildir um byggð í Eyjafjarðarsveit eru frá 13. öld, þar má m.a. nefna Landnámabók. Elstu skjalaheimildir um jarðir í Eyjafirði, sem tímasetja má með vissu, eru Auðunnarmáldagar frá 1318. Frá næstu öldum, þ.e. 14. og 15. öld, er að finna töluverðar heimildir um stöðu byggðar í Eyjafirði. Þessar heimildir finnast fyrst og fremst í máldögum klaustra og kirkna, og í jarðasöluþréfum.

Eyjafjarðarsveit og hluti alls Eyjafjarðarhéraðs er meðal þeirra svæða á Íslandi sem best eru fallin til landbúnaðar. Af þessum ástæðum er eðlilegt að unnt sé að rekja byggðasögu svæðisins til fyrstu landnámsmanna. Ýmis önnur umgjörð er einnig hagstæð í Eyjafirði, sem flýtt hefur fyrir búsetu, og má þá sérstaklega nefna góðar aðstæður til samgangna á sjó allt frá fyrstu öldum byggðar. Kristnes er talin fyrsta landnámsjörð Eyjafjarðar, þar hófu búskap þau Helgi magri og Þórunn hynna, kona hans. Sagt er að Helgi hafi úthlutað vinum og vandamönnum landsvæði til búsetu á álitlegustu stöðum héraðsins. Þetta voru jarðir eins og Espihóll, Munkapverá, Gnúpufell, Grund og Saurbær og eru þá aðeins nokkur dæmi talin. Grund er meðal hinna fornfrægu höfuðbóla á Íslandi, þar bjuggu Sturlungar á 13. öld. Meðal þekktra kvenna sem áttu þar heima voru þær Grundar-Helga, sem Helguhóll er kenndur við, og Þórunn, dóttir Jóns biskups Arasonar. Fyrrum höfðu sýslumenn Eyfirðinga oft ábúð og búsetu á jörðum í Eyjafjarðarsveit, s.s. á Espihóli og Grund. Þessar jarðir ásamt fleirum hafa orðið þekktar síðar meir fyrir að hýsa merkar kirkjur og klaustur, skáld og aðra þekkt einstaklinga sem of langt mál yrði upp að telja í greinargerð þessari.

Að öllum líkindum hefur jörðum í Kaupangssveit verið skipt úr 5 landareignum: Varðgjá, Kaupangi, „Fiskilæk“, Hóli og Garðsá. Flest bendir til að þessar skiptingar hafi verið um garð gengnar um 1300. Það að smárra jarða er getið strax um 1300 bendir til að snemma hafi orðið þéttbýlt í Kaupangssveit.

Í norðurhluta fyrrum Hrafnagilshrepps hefur þróunin að líkindum verið svipuð. Þar hefur þremur jörðum verið skipt í minni jarðir. Þetta eru landareignirnar Hrafnagil, Kroppur og Kristnes.

Öngulsstaðahreppur, Saurbæjarhreppur og Hrafnagilshreppur sameinuðust árið 1991 og varð þá til sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit. Eyjafjarðarsveit er nú blandað samfélag dreifbýlis og þéttbýlis, meðal hinna fjölmennustu af þeirri gerð.

Núverandi þéttbýliskjarnar eru tveir. Annar er **Reykárhverfi**, sem er norðvestan við Miðbraut, beggja megin Reykár, úr landi Hrafnagils og Grísarár. Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps ákvað árið 1969 að láta skipuleggja hluta þessa landsvæðis í tengslum við byggingu skólamannvirkja á Hrafnagili. Í þessu skyni keypti hreppurinn 5 ha land af eigendum Hrafnagils. Skipulagið gerði ráð fyrir 18 íbúðarhúsalóðum sunnan Reykár. Hreppurinn byggði fyrsta húsið og var flutt í það árið 1976. Nú er þetta svæði fullbyggt. Í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 var ákveðið að byggðin norðan Reykár yrði þéttuð. Þar hefur verið samþykkt deiliskipulag og jafnframt hefur verið gerð sú breyting á aðalskipulaginu að fimm nýjar einbýlishúsalóðir eru ráðgerðar sunnan Reykár, neðan skógarreits sem þar er. Norðan Reykár er gert ráð fyrir 21 einbýlishúsalóð og tveimur lóðum með samtals 8 íbúðum. Nokkur stakstæð einbýlishús á landi í einkaeign eru skilgreind sem hluti af þéttbýliskjarnanum. Á þessu svæði eru einnig tvær opinberar byggingar, leikskólinn Krummakot og samkomuhúsið Laugarborg. Þarna eru einnig veitingaskálinn Vín, Íslandsbærinn, garðyrkjustöðin Grísará og Jólahúsið, og gert er ráð fyrir einni nýrri þjónustulóð sunnan Laugarborgar. Íbúafjöldi í Reykárhverfi (á Hrafnagili) var 136 hinn 31. desember 2003.

Hinn þéttbýliskjarninn er **Kristnes**, en þar var byggt sjúkrahús fyrir berklaveika, nefnt Kristneshæli, fyrir tæpum 80 árum. Frumkvæði undirbúnings og byggingar fyrir berklasjúka á Norðurlandi kom frá norðlenskum konum. Hornsteinn að byggingunni var lagður 26. mars 1926 og hálfu ári seinna tók hælið til starfa. Þá voru sjúklingar 60 talsins. Frá þessum tíma fjölgaði sjúklingum til mikilla muna og fjöldi lækna, hjúkrunarliðs og annars starfsfólks ásamt fjölskyldum þess var mestur um 70 til 80 manns. Árið 1984 var nafni Kristneshælis breytt í Kristnesspítala og á síðari árum hefur hlutverk hans breyst. Rekstur spítalans er nú á vegum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, FSA. Þar er nú starfrækt öldrunarlækninga- og endurhæfingardeild. Íbúðir starfsmanna eru að mestu austan við spítalann og þar hefur lítill byggðarkjarni myndast. Þessi mannvirki eru öll í eigu ríkisins. Hús á staðnum voru hituð upp með heitu jarðvatni, úr Reykhúsalaug, en með borun á vegum hitaveitu Akureyrar þvarr laugin og er nú notað vatn úr borholu í Reykhúsalandi. Vestan og ofan spítalans er skógræktarland, um 23 ha að stærð. Íbúafjöldi í Kristnesi var 53 hinn 31. desember 2003.

Auk þessa ber að telja þau mannvirki sem risið hafa austan þjóðvegjar, þar sem eru Hrafnagilsskóli ásamt kennaraíbúðum og heimavist, íþróttahús, sundlaug, íbúðarhús fyrir skólastjóra. Eitt þriggja íbúða raðhús hefur risið á síðustu árum. Deiliskipulag gerir ráð fyrir níu íbúðum til viðbótar á þessu svæði. Norðan skólalóðarinnar er gert ráð fyrir íbúðarsvæði. Síðan tekur við ræktunarland ásamt gróðurhúsum Grísarar. Á stríðsárunum voru margir hermanskálar á Hrafnagili og eru menjar þeirra ennþá sýnilegar á nokkrum stöðum.

Tveir þéttbýliskjarnar eru í skipulagstillögu þessari skilgreindir sem einn, þ.e. **Reykár-** og **Ölduhverfi. Kristneshverfi** er utan þéttbýlissvæðisins en er sýnt á sama uppdrætti. Sjá þéttbýlisuppdrátt.

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir þéttingu byggðar í svokölluðu **Kaupangshverfi** sem nær frá jörðinni Austurhlíð að norðan og að suðurmörkum jarðarinnar Þórustaða. Svæðið nær til jarðanna Austurhlíðar, Ytri- og Syðri-Varðgjár, Eyrarlands, Brúarlands, Leifsstaða, Kaupangs og Þórustaða. Þar er gert ráð fyrir því að landeigendur ráðstafi löndum sínum að hluta til og hafi atbeina af uppbyggingu viðkomandi svæða. Þetta á jafnt við um deiliskipulag svæðanna og framkvæmdir, sem samræmt verði. Á þessu svæði er gert ráð fyrir aukinni skógrækt, sem verði á hæðarbilinu 150-200 m.y.s. í hlíðum Vaðlaheiðar og teygir sig á afmörkuðum stöðum niður í byggðina. Skógræktin mun tengja þá skógarreiði sem fyrir eru allt frá Vaðlareit og suður fyrir Kaupang. Sjá séruppdrátt I og reglur vegna deiliskipulags á vegum einkaaðila í kafla 2.2.1.-Grg.-I.

Í skipulagstillögunni er einnig gert ráð fyrir þéttingu byggðar á **Staðarbyggð**, með svipuðum skilyrðum og gilda um Kaupangshverfið. Þetta svæði nær til jarðanna Þverár, Höskuldsstaða, Jódísarstaða, Reinar, Öngulsstaða, Bjarkar og Tjarnagerðis. Sjá Séruppdrátt II og reglur vegna deiliskipulags í kafla 2.2.1.-Grg.-I.

Á stríðsárunum var byggður flugvöllur ásamt miklum hermanskálum á **Melgerðismelum**. Flugvöllurinn var notaður fyrir áætluðarflug fyrstu árin eftir stríð og allt þar til Akureyrarflugvöllur tók til starfa árið 1956. Minjar hermanskála sjást enn á grunnnum þeirra sem sumir eru nokkuð heillegir.

3.1.1. Menningarminjar

3.1.1.1. Fornminjar, fornleifar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a.: „Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.”

Í IV. kafla þjóðminjalaga er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Fornleifar eru skilgreindar þannig:

- Búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- Gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- Gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- Virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- Gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- Haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- Skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. laganna.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir fongum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess.

Fornleifavernd ríkisins ákveður í samráði við fornleifaneftnd hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt.

Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna.

Fyrstu fornleifarannsóknir fóru fram á tímabilinu 1879-1882 (Kristian Kaalund) og sumrin 1900 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson), auk athuganna Finns Jónssonar og Daniels Bruuns sumarið 1907. Þessar rannsóknir voru gerðar á þeirra tíma forsendum, m.t.t. þeirrar söguskoðunar Íslendinga sem þá var viðurkennd, en nú hefur ýmislegt verið endurskoðað varðandi þessi efni. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu til friðlýsingar á sex stöðum í Eyjafjarðarsveit og eru þeir merktir á aðalskipulagssupplátt, sjá lýsingu í kafla 2.1.2.-Grg.-I.

Sumarið 1994 var ákveðið að hefja fornleifaskráningu í Eyjafjarðarsveit. Um var að ræða samstarfsverkefni héraðsnefndar Eyjafjarðar, Eyjafjarðarsveitar, Minjasafnsins á Akureyri og hins vegar Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar fornleifafræðinga hjá Fornleifastofnun Íslands.

Hér fer á eftir upptalning þeirra staða í Eyjafjarðarsveit sem ástæða er talin til að huga að friðlýsingu á eða vert væri að rannsaka nánar, sbr. álit Fornleifastofnunar. Þessir staðir eru sýndir á skýringarupplátti. Töflu er raðað eftir skráningarárnum.

1. Fjárhús í landi Botns. 2. Bæjarhús með túni á Klúkum. 3. Bæjarstæði með túni í Nýlendu. 4. Kartöflugarðar fram við Þröm. 5. Hrafnagilssel. 6. Brú á Vaðlaheiði.- Þingmannaleið. 7. Grænagerði í Garðsárlandi. <i>Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði I, 1994.
--

1. Bæjarhöll ásamt kjallara gamals húss á Öngulsstöðum. 2. Útihúsaþyrping austan við bæjarstæðið á Björk. 3. Bæjarstæði með túni í Klauf. 4. Grýtulaug. <i>Fornleifar á Staðarbyggð norðan Munkaþverár.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði II, 1995.

Ekki tilgreind friðun, sjá þó athugasemdir aftast í kaflanum. <i>Melgerðismelar.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði III, 1995.

1. Klaustur- og bæjarstæði á Munkaþverá. 2. Teigsgerði. 3. Hagagarðar í landi Espihóls, Víðigerðis, Merkigils, Stokkahlæða og Hranastaða. <i>Fornleifar á syðstu jörðum í fyrrum Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og Grundar í fyrrum Hrafnagilshreppi.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði V, 1996.
--

1. Bæjarstæði Hraungerðis. 2. Bæjarhöll og kirkjugarður í Miklagarði. 3. Steinsteyppt útihús á Grund. 4. Bæjarstæði Kambfells. <i>Fornleifar í Grundarplássi og undir Fjöllum.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði IX, 1997.
--

1. Rústir Mælifells. 2. Sel í Þrúgstungu. 3. Bæjarhöll og umhverfi hans á Gilsá. 4. Bæjarstæði Skáldstaða. 5. Tóftaþyrping við Gamla-Sel á Leyningsafrétt. 6. Bæjarstæði Syðra-Villingadals. 7. Sankti-Pétur við Hafrárgil. <i>Fornleifar sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár.</i> Fornleifaskráning í Eyjafirði XI, 1998.
--

Tafla nr. 3. Tillaga um friðlýsingu fornminja.

Heimild : Adolf og Orri.

Varðandi skráningu á Melgerðismelum og nágrenni komu eftirfarandi atriði fram:

1. Æskilegt væri að hrófla sem minnst við svæðinu sunnan melanna, þetta á við túnið og næsta nágrenni bæjarhúsanna í Melgerði.
2. Rétt er að huga að varðveislu stríðsminja í landi Melgerðis og Rauðhúsa.

Sveitarstjórn mun ekki hafa frumkvæði að friðlýsingu þessara staða.

3.1.1.2 Húsafriðun

Í húsafriðunarlögum nr. 104/2001 segir í 4. gr.: „Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.”

Í 5. gr. segir: „Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr. Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu.”

Í 6. gr. segir: „Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.”

Samkvæmt þessum lögum eru allar kirkjurnar nema Kaupangskirkja friðaðar.

Skylt er að leita álits húsafriðunarnefndar ef eigendur eftirfarandi mannvirkja hyggjast breyta þeim:

A. Mannvirki byggð fyrir 1850:

Mannvirki/ bújörð	Byggingarár	Upphafleg notun	Núverandi notkun	Ástand
Munkapveráarkirkja	1844	Kirkja	Kirkja	gott
Möðruvallakirkja	1848	Kirkja	Kirkja	gott

B. Mannvirki 100 ára og eldri ásamt mannvirkjum sem falla undir skilgreiningu 6. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001 eru eftirfarandi:

Mannvirki/ bújörð	Byggingarár	Upphafleg notun	Núverandi notkun	Ástand
Hólakirkja	1853	Kirkja	Kirkja	gott
Saurbæjarkirkja	1858	Kirkja	Kirkja	gott
Grund 2	1890	Íbúð		
Jódísarstaðir	1896	Geymsla		
Fífílgærði	1900	Íbúð	Geymsla	
Kambur	1900	Fjárhús	Úr notkun	
Kaupangur	1900	Fjárhús	Geymsla	
Öngulsstaðir 1	1900	Íbúð	Geymsla	
Eyrarland	1901	Íbúð	Geymsla	

C. Mannvirki sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu:

Mannvirki/ bújörð	Byggingarár	Upphafleg notun	Núverandi notkun	Ástand
Grundarkirkja	1905	Kirkja	Kirkja	gott
Þverá I	1907	Hlaða	Geymsla	
Grund 1	1910	Íbúð	Íbúð	gott
Grund 1	1910	Fjós	Geymsla	
Reykhús 1	1910	Hlaða		
Ytra-Gil	1914	Geymsla		
Grund 1	1915	Fjárhús og hlaða		
Litli-Hamar	1916	Hlaða og fjárhús		
Litli-Hvammur	1916	Íbúð	Sumarhús	gott
Stóri-Hamar 1	1916	Geymsla	Geymsla	gott
Munkapverá	1917	Íbúð	Íbúð	
Möðrufell	1919	Íbúð	Geymsla	
Hrafnagil/barnaskóli	1920	Þinghús	Leikskóli	
Jódísarstaðir	1920	Fjárhús		
Kaupangur	1920	Íbúð	Íbúð	
Litli-Hamar	1920	Íbúð	Íbúð	lélegt
Syðri-Varðgjá	1920	Íbúð	Íbúð	sæmilegt
Saurbær	1922	Fjós	Jörðin í eyði	sæmilegt

Tafla nr. 4. Húsafriðun.

Heimild: Sveitarstjóri/Fasteignamat ríkisins.

Sjá skýringaruppdrátt B „Fornminjar og húsavernd”.

3.2. Íbúáþróun á Eyjafjarðarsvæðinu

Eyjafjarðarsvæðið, sem nær að vestan frá Siglufirði og að austan til Grýtubakkahrepps, er fjölmennasta samfellda byggðasvæðið á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Á þessu svæði er stefnt að því að unnt verði að tala um eina efnahags-, atvinnu- og félagslega heild. Þann 1. desember 2004 bjuggu 23.178 manns á þessu svæði, eða rúm 8% þjóðarinnar.


Frá miðri síðustu öld og fram á fimmta áratug þessarar aldar hélst þróunarhlutfallið svipað, þ.e. 9-10% af heildaríbúafjölda landsins bjó á Eyjafjarðarsvæðinu, en upp úr 1940 fer þetta að breytast Eyjafirði í óhag. Á tímabilinu 1940 til 1980 fluttust um 4.000 manns af svæðinu umfram aðflutta, eða að jafnaði um 100 manns á ári.

Síðara hluta áttunda áratugarins snerist þessi þróun við og nokkuð af fólki fluttist til Eyjafjarðar. Þetta var sá tími sem endurnýjun togaraflotans og uppbygging hraðfrystihúsanna stóð yfir, en eftir að henni lauk tók heldur að fækka.

Á níunda áratugnum hófst fólksflótti á ný, en á síðustu árum hefur verið nokkur fjölgun, hún er þó talsvert undir landsmeðaltali. Ef fólksfjöldaþróunin á Eyjafjarðarsvæðinu hefði haldist í hendur við meðaltalsþróun landsins, þá byggju þar u.þ.b. 27.000 manns. Ástæður þessarar þróunar eru margar, en fremur neikvæð efnahags- og atvinnuþróun á svæðinu vegur þó eflaust þýngst og á þetta sérstaklega við um Akureyri. Á síðustu árum bætist svo við mikill samdráttur í landbúnaði sem áhrif hefur á íbúáþróun sveitanna, og þjónustan við þær dregst saman.

Í skýrslu SSE 2018 er sett fram tilgáta um líklega íbúáþróun á Eyjafjarðarsvæðinu fram til ársins 2018. Þar er gert ráð fyrir fjölgun í kaupstöðunum fjórum á svæðinu. Sama gildir um þéttbýlisstaðina í Hríseyjarhreppi, Arnarneshreppi, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og í Grýtubakkahreppi. Ennfremur er gert ráð fyrir nokkrum nýjum íbúðarsvæðum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í sömu skýrslu er gert ráð fyrir að í dreifbýli verði stöðnun og allt að því samdráttur. Hér er um að ræða tilgátu sem byggð er á þeim forsendum að lítið breytist í atvinnumálum svæðisins, stjórnvöld stuðli ekki að breytingum og að núverandi atvinnustefna ráði.



Mynd nr. 6. Íbúáþróun á Eyjafjarðarsvæðinu 1971-1998.

Heimild: Byggingastofnun.

3.3. Íbúáþróun í Eyjafjarðarsveit

Nokkrar sveiflur hafa verið á íbúafjöldanum á síðustu rúmum tuttugu árum, flestir hafa íbúar orðið 997 (1992), en fæstir 927 (1995). Í desember 2003 voru íbúarnir 958, en ári seinna (2004) voru íbúar orðnir 993. Ástæða þróunarinnar er fyrst og fremst samdráttur í landbúnaði, eins og kemur fram í kafla 3.6.3. Þar kemur fram að störfum í landbúnaði hefur fækkað um 71 á síðasta 20 ára tímabili. Það sem vegið hefur á móti fækkuninni er aukin þétting byggðar á síðustu árum.

Á árabílinu 1971 til 1982 fluttust mjög margir frá hreppunum þremur, sem nú heita Eyjafjarðarsveit, til Akureyrar. Samtals var fjöldi brottfluttra til Akureyrar 482 íbúar. Samanlögð tala brottfluttra var þá 709, þannig að 227 fluttust til annarra staða. Þetta eru tölur sem eru verulega stórt hlutfall af heildaríbúafjöldanum.

Á þessum árum var einnig um að ræða töluverðan aðflutning til sveitarfélagsins, þannig að uppgjörstölur eru ekki eins neikvæðar og fyrri tölur gefa til kynna. Það sem vóg þetta mjög mikið upp var uppbygging í Reykárhverfi við Hrafnagil og byggingar stakra íbúðarhúsa á bújörðum í fyrrum Öngulsstaðahreppi.


Þróunin var þó í samræmi við það sem almennt gerðist í þjóðfélaginu, þ.e. fólk fluttist frá strjálbýli til þéttbýlis og sums staðar úr litlum þéttbýliskjörnum til stærri þéttbýlisstaða.

Landsmeðaltal fjölgunar á ári var á öllu tímabilinu um 1,1% en í Eyjafjarðarsveit var þessi tala aðeins yfir 0%.

Ár	Íbúatala	Árleg breyting	%Breyt.	%Breyt. landsins
1971	970			
1972	976	6	0,6	1,7
1973	955	-21	-2,2	1,3
1974	959	4	0,4	1,5
1975	974	15	1,6	1,1
1976	956	-18	-1,8	0,9
1977	967	11	1,2	0,7
1978	966	-1	-0,1	0,9
1979	996	30	3,1	1,0
1980	972	-24	-2,4	1,1
1981	973	1	0,1	1,2
1982	966	-7	-0,7	1,5
1983	977	11	1,1	1,0
1984	964	-13	-1,3	0,9
1985	980	16	1,7	0,7
1986	962	-18	-1,8	0,8
1987	968	6	0,6	1,4
1988	996	28	2,9	1,9
1989	971	-25	-2,5	0,7
1990	977	6	0,6	0,9
1991	978	1	0,1	1,5
1992	997	19	1,9	1,0
1993	971	-26	-2,6	1,0
1994	966	-5	-0,6	0,7
1995	927	-39	-4,2	0,4
1996	934	7	0,7	0,7
1997	935	1	0,1	0,7
1998	950	15	1,6	0,7
1999	955	5	0,5	1,2
2000	990	35	3,5	1,5
2001	981	-9	0,9	1,12
2002	974	-7	0,7	0,66
2003	958	-16	1,5	0,72
2004	993	35	3,5	
Alls	1971-2001	11	1	27,9

Tafla nr. 5. Íbúabróun í Eyjafjarðarsveit 1971-2004.

Heimild: Bygðastofnun/Hagstofan.



Mynd nr. 7. Íbúabróun í Eyjafjarðarsveit, framreikningur til 2025.

Heimild: BB.


		1,00%	2,00%	3,00%
Árið 2005	íbúar	993		
Árið 2010	íbúar	1.043	1.092	1.142
Árið 2015	íbúar	1.095	1.147	1.199
Árið 2020	íbúar	1.150	1.204	1.259
Árið 2025	íbúar	1.204	1.264	1.322

Tafla nr. 6. Spá um íbúapróun.

Heimild: BB.

Gert er ráð fyrir töluverðri íbúafjölgun í Eyjafjarðarsveit á skipulagstímabilinu. Eins og annars staðar kemur fram í greinargerðinni er miðað við fólksfjöldaþróun á bilinu 1,0% til 3,0%.

Miðað við lægstu tölu (1,0%) verða íbúar í Eyjafjarðarsveit 1.204 árið 2025, miðað við 2,0% aukningu verða íbúarnir 1.264 og miðað við 3,0% verða þeir 1.322.



Mynd nr. 8. Íbúapróun í Eyjafjarðarsveit 1971-2004. Heimild: Hagstofan /Byggðastofnun.

3.3.1. Aldurs- og kynjaskipting

Árið 2003 voru íbúar Eyjafjarðarsveitar 958, þá voru 34,7% íbúa hreppsins í aldurshópnum 0 - 19 ára, í aldurshópnum 20 til 39 ára voru þá 26,9%, í aldurshópnum 40 til 59 ára voru 25,3%, í aldurshópnum 60 til 79 voru 10,5% og í aldurshópnum 80 ára og eldri voru 2,6%.


Hlutfall ungs fólks er tiltölulega hátt í sveitarfélaginu, enda er vinnuþátttaka íbúanna nokkuð mikil eins og síðar kemur fram (í kafla 3.6.1). Búast má við að meðalaldur hækki nokkuð á skipulagstímabilinu, en að hækkunin verði meiri síðar. Einnig er það greinilegt að það vantar nokkuð inn í ákveðna árganga og nokkurt ójafnvægi er á milli kynja. Það á einkum við um aldurshópinn 20-39 ára. Þetta er mjög algengt í sveitarfélögum af þessari stærð, þótt aldurs og kynjadreifing í landinu öllu sé jafnari.

Tafla nr. 7 og mynd nr. 9 sýna aldursskiptingu í Eyjafjarðarsveit árin 2001 og 2003.

Aldurshópur	Karlar	Konur	Samtals
0-4	33	23	56
5-9	53	42	95
10-14	47	33	80
15-19	58	44	102
20-24	32	43	75
25-29	24	18	42
30-34	30	37	67
35-39	34	40	74
40-44	52	32	84
45-49	28	36	64
50-54	33	20	53
55-59	18	24	42
60-64	14	13	27
65-69	18	12	30
70-74	13	12	25
75-79	8	11	19
80-84	9	7	16
85-89	2	3	5
90-	2	2	4
Samtals	515	443	958

Mynd nr. 7. Aldursskipting í Eyjafjarðarsveit 2003. Heimild: Byggðastofnun.

Hagstofa Íslands hefur lokið við gerð nýs framreiknings á mannfjölda fyrir tímabilið 2003–2042. Samkvæmt þessum framreikningi verða Íslendingar orðnir tæp 330.000 árið 2020 og rúmlega 360.000 árið 2040. Niðurstöður framreikningsins benda til þess að fólki á ellilífeyrisaldri (67 ára og eldri) komi til með að fjölga hlutfallslega mikið á næstu áratugum. Þetta hefur þau áhrif að hinn félagslegi þáttur í rekstri samfélagsins verður þýngri sem þessu nemur.



Mynd nr. 9. Aldurs- og kynjaskipting í Eyjafjarðarsveit 2001.

Heimild: Byggðastofnun.

3.4. Mælingar og eldri skipulagsáætlanir

1962 Oddviti Hrafnagilshrepps óskar eftir tillögu að staðsetningu eftirtalinna mannvirkja á Hrafnagili: Heimavistarskóla, 2 til 3 lóða fyrir kennaraíbúðir, útisundlaugar með búningsklefum og loks leikvallar fyrir skólann.

1966 Oddviti Hrafnagilshrepps óskar eftir skipulagi á svokölluðum Hrafnagilseyrum. Þær byggingar sem til mála kemur að reisa á þessum stað eru:

1. Unglingaskóli fyrir fjóra hreppa.
2. Barnaskóli fyrir Hrafnagils- og Saurbæjarhreppa.
3. Héraðsskóli fyrir Eyfirðinga.
4. Íbúðarhús, sundlaug, íþróttahús o.fl., sem tilheyrir fyrrnefndum skólum.
5. Æskilegt er að staðsetja nokkur hús til viðbótar, ef nægjanlegt heitt vatn er til staðar.

1967 Skipulagsstjórn telur eðlilegt að sá arkitekt sem teiknar skólabyggingarnar geri tillögu að skipulagi staðarins og vísaði því málinu til Húsameistara ríkisins til frekari athugunnar.

Skipulagsstjóri leggur til að Hrafnagilshreppur verði gerður skipulagsskyldur.

Hreppsnefnd samþykkir að láta skipulagslög nr. 19/1964 ná yfir allan hreppinn.

Skipulagsstjórn mælir eindregið með því við félagsmálaráðuneytið að það úrskurði allan hreppinn skipulagsskyldan, með undantekningu um byggingar á bújörðum.

Félagsmálaráðuneytið samþykkir tillögu skipulagsstjórnar.

Í lok árs er lagður fram afstöðuuppdráttur af heimavistarskóla að Hrafnagili. Skipulagsstjóri fellst á fyrirhugaða staðsetningu skólahúss og heimavistarbyggingar, en telur að endurskoða þurfi aðkomuveg og staðsetningu kennarabústaða.

1969 Skipulagstillaga Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts, sem gerir ráð fyrir fimm einbýlishúsum vestan Þjóðveggar, frá Laugarborg að Reykú, er tekin fyrir í skipulagsstjórn. Mælt var gegn erindinu.

Oddviti óskar eftir því að ný tillaga Arkitektastofunnar s/f verði samþykkt af skipulagsstjórn. Tillagan gerir ráð fyrir 17 einbýlishúsum vestan Þjóðveggar, sunnan Reykár.

Skipulagsstjórn samþykkir tillögu að einbýlishúsum, að undanskildum þeim tveimur lóðum sem næst eru Þjóðveginum. Einnig lagði skipulagsstjórn til að tiltekna byggingar- og skipulagsskilmálar yrðu ákveðnir.

1971 Skipulagsstjórn samþykkir tillöguna.

1972 Skipulagsstjóri sendir reglur til allra oddvita innan Akureyrar um starfssvið samvinnunefnda vegna umræðu um stofnun samvinnunefndar um skipulagsmál Akureyrar og fjögurra aðliggjandi sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að hreppurinn verði gerður skipulagsskyldur.

Skipulagsstjóri óskar eftir að ráðuneytið úrskurði hreppinn skipulagsskyldan.

Félagsmálaráðuneyti samþykkir tillögu skipulagsstjórnar um að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Öngulsstaðahrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

1976 Skipulagsstjóri sendir hreppsnefndum tillögu um legu Norðurlandsveggar frá Akureyri yfir Leirur, um land í Öngulsstaða- og Svalbarðsstrandarhreppi að Hallandsnesi. Óskað er eftir að upprátturinn verði auglýstur. Rannsóknir höfðu áður farið fram á svæðinu.

1977 Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens hefur lokið við mælingu vegna kortlagningar við Kristneshæli. Í kjölfar þess er gerð tillaga að 18 einbýlishúsum fyrir starfsfólk og aðra sem þar kjósa að búa.

Félagsmálaráðuneytið staðfestir legu veggarins yfir Leirur.

Unnið er að skipulagsáætlun fyrir Svalbarðsstrandarhrepp, Öngulsstaðahrepp, Hrafnagilshrepp, Akureyri og Glæsibæjarhrepp. Þess vegna er leitað eftir upplýsingum um ýmsa þætti sem áhrif hafa á gerð skipulagsins. Í bréfi til skógræktarstjóra óskar skipulagsstjóri eftir yfirliti um áform í skógrækt. Vegna náttúruminja og friðunar lands skrifar skipulagsstjóri Náttúruverndarráði og náttúruverndarnefndum í héraði. Þjóðminjaverði var einnig skrifað og óskað eftir skrásetningu friðlýstra staða og minja.

1984 Fram kemur tillaga um að stofna til ferðaþjónustu á jörðinni Melgerði í Saurbæjarhreppi, en þar höfðu hestamannafélög úr Eyjafirði komið sér upp aðstöðu til mótshalds o.fl. Höfundur þessarar tillögu er Jónas Vigfússon byggingarverkfræðingur.

1986 Skipulagsstjórn felur skipulagsstjóra að gangast fyrir því að gert verði aðalskipulag af norðurhluta Öngulsstaðahrepps í samstarfi við Svalbarðsstrandarhrepp. Skipulagssvæðið skuli ná frá Geldingsá að norðan og Kúalæk að sunnan. Óskað er eftir afstöðu hreppsnefnda til þessa máls.

Skipulagsstjórn samþykkir byggingu íbúðarhúss (tvær íbúðir) í landi Hóls í Öngulsstaðahreppi, eftir að mikil umfjöllun hafði átt sér stað um þetta mál. Jarðanefnd hafði talið að rétt væri að sporna við sölu á smáspildum úr jörðum og skipulagslausum byggingum á þeim. Hreppsnefnd féllst ekki á þessi rök og því var erindið samþykkt.

Skipulagsstjóri tilkynnir hreppsnefnd skiptingu kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Oddviti Saurbæjarhrepps óskar eftir því við skipulagsstjóra að gert sé skipulag að jörðinni Melgerði. Óskað er eftir því að Jónas Vigfússon vinni þetta skipulag í samráði við Skipulag ríkisins.

Skipulagsstjórn fól skipulagsstjóra að undirbúa gerð aðalskipulags fyrir Saurbæjarhrepp.

1987 Vegagerð ríkisins afhendir gamlan veg frá Akureyri að Hrafnagili til notkunar sem reiðleið án annarra skuldbindinga.

- 1988** Oddviti Hrafnagilshrepps mótmælir ákvörðun Vegagerðar ríkisins um að stofnunin afhendi fyrrnefndan veg til félagsamtaka hestamanna þegar hinn nýi vegur verði tekinn í notkun. Hann telur að hér sé um skipulagsmál að ræða sem viðkomandi sveitarstjórnir þurfi að samþykkja. Jafnframt kemur fram í bréfi hans að hrepparnir beggja megin Eyjafjarðarár hafi lagt til í drögum að svæðisskipulagi Eyjafjarðar að leiðleiðin fram að Hrafnagili verði á austurbakka Eyjafjarðarár.

Skipulagsstjórn samþykkir sumarhúsahverfi í landi Stokkahlaða, alls 10 hús.

- 1988** Skipulagsstjórn samþykkir byggingu tveggja íbúðarhúsa og dýraspítala í landi Ytri-Varðgjár.

Skipulagsstjórn samþykkir byggingu eins íbúðarhúss í landi Ytri-Varðgjár (Austurberg).

- 1989** Skrifstofa Skipulags ríkisins á Akureyri óskar eftir tilboði í myndmælingu og leiðréttingu uppráttu sem ná frá hreppsmörkum að norðan og suður fyrir Hrafnagil. Tilboð verkfræðistofunnar Hnitar hf um vinnu við kortagerð samþykkt.

Skipulagsstjórn samþykkir byggingu 6 sumarbústaða í landi Hrísa vegna ferðapjónustu.

Skipulagsstjórn heimilar tímabundið leyfi fyrir sumarhús í landi Austurhlíðar.

Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps samþykkir eftirfarandi reglur um byggingarleyfi íbúðarhúsa á bújörðum sem eru án tengsla við búrekstur (uppkast):

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja afmörkuð lóð, samkvæmt lóðarleigusamningi. Stærð lóðar sé minnst 0,5 ha en mest 1,0 ha.
2. Ekki verða leyfðar nema tvær byggingarlóðir á jörð nema að um sé að ræða skipulagt þéttbýli, og skulu lóðirnar liggja saman.
3. Staðsetning lóðar (lóða) sé á jaðri bújarðar og við þjóðveg eða sýsluveg, þannig að ekki þurfi að leggja heimreið yfir land bújarðar.
4. Lágmarks fjarlægð frá íbúðarhúsi lóðar að húsum bújarðar eða næstu jarða skal vera 150 m.
5. Lóðarhafi skal leggja fram afstöðumynd, sem sýnir stöðu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða.
6. Lóðarhafi skal setja upp girðingu á lóðarmörkum og sjá um viðhald hennar.
7. Með byggingarleyfisumsókn skal fylgja umsögn ráðunautar búnaðarsambands um áhrif þessara framkvæmda á búrekstur viðkomandi jarðar.
8. Byggingarlóð fylgir ekki afnotaréttur afréttarlands jarðar eða sveitarfélags.
9. Jarðareigandi hefur forkaupsrétt að fasteignum á lóðinni, ef um sölu þeirra er að ræða, sbr. þó jarðalög nr. 65/1976, 26. gr.
10. Húsbyggjandi skal leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir nafni á húsi sínu. Sé um að ræða tvö hús á samliggjandi lóðum, mega þau heita sama nafni með nr. 1 og 2.
11. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að synja um byggingarleyfi, ef hún telur einhverjar ástæður mæla gegn byggingu á viðkomandi stað. Að öðru leyti fer með þessar byggingar eftir gildandi skipulags- og byggingarlögum.

- 1990** Skipulagsstjórn samþykkir byggingu íbúðarhúss í landi Vökulands.

Skipulagsstjórn samþykkir byggingu sumarbústaðar í landi Borgarhóls eftir töluverða umfjöllun hjá embætti byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn óskar eftir samþykki skipulagsstjórnar á deiliskipulagi í landi Reykhúsa norðanvert við Kristneshæli. Um er að ræða raðhús sem í eru íbúðir fyrir aldraða.

Skipulagsstjórn samþykkir að deiliskipulag í landi Reykhúsa skuli auglýst.

Skipulagsstjórn samþykkir byggingu fjarskiptastöðvar á fjallinu Kerlingu í Eyjafirði.

Skipulagsstjórn samþykkir staðsetningu sæluhúss í landi jarðarinnar Kambfells, enda verði flutningar á vegarstæði að ánni á ábyrgð landeigenda og sveitarstjórnar. Áður en þessi samþykkt lá fyrir hafði farið fram mikil umræða um þetta mál.

Skipulagsstjórn samþykkir skipulag sumarhúsahverfis í landi Leifsstaða, enda var það í samræmi við svæðisskipulag.

- 1992** Skipulagsstjórn samþykkir deiliskipulag í landi Bjarkar, en beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún marki sér stefnu um landnotkun.
- Skipulagsstjórn samþykkir skipulag sumarhúsahverfis í landi Rauðhúsa. Um er að ræða 21 hús.
- Skipulagsstjórn samþykkir íbúðarhús í landi Þórustaða.
- Skipulagsstjórn samþykkir byggingu íbúðarhúss í landi Brekku.
- 1993** Skipulagsstjórn samþykkir byggingu smáhýsa vegna ferðaþjónustu í landi Höskuldsstaða.
- Skipulagsstjórn samþykkir skipulag sumarhúsahverfis í landi Eyrarlands, enda verði farið eftir tilmælum Fornleifanefndar ríkisins varðandi fornar búðartóftir, sbr. skipulagsupprátt.
- Skrifstofa Skipulags ríkisins á Akureyri tekur til umfjöllunar tillögu að skipulagi Reykárhverfis í landi Hrafnagils, sem unnin var af Aldísi Norðfjörð arkitekt. Talið er æskilegt að bíða þess að aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar liggi fyrir og verði þá þessi skipulagstillaga skoðuð gaumgæfilega.
- Sveitarstjórn óskar eftir þátttöku Skipulags ríkisins í gerð stafrænna korta og ítrekar áform sín um að hefja gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið.
- 1994** Benedikt Björnsson arkitekt hefur vinnu við gerð aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar, þar sem uppkast að samningi um þetta verkefni lá fyrir. Þar er tekið fram að verkinu verði lokið um eða upp úr áramótum 1994-1995.
- 1996** Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 var staðfest í október.
- 1999** Breyting á útmörkum íbúðarsvæðis norðan Reykárhverfis samþykkt í sveitarstjórn 14. sept. 1999.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hleiðargarðs samþykkt í sveitarstjórn 23. ág. 1999. Uppdráttur nr. 990407, TBB Benedikt Björnsson.
- Nýtt deiliskipulag íbúðarbyggðar norðan Reykárhverfis samþykkt í sveitarstjórn 14. sept. 1999, Kanon-arkitektar.
- 2000** Breyting á landnotkun jarðanna Þverár, Höskuldsstaða og Öngulsstaða samþykkt í sveitarstjórn 28. mars 2000. Uppdráttur nr. 990706, Benedikt Björnsson.
- Breyting á landnotkun jarðanna Syðri-Varðgjár, Eyrarlands, Brúarlands, Leifsstaða, Knarrarbergs, Fífilgerðis og Kaupangs samþykkt í sveitarstjórn 29. ágúst. Uppdráttur nr. 000608, Benedikt Björnsson.
- Breyting á landnotkun jarðarinnar Brúna samþykkt í sveitarstjórn 7. nóv. Uppdráttur Búnaðarsambands Eyjafjarðar okt. 2000.
- Deiliskipulag fyrir jörðina Háls samþykkt í sveitarstjórn 18. jan. Uppdráttur Búnaðarsambands Eyjafjarðar, júní 1999.
- Breytt deiliskipulag svæðis fyrir frístundabyggð í landi Leifsstaða samþykkt í sveitarstjórn 29. ág. 2000. Uppdráttur nr. 000509, TBB Benedikt Björnsson.
- Deiliskipulag íbúðarbyggðar við heimavist Hrafnagilsskóla samþykkt í sveitarstjórn 7. nóv. Uppdráttur nr. 106-002, Arkitektur.is.
- 2001** Tillaga að breyttri landnotkun í landi Leifsstaða samþykkt í sveitarstjórn 18. sept. Uppdráttur nr. 01 0829, TBB Benedikt Björnsson.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir jörðina Háls samþykkt í sveitarstjórn 13. mars. Uppdráttur Búnaðarsambands Eyjafjarðar, júní 1999.
- Deiliskipulag íbúðarbyggðar (Fossland) í landi Eyrarlands samþykkt í sveitarstjórn 22. maí. Uppdráttur dags. 02.03.2001, Teiknistofan Form.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar (Brúnahlíð) í landi Brúarlands samþykkt í sveitarstjórn 26. júní. Uppdráttur dags. 15.05.2001, Teiknistofan Form.

Breytt deiliskipulag í landi Leifsstaða samþykkt í sveitarstjórn 18. sept. Verknr. 0831, TBB Benedikt Björnsson.

Breytt deiliskipulag í landi Leifsstaða, TBB Benedikt Björnsson.

- 2002** Deiliskipulag íbúðarbyggðar (Laufvangur) í landi Kaupangs samþykkt í sveitarstjórn 15. okt. Teiknistofan Form, Akureyri.


Deiliskipulag íbúðarbyggðar (smábýli) í landi Hólshúsa samþykkt í sveitarstjórn 26. nóv. Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

- 2003** Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leifsstaða samþykkt í sveitarstjórn 14. okt. TBB Benedikt Björnsson arkitekt.

Tillaga að breyttri landnotkun í Reykárhverfi. Breytt aðal- og deiliskipulag. Samþykkt í sveitarstjórn 18. sept. Kanon-arkitektar og uppdráttur nr. 55089, TBB Benedikt Björnsson.

- 2004** Breyting á landnotkun í landi jarðanna Syðri- og Ytri-Varðgjár, TBB.
Breyting á landnotkun í landi jarðarinnar Pverár, TBB.
Breyting á landnotkun vegna Djúpadalsvirkjunar.
Breytt reiðleið frá hitaveitulögn (sem liggur að Laugalandi) og inn að Melgerðismelum.

- 2005** Breytt landnotkun í landi Brúarlands og Leifsstaða, m.br. á aðalskipulagi, TBB.
Breytt landnotkun í landi Jódísarstaða, m.br. á aðalskipulagi, TBB.
Breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 vegna áður nefndra breytinga, TBB.



Mynd nr. 10. Deiliskipulag í landi Hólshúsa.

Heimild: Teiknistofa arkitekta.

3.5. Íbúabyggð

3.5.0. Almennt um þéttingu byggðar

Eins og áður hefur komið fram hófst búseta í Eyjafjarðarsveit þegar á landnáms tíð og þá þegar voru ýmsar bújarðir orðnar þekktar. Þétting byggðar hófst hins vegar ekki fyrr en á þriðja til fjórða áratug þessarar aldar með uppbyggingunni í Kristnesi og síðan á Hrafnagili (Reykárhverfi) á áttunda áratugnum. Nú á síðustu árum hefur verið lítil uppbygging í Kristnesi. Árið 1993 tók Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri við rekstri spítalans og stefnt er að nokkurri aukningu á starfseminni þar á næstu árum.

Reykárhverfi, sunnan Reykár, var fullbyggt samkvæmt eldra skipulagi. Með breyttu skipulagi hefur lóðum verði fjölgað um fimm og þeim öllum úthlutað. Sveitarfélagið festi kaup á landskíka úr landi Hrafnagils í ársbyrjun 1996 og hefur látið skipuleggja þar íbúðarbyggð og lóðaúthlutun er hafin. Á samþykktu deiliskipulagi sunnan skólans, austan vegar, var byggt eitt raðhús árið 2000. Í landi Kropps er gert ráð fyrir umtalsverðri íbúðarbyggð. Fjórar íbúðir fyrir aldraða voru byggðar í landi Reykhúsa árið 1991. Þessar íbúðir eru í raðhúsi og samkvæmt tillögu að deiliskipulagi var gert ráð fyrir þremur raðhúsum til viðbótar á þessu svæði, sem einnig eru ætluð fyrir aldraða. Svæðið er skammt norðan við Kristnesspítala og óvíst að þar verði frekari framkvæmdir.

Í Kaupangshverfi og Staðarbyggð er gert ráð fyrir þéttingu byggðar á tveimur stórum svæðum, með talsverðri dreifingu. Þar hefur verið byggt á nokkrum stöðum og gert er ráð fyrir talsvert meiri uppbyggingu, sbr. endurskoðað aðalskipulag og samþykktar deiliskipulagstillögur.

Í landi Vökulands hafa verið byggð fjögur íbúðarhús sem mynda litla byggð.

Í deiliskipulagi sem samþykkt hefur verið er gert ráð fyrir stórum lóðum fyrir íbúðarhús í landi Hólshúsa og Dvergsstaða þar sem möguleiki er einnig á trjárækt eða skepnuhaldi í takmörkuðum mæli. Sjá mynd nr. 10.

Sjá nánari umfjöllun um íbúðarbyggð í Eyjafjarðarsveit í kafla nr. 2.-Grg.-I. Þar er fjallað um stefnu-mörkun og landnotkun sem af henni leiðir

Á síðustu tíu til tuttugu árum hafa verið byggð á bújörðum talsvert mörg stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Þetta er að mörgu leyti eðlileg þróun en miklu æskilegra væri að geta beint þeim sem vilja byggja í Eyjafjarðarsveit á skipulögð svæði sem fullnægja eiga því þjónustustigi sem eðlilegt er.

3.5.1 Núverandi fasteignir

Samkvæmt fasteignamati eru 320 metnar lóðir og lönd að stærð 226.320,4 fermetrar og 121,0 ha í sveitarfélaginu. Sérmetnar íbúðir eru 264 og flatarmál þeirra er samtals 41.676 fermetrar. Aðrar sérmetnar fasteignir eru 1.184 talsins, flatarmál þeirra er 129.527 fermetrar. Stærð samkvæmt framlagningarskrá er 1.979 matseiningar. Þessar tölur miðast allar við árið 2001.


Yfirlit um áætlað fasteignamat og stærð fasteigna árin 1994, 1998 og 2001 í Eyjafjarðarsveit er sýnt á töflu nr 8. Sú tafla er birt til þess að fá samanburð milli ára á þessu tímabili.

*Árið 1994 eru íbúðarhús og bílskúrar talin saman.

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fjöldi	Flatarmál	Fjöldi	Flatarmál
		1994		1998		2001
Íbúðarhús	*126	10.866	114	13.689	124	16.718
Bílskúrar, sérmetnir			50	2.208	61	2.665
Sumarbústaðir	48	1.884	68	2.418	75	2.678
Verslunar og skrifst.	4	719	7	1.022	7	1.022
Iðnaðarhús	1	438	1	438	2	564
Vöruhevmslur	1	71	2	714	2	714
Sérhæfðar byggingar	43	5.079	36	5.207	36	5.349
Önnur mannvirki	20	1.679	25	2.504	29	2.501
Öbyggðar lóðir	13	0	16	0	25	0
Ræktað land	160	0	164	0	167	0
Óræktað land jarða	180	0	182	0	182	
*Íbúðarhús á jörðum	232	34.545	211	32.907	205	31.835
Útihús á jörðum	1.018	116.631	999	116.110	982	115.988
Hlunnindi	12	0	12		12	0
Samtals	1.858	171.912	1.887	177.217	1.909	180.034

Tafla nr. 8. Samanburður á fjölda og stærð fasteigna í Eyjafjarðarsveit.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.



Mynd nr. 11. Fasteignaskrá, eftir fjölda skráninga í Eyjafjarðarsveit (2001). Heimild: Fasteignamat ríkisins.


3.5.2. Núverandi íbúðarhúsnæði og áætluð aukning

Í Eyjafjarðarsveit voru 264 fullgerðar íbúðir í árslok 2001 og íbúðafjöldinn var þá 981, meðalíbúðafjöldi á íbúð var því 3,72. Þetta er nokkur hækkun frá 1993 (3,68). Eins og sést á töflu nr. 9 hefur verið nokkuð misjafnt hve mörg íbúðarhús hafa verið byggð á hverju tímabili.

Aldursbil	Fjöldi íb. á tímabilinu	Meðaltal á ári
Fyrir 1920	11	
1920-1930	36	3,6
1931-1940	25	2,5
1941-1950	39	3,9
1951-1960	43	4,3
1961-1970	38	3,8
1971-1980	53	5,3
1981-1985	23	4,6
1986-1990	32	6,5
1991-1995	11	0,7
1996-2001	21	4,2

Tafla nr. 9. Meðaltal fullgerðra íbúða.
BB.

Frá 1920 hefur mesta uppbyggingarskeiðið verið á tímabilinu frá 1986 til 1990, eða að jafnaði 6,5 íbúðir á ári. Á tímabilinu 1931-1940 var minnst byggt. Árin 1991-1995 var uppbygging lítil, eða 2,7 íbúðir/ári (næstmínst). Á síðustu árum hefur orðið nokkur breyting á þessu til hins betra, eða 4,2 íbúðir/árlega. Eðlilegt er að 1,5 til 2 íbúðir séu byggðar að jafnaði á ári, enda þótt engin fjölgun íbúa sé í sveitarfélaginu. Það er eingöngu vegna endurnýjunar eldri húsa. Skýringin getur líka verið viðhald og endurgerð eldri húsa sem ekki kemur fram í fjölgun íbúða. Það er einnig athyglisvert að meðaltal íbúa á íbúð í Eyjafjarðarsveit er hlutfallslega hátt, eða 3,72 (2001).



Mynd nr. 12. Meðaltal fullgerðra íbúða.

Heimild: Bygðastofnun.

Ef framreikningur íbúðafjölda til ársins 2025 miðast við 1,0% fjölgun, þá er þörf á 70 nýjum íbúðum á þessu tímabili og er þá reiknað með 3,0 íbúðum að meðaltali í hverri íbúð. Verði fjölgunin 2%, þarf 90 nýjar íbúðir, en með 3,0% fjölgun þyrfti 110 íbúðir.

Meðalfjöldi fullgerðra íbúða yrði að vera 3,5 íbúðir á ári, verði 1,0% fjölgun. Miðað við 2,0% aukningu íbúa þarf 4,5 íbúðir á ári að meðaltali, en 5,5 íbúðir á ári miðað við 3,0% fjölgun. Auk þessa þarf að gera ráð fyrir nokkurri endurnýjun eldri íbúða.

3.6. Atvinnulíf

3.6.1. Almennt um atvinnulífð

Í Eyjafjarðarsveit er atvinnulífi þannig háttað að í sjálfu sveitarfélaginu er landbúnaður mikilvægasta atvinnugreinin. Næstflestir hafa atvinnu af opinberri þjónustu. Störf við opinbera þjónustu í Eyjafjarðarsveit eru nokkuð mörg, enda eru þar tiltölulega stórar stofnanir, þ.e. skólar og sjúkrahús. Sjálfstætt rekin þjónusta, er ekki mikil í sveitarfélaginu. Ákveðinn hluti þeirra íbúa sem ekki stunda þessar atvinnugreinar sækir vinnu til Akureyrar, enda er atvinnusókn úr mikil þangað.

Talsvert mörg dæmi eru um að þessu sé öfugt farið, þ.e. að Akureyringar sækir vinnu í Eyjafjarðarsveit, t.d. á Kristnesspítala, verktakar o.fl. Þess ber enn fremur að geta að fjölmörg störf skapast á Akureyri vegna ýmiss konar þjónustu við Eyjafjarðarsveit.

Staða atvinnulífs á Eyjafjarðarsvæðinu hefur verið misgóð. Þegar samdráttar gætti, hefur þó atvinnuleysi aldrei verið eins mikið í Eyjafjarðarsveit og á Eyjafjarðarsvæðinu í heild.

Eyjafjarðarsveit er aðili að Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, en aðalmarkmið þess eru:

- ◆ Að starfa í nánum tengslum við fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu.
- ◆ Að gæta þess að atvinnulífð og íbúar séu vel upplýstir um starfssvið AFE og hlutverk þess.
- ◆ Að félagið fylgi markvisst eftir þeim verkefnum sem það kemur að á hugmyndastigi.
- ◆ Að leita allra leiða til að vekja athygli á kostum búsetu á Eyjafjarðarsvæðinu.
- ◆ Að auka samvinnu við atvinnuþróunarfélög í kjördæminu með samræmdum aðgerðum í búsetu- og byggðamálum.

3.6.2. Ársverk

Opinberar tölur frá Bygðastofnun um fjölda og skiptingu ársverka í sveitarfélögum ná einungis til 1997, en síðan hafa þær ekki verið uppfærðar. Fjöldi starfa í Eyjafjarðarsveit hefur verið nokkuð mismunandi milli ára á tímabilinu 1988 til 1997. Fæst voru þau 1991 eða 496, en flest árið 1988, voru þá 533,8. Árið 1992 voru ársverk 509 eða 52,1 % af íbúafjöldanum í sveitarfélaginu.


Árið 1997 voru störf í landbúnaði 208,2, eða 42,8 % af heildarfjölda ársverka og var um að ræða lítils háttar fjölgun frá árinu á undan. Flest störf við landbúnað á tímabilinu til 1997 voru árið 1990, eða 264,1, sem jafngildi um 52 % starfa. Að líkindum hefur þessum störfum fækkað nokkuð á síðustu árum.

Atvinnuvegur	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Landbúnaður	261,4	262,4	264,1	249,1	251,3	245,4	222,8	219,8	206,3	208,2
Fiskveiðar	5,7	6,4	4,7	4,7	7,7	9	12,5	8,7	10,2	8,9
Fiskvinnsla	5,3	5,9	3,5	2,9	3,3	6	3,5	5	5,1	8,7
Iðnaður	47,8	37,3	36,8	37,9	40,5	38,6	35,1	37,6	39	44,2
Byggingar	26,7	20,7	20,5	15,2	13,8	13,5	13	13	17	19
Verslun	38,8	32,2	34,8	37,1	44	44,3	39,9	29,2	33,3	37,1
Samgöngur	18,4	16,2	18,3	18,1	14,5	14,6	17,6	13,8	16,4	21,6
Bankar og fleira	8,6	6,7	7,6	5,1	6,6	4,5	5,6	4,4	4,2	8,6
Þjónusta	121	117,7	120,1	126,8	127	119,6	118,3	124,6	134,8	129,8
Samtals:	533,8	505,5	510,5	496,9	508,6	495,6	468,4	456,1	466,4	486

Tafla nr. 10. Ársverk 1988-1997. Heimild: Bygðastofnun.

Við fiskveiðar voru skráð 8,9 ársverk árið 1997, sem jafngildir 1,8 % af heildarfjölda ársverka í sveitarfélaginu. Hæst hlutfall starfa við fiskveiðar var 10,2% árið 1996. Árið 1997 voru aðeins 8,7 störf í fiskvinnslu, sem samsvarar tæplega 1,8 % prósentu. Flest ársverk í þessari grein voru árið 1997. Á öllu tímabilinu hafa alltaf einhverjir unnið við fiskvinnslu.


Ársverk í iðnaði voru 44,2 árið 1997, eða 9,09 %. Flestir störfuðu við iðnað árið 1988, eða 47,8. Fæst voru ársverk í iðnaði árið 1994 eða aðeins 35,1. Vægi þessarar starfsgreinar í sveitarfélaginu er tiltölulega lítið miðað við það sem gengur og gerist á Íslandi, en á móti kemur mjög hátt hlutfall starfa við landbúnað. Við byggingariðnað störfuðu 19,0 árið 1997, eða 3,9 %. Flestir störfuðu við byggingariðnað árið 1988, eða 27. Fæstir unnu við starfsgreinina árin 1994 og 1995, eða 13 manns.



Mynd nr. 13. Atvinnuskipting í Eyjafjarðarsveit 1988-1997. Heimild: Byggðastofnun.

Við verslun og viðskipti voru ársverk 37,1 árið 1997, eða 7,6 %. Flest voru störf við verslun árið 1993, eða 44,3. Fæst voru störf í verslun árið 1995, eða 29,2. Nokkur stífgandi hefur yfirleitt verið innan þessarar starfsgreinar á tímabilinu.

Í samgöngum voru skráð 21,6 ársverk árið 1997, eða 4,4 % og er það hæsta tala á tímabilinu til 1988. Lægst var talan árið 1992, en þá störfuðu 14,5 manns við samgöngur.




Mynd nr. 14. Atvinnuskipting í Eyjafjarðarsveit 1997. Heimild: Byggðastofnun.

Innan banka- og lánastarfseminnar voru ársverk 8,6 árið 1997, eða rúmt 1,6 %. Störf innan þessarar greinar voru flest árið 1997 og 1988 voru þau jafnmörg.

Í þjónustugreinum var fjöldi ársverka árið 1997 129,8, eða 26,7 %. Flestir störfuðu í þessari grein árið 1996, eða 134,8 manns. Fæst voru ársverk í þjónustu árið 1989, eða samtals 117,7. Nokkuð jafn vöxtur hefur verið innan þessarar greinar allt tímabilið.

Á mynd nr. 14 er sýndur fjöldi starfa í Eyjafjarðarsveit á árinu 1997 sem var síðasta árið sem þessar tölur voru gefnar út.

Á mynd nr. 15 er sýnd atvinnuþátttaka í Eyjafjarðarsveit á árabilinu 1988 til 1997. Þar kemur fram að hún er í kringum 50%, sem er mjög algengt. Þar sem meiri fjölbreytni er í atvinnulífi er þetta hlutfall þó heldur hærri eða allt að 55 %.



Mynd nr. 15. Atvinnuþátttaka í Eyjafjarðarsveit 1988-1997. Heimild: Byggðastofnun.

3.6.3. Landbúnaður og afréttarlönd

Nautgriparækt með aðaláherslu á mjólkurframleiðslu er langstærsta grein hefðbundins landbúnaðar í Eyjafjarðarsveit. Landkostir og nálægð við markað ráða þessu einkum. Þá eru á ákveðnum svæðum ágæt skilyrði fyrir hóflegri sauðfjárrækt.

Á síðustu árum hefur verið töluverð samþöppun í hefðbundnum landbúnaði á Íslandi. Framleiðsla hefur aukist á einstökum bújörðum og svæðum. Á sama tíma hefur búrekstur lagst af annars staðar. Kvótakerfið í mjólkurframleiðslu og í framleiðslu lambakjöts hefur átt stóran þátt í þessari þróun en segja má að grunnurinn að því kerfi, sem við búum nú við, hafi verið lagður á árunum 1980 til 1985. Setning kvótakerfisins kom í kjölfar mikillar framleiðsluaukningar á mjólk og kindakjöti á árunum milli 1970 og 1980 ásamt minnkandi innanlandsneyslu og versnandi útflutningsskilyrðum. Búast má við að núverandi kvóta- og styrkjakerfi í landbúnaði breytist eitthvað á næstu árum. Aðild Íslands að ýmsum alþjóðasamþykktum og alþjóðastofnunum hefur áhrif hvað þetta varðar.

Í Eyjafjarðarsveit hefur þróunin verið mjög í þessa veru, sum kúabúin hafa stækkað jafnt og þétt, en önnur hafa lagst af og sauðfjárbúskapur hefur dregist saman jafnt og þétt. Þessar breytingar eru sérstaklega áberandi í tilteknum hlutum sveitarinnar, eins og Kaupangssveit. Allt bendir til þess að áframhald verði á þessari þróun enn um sinn, a.m.k. í mjólkurframleiðslu. Ný tækni í fjósum gerir kröfur um stærri einingar.

Vegna fækkunar búa í hefðbundnum landbúnaði hafa nokkrir bændur snúið sér að öðrum búgreinum, svo sem hrossarækt, skógrækt og ferðaþjónustu. Gera má ráð fyrir aukinni sókn í það og að heilar jarðir og jarðarhlutar verði teknir úr hefðbundinni landbúnaðarnotkun til nýtingar á annan hátt.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um samsetningu og umfang búreksturs í sveitarfélaginu í heild eru hér birtar töflur sem sýna fjölda bújarða með skráð greiðslumark og stærðardreifingu framleiðsluréttarins annars vegar í sauðfé og hins vegar í mjólk í byrjun árs 2004. Til samanburðar eru tölur frá 1994.

Kíló kjöts	Fjöldi bújarða	
	1994	2004
-999	22	13
1.000-1.999	23	11
2.000-2.999	11	3
3.000-3.999	5	4
4.000-5.999	1	2
6.000-7.999	1	1
8.000-9.000	1	0
Samtals	64	34

Tafla nr. 11. Greiðslumark í kindakjöti (1994 og 2004).

Heimild: B.S.E./Ólafur G. Vagnsson.

Lítrar mjólkur	Fjöldi bújarða	
	1994	2004
40.000-59.999	12	2
60.000-79.999	18	3
80.000-99.999	11	2
100.000-119.999	13	3
120.000-139.999	9	10
140.000-159.999	8	11
160.000-179.999	3	5
180.000-199.999	3	4
200.000-219.999	2	4
220.000-329.999	1	4
330.000-850.000	0	2
Samtals	80	50

Tafla nr. 12. Greiðslumark í mjólk (1994 og 2004). Heimild: B.S.E./Ólafur G. Vagnsson.

Heildargreiðslumark í sauðfé var 110.689 kg árið 1994, en árið 2004 var það 54.300 kg.

Heildarframleiðsluréttur í mjólk árið 1995-96 var 8.384.315, en í byrjun árs 2004 var hann 8.295.799 lítrar.

Á tímabilinu 1994-2004, eða á tíu árum, hefur greiðslumarkshöfum í sauðfé fækkað úr 64 í 34 eða um fast að helming. Sérstaklega eru það minni búin sem hafa dottið út en einnig hefur hinum stærri fækkað. Þá hefur greiðslumarkshöfum í mjólk fækkað um 30. Heildarframleiðsluréttur í mjólk hefur hins vegar aðeins minnkað um rúmlega 1 %. Sýnir þetta, eins og fram hefur komið, hina miklu stækkun kúabúanna.

Samfara þeirri þróun sem lýst hefur verið hér að framan fækkar ársverkum í landbúnaði. Í Eyjafjarðarsveit voru 42,8 % af heildarfjölda ársverka í landbúnaði árið 1997.

Á forðagæsluskýrslu haustið 2003 var samanlögð áhöfn í búrekstri í Eyjafjarðarsveit þannigi, einnig eru sýndar tölur frá 1994 og 1980 til samanburðar :

	1980	1994	2003		1980	1994	2003
Kýr	2539	2383	1910	Trippi og folöld	356	572	415
Kvígur og geldneyti	954	2031	1591	Gyltur og geltir	94	194	223
Kálfar	518	829	1194	Grísir	720	1840	x
Ær og hrútar	10867	5050	4019	Varphænur og holdakj.	3499	210	187
Lömb	2386	1044	828	Endur og gæsir	836	48	52
Hestar og hryssur	589	766	801	Geitur	0	4	8

Tafla nr. 13. Forðagæsluskýrsla, samanburður.

Heimild: B.S.E. / Ólafur G. Vagnsson.

Þá eru hér úr forðagæsluskýrslu haustið 2003 tölur um heyfeng, kartöfluuppskeru og kornuppskeru. Til samanburðar eru tölur frá 2001, 1994 og 1980:

	1980	1994	2001	2003
Þurrhey, rúmmetrar	164.638	100.151	45.654	37.185
Votheý, rúmmetrar	600	32.187	69.600	78.605
Bygg, tonn	x	119	364	531

Tafla nr. 14. Uppskeyra.

Heimild: B.S.E. / Ólafur G. Vagnsson.

Ef skoðaðar eru breytingar á fjölda búfjár frá 1980 til 2003 eru þær þessar helstar: Kúm hefur fækkað um 629 en öðrum nautgripum hins vegar fjölgað um 1313. Sauðfé hefur fækkað úr 13.253 kindum í 4.847. Hrossum hefur fjölgað um 271. Svínunum hefur fjölgað verulega en alifuglum fækkað mjög.

Uppskeyrutölur sýna verulegar breytingar á heyskaparháttum, þ.e. stóraukinn heyskap í rúllum og ferboggum en minnkandi þurrheyskap. Þegar magntölur eru skoðaðar þarf að hafa í huga, að fast að því helmingi meira fóður er í hverjum rúmmetra votheys heldur en þurrheys. Einnig kemur þarna fram stöðug aukning í kornrækt.

Þjónusta við bændur er margs konar og má þá nefna Búnaðarsamband Eyjafjarðar sem hefur aðsetur í Búgarði að Óseyri 2, á Akureyri. Á þess vegum eru veittar leiðbeiningar og þjónusta ýmiss konar.

Skógrækt og skjólbeltarækt hefur lengi verið stunduð í Eyjafirði. Árið 1984 hófst skógræktarátakið „Nytjaskógrækt á bújörðum“, sem stýrt var af Skógrækt ríkisins. Það átak stóð allt til ársins 2000 þegar stofnað var til Norðurlandsskógaverkefnisins samkvæmt lögum nr. 56/1999.

Mikill áhugi var strax á nytjaskógræktarverkefninu í Eyjafjarðarsveit og var gróðursett á rúmlega 20 jörðum í því átaki á árunum 1984–2000. Í upphafi sá Skógræktarfélag Eyfirðinga um leiðbeiningar til bænda sem voru þátttakendur í verkefninu en árið 1994 var ráðinn skógræktarráðunautur til starfa hjá Skógrækt ríkisins og hafði hann aðsetur á Akureyri. Sú staða var síðan lögð niður þegar verkefnið færðist yfir til Norðurlandsskóga.

Þegar Norðurlandsskógaverkefnið var stofnað gafst þeim bændum sem áður höfðu verið þátttakendur í nytjaskógaverkefninu kostur á að ganga inn í Norðurlandsskógaverkefnið. Það nýttu sér flestir sem enn áttu land sem eftir var að gróðursetja í.

Skógræktarfélag Eyfirðinga er mjög virkur aðili á þessu svæði, það veitir bæði ráðgjöf og tekur beinan þátt í gróðursetningu trjáplantna. Nýjustu dæmin um starf þess er gróðursetningarátak á Melgerðismelum og leiga á bújörðinni Hálsi til skógræktar. Að Hálsi og á hluta jarðarinnar Saurbær er félögum í Skógræktarfélagi Eyfirðinga boðið að taka á leigu spildur þar sem þeir sjá síðan um plöntun.

Þegar skoðaðar eru tölur um gróðursetningu frá 1983 kemur í ljós að í árslok 2005 hafa samtals verið gróðursett um 300 þúsund plöntur í Hvammi og á Kroppi. Þar er um að ræða skóg sem er talsvert yfir 100 ha. Síðan koma nokkrar jarðir með gróðursetningu í kringum 50-100 þús. plöntur.

Bújarðir þar sem stunduð hefur verið skógrækt				Skógrækt á vegum Skógr. fél. Eyf.
Arnarfell	Grísará II	Komma	Stokkahlaðir	Háls
Björk	Grýta	Kroppur	Syðra-Laugaland	Melgerði
Botn	Háaborg	Laugaland	Syðri-Hóll	Saurbær
Brekka	Hólakot	Melgerðismelar	Teigur	
Brúnir	Hólsgarði	Merkigil	Þverá II	
Espihóll	Höskuldsstaðir	Öngulsstaðir	Torfufell	
Fellshlíð	Hrafnagil	Reykhus	Uppsáir	
Garðsá	Hrísar	Rífelsstaðir I	Vagfir	
Gilsá I	Hvammur	Rútsstaðir II	Víðigerði	
Gnúpufell	Jórunnarstaðir	Samkomugerði II	Öxnafeil	
Grænahlíð	Klauf	Sigtún		

Tafla nr. 15. Skógræktarjarðir í Eyjafjarðarsveit 2006. Heimild: Valgerður Jónsdóttir og Brynjar Skúlason.

Í sveitarfélaginu eru þrjár fjallskiladeildir; Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðadeild. Aðalskilaréttir eru: Hraungerðisrétt í landi Hraungerðis fyrir Hrafnagilsdeild, Möðruvallarétt í landi Möðruvalla fyrir Saurbæjardeild og Þverárrétt í landi Þverár fyrir Öngulsstaðadeild.

Skipta má afréttarlöndum sveitarinnar í 11 leitarsvæði. Þau eru:

1. Land ofan girðinga frá landamerkjum við Akureyri og inn að Espihóli.
2. Land ofan fjallsgirðinga frá Espihóli og suður að Skjöldalsá, þar með talinn Finnastaðadalur og Skjöldalur norðan ár. Rétt að er í Hraungerðisrétt.
3. Land ofan fjallsgirðinga frá Skjöldal og inn að Djúpadalsá, þar með talinn Skjöldalur sunnan ár, Brandi, Hagárdalur, Hraunárdalur og Hvassafellsdalur. Rétt að í Ystagerðisrétt.

Nánar um afréttarlönd á Djúpadöllum.

- A. **Strjúgsárdalur** frá Strjúgsá til botns. Tilheyrir Strjúgsá.
- B. **Sneis** milli Strjúgsár og Þverdalsár. Heyrir undir Saurbæ.
- C. **Þverdalur** vestan Þverdalsár og Djúpidalur fram að garði í Stóruskriðu. Heyrir undir Stóra-Dal.
- D. **Djúpidalur** austan Djúpadalsár frá garði í Stóruskriðu til botns. Heyrir undir Saurbæ.
- E. **Hvassafellsdalur** vestan Djúpadalsár frá Hrauná til botns og Hraunárdalur sunnan Hraunár. Heyrir undir Hvassafell.
- F. **Hraunárdalur** norðan Hraunár og Hagárdalur sunnan Hagár til botns. Heyrir undir eyðibýlið Kambfell.
- G. **Hagárdalur** norðan Hagár frá Grjótartungum til botns og dalurinn Brandi að sunnan. Heyrir undir Litla-Dal.
- H. **Dalurinn Brandi** að norðan. Heyrir undir Stóra-Dal.
- I. **Skjöldalur** frá Jarðfalli til botns, sunnan Skjöldalsár. Heyrir undir Miklagarð, Litlagarð, Samkomugerði 1 og Samkomugerði 2.

4. Land frá Djúpadalsá og suður að Gilsá, þar með talinn Djúpidalur, Þverdalur, Sneis og Strjúgsárdalur. Rétt að í Vallarétt.

Nánar um afrétti á Gilsárdal:

- A. **Brekudalur** sunnan Gilsár frá Brekkuhálsi til innstu draga. Heyrir undir Gullbrekku.
- B. **Gilsárdalur** frá Klifi til innstu draga. Heyrir undir Gilsá 1 og Gilsá 2.

- 5. Land frá Gilsá og fram í Eyjafjarðardalsbotn vestan Eyjafjarðarar, þar með talinn Leyningsdalur, Villingadalur, Torfufellsdalur og Arnarstaðatungur. Réttad í Jörunnarstaðarétt, Villingadal og Torfufelli.

Nánar um afrétti á Torfufellsdal og Villingadölum.

- A. **Torfufellsdalur** að Torfufellshálsi til innstu draga og Galtártungur vestan Torfufellsár að Galtá. Heyrir undir Torfufell.
- B. **Leyningsdalur** frá Galtá að Svartá og Svartdalur sunnan Svartár. Heyrir undir Leyning.
- C. **Svartdalur** norðan Svartár norður að Nautá. Heyrir undir eyðijörðina Syðri-Villingadal, sem er nytjuð frá Ytri-Villingadal.

- 6. Eyjafjarðardalur austan Eyjafjarðarar norður að merkjum milli Grænuhlíðar og Æsustaða, þar með talinn Hóladalur og Tjarnadalur. Réttad í Vatnsendarétt.

Nánar um afréttarlönd á Eyjafjarðardal:

- A. **Glerárdalur** að sunnan og Tjarnadalur fram að Trippagarði í Klifsheiði. Heyrir undir Tjarnir og Halldórsstaði.
- B. **Klifsheiði** frá Trippagarði, Svínheiði og Botn að austan og vestan að Sandá. Heyrir undir Hóla.
- C. **Torfur** frá Sandá að Trippagarði í Lækjarfjalli. Heyrir undir Jörunnarstaði.
- D. **Arnarstaðatungur** frá Trippagarði í Lækjarfjalli að Hafará. Heyra undir Arnarstaði og Arnarfell.
- E. **Úlfárheiði**, frá Hafará að Úlfá. Heyrir undir Hólsgarði.

- 7. Land ofan fjallsgirðinga frá Grænuhlíð út fyrir Núpufellshnjúk og Sölvadalur vestan Núpár og síðar Hraunár, þar með talinn Þormóðsstaðadalur, Núpufellsdalur, Æsustaðatungur og Hraunártungur. Réttad er í Þormóðsstaðarétt.

- 8. Sölvadalur austan Núpár og Hraunár og land ofan fjallsgirðinga norður að merkjum á milli Akurs og Bringu, þar með talinn Hraunárdalur og Sandárdalur. Réttad í Möðruvallarétt.

Nánar um afréttarlönd í Sölvadal:

- A. **Bjarkarland** að merkjagirðingu milli Stekkjarflata og eyðibýlisins Bjarkar. Heyrir undir Möðruvelli.
- B. **Finnastaðaland** með Illagilsdal að norðan.
- C. **Kerhólsland** með Illagilsdal að sunnan.
- D. **Ánastaðaland** með Sandárdal að norðan.
- E. **Sandárdalur** að sunnan og Hraunárdalur, Hraunártungur að Hrafnabjörgum vestan Sölvadalsár. Heyra undir Möðruvelli.
- F. **Æsustaðatungur** frá Hrafnabjörgum að Kollhól. Heyra undir Æsustaði.
- G. **Gnúpufellsdalur** frá Kollhól við Sölvadalsá, yfir hálsinn að Þormóðsstaðaá og sá dalur austanverður til botns.
- H. **Þormóðsstaðadalur** er dalurinn vestan ár frá botni að Langhól sunnan við Þormóðsstaðasel. Heyrir undir Þormóðsstaði.

- 9. Svæðið ofan fjallsgirðinga frá Akri og Mjaðmárdal vestan Mjaðmár. Réttad í Rifkelsstaðarétt.

- 10. Munkaþverártungur og Þverárdalur. Réttad í Munkaþverárrétt.

Nánar um afrétti í fyrrum Öngulsstaðahreppi.

- A. **Mjaðmárdalur** liggur að mörkum Saurbæjarhrepps að vestan en Mjaðmá niður að austan. Talið hefir verið að hann tilheyri Stóra-Hamri en vafi nokkur virðist leika á því eftir landamerkjálýsingunni að dæma.
- B. **Munkaþverártungur** liggja austan Mjaðmár og til norðurs að Þverá er fellur úr Þverárdal. Þverárdalur að sunnan tilheyrir einnig Munkaþverá og Þverárdalur að norðan að Smáragili.
- C. **Þramarland** í Garðsárdal nær frá Gerðisá að Kanagili. Eign Öngulsstaðahrepps, notað sem afréttarland.
- D. **Garðsárdalur** nær frá Kanagili að Gönguskarði. Eign Garðsár og notaður þaðan og frá nokkrum öðrum bæjum.
- E. **Almennigur** nær frá Gönguskarði að austan í dalbotn og norður að Melrakkadalsá að vestan. Þar áttu Klausturjarðirnar (Munkaþverárklaustur) upprekstur en það voru allar jarðir frá Ytratjarnarkoti (nú sameinað Ytri-Tjörnnum) að Grýtu meðtalinni, einnig Gröf og Skálpagerði í Kaupangssveit.
- F. **Helgárselsland** nær frá Melrakkadalsá allt norður að Öngulsstaðamerkjum. Eign Höskuldsstaða (áður Jódísarstaða) og notað sem afréttarland þaðan.

11. Land ofan fjallsgirðinga frá Sigtúnum til norðurs, Garðsárdalur, þar með talinn Melrakkadalur, Helgárdalur og Almennigur og land ofan fjallsgirðinga í Kaupangssveit norður að sýslumörkum. Réttað í Þverárrett.

3.6.4. Iðnaðar- og athafnasvæði

Í sveitarfélaginu er ekki um að ræða skilgreindan iðnað á iðnaðarsvæðum, en á nokkrum bújörðum eru starfrækt lítil verkstæði í gömlum útihúsum. Þetta eru aðallega vélaverkstæði. Byggðar hafa verið tvær 1,9 MW virkjanir í Djúpadalsá. Þessar virkjanir falla undir skilgreininguna iðnaðarsvæði. Hitaveitu- og fráveitumannvirki í sveitarfélaginu falla einnig undir sömu skilgreiningu, þ.e. iðnaðarsvæði.

3.6.5. Ferðaþjónusta

Erlendum ferðamönnum sem koma til landsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Þeir voru 113.528 árið 1986, en voru orðnir 201.654 árið 1997, sem er um 78% aukning á 12 árum. Árið 2004 voru ferðamenn orðnir 362.200, sem er rúmlega 70% fjölgun frá 1997.

Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar voru unnin um 6.000 ársverk í ferðaþjónustu árið 1991 og gjaldeyristekjur af erlendum ferðmönnum voru 12,5 milljarðar króna það ár, en árið 1997 var þessi tala orðin 22.3 milljarðar. Atvinnugreinin er þó sveiflum háð. Vandamál ferðaþjónustunnar er, og mun að líkindum verða áfram, hin árstímabundnu umsvif í greininni. Víða er starfsemin eingöngu bundin við sumartímann.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á landsbyggðinni undanfarin ár. Árið 1981 voru skráð 554 ársverk í greininni þar, en 1.204 árið 1990. Sennilega er mun meira vinnuframlag í greininni heldur en kemur fram í opinberum tölum, m. a. vegna þess að ársverk í ferðaþjónustu bænda, sem í mörgum tilvikum eru hlutastörf, eru ekki talin með eftir því sem næst verður komist. Ferðaþjónusta bænda er ört vaxandi atvinnu- og/eða aukabúgrein sem vissulega býður upp á möguleika til verðmætasköpunar á landsbyggðinni.

Heildarfjöldi gistinátta í landinu öllu árið 1997 var 1.439 þúsund, 6,7% fleiri en árið 1996. Vinsælustu áfangastaðir Íslendinga voru Norðurland eystra með 19% gistinátta, Suðurland með 21% og höfuðborgarsvæðið með 17%. Nærri helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Norðurlandi eystra, 12% á Suðurlandi og 10% á Austurlandi. Af heildargistinóttum íslenskra ferðamanna voru 56% á hótélum og gistiheimilum, 28% á tjaldsvæðum, en minna á öðrum gististöðum. Útlendingar eyddu 76% gistinátta á hótélum og gistiheimilum.

Eyjafjarðarsveit er aðili að Markaðsskrifstofu Norðurlands í ferðamálum, sem hefur aðsetur á Akureyri.

Ferðaþjónusta hefur verið talsvert vaxandi í Eyjafjarðarsveit á síðustu árum og grundvöllur hennar byggist að miklu leyti á þjónustu sem veitt er á eftirtöldum stöðum:

1. Sumarhótel er í heimavist Hrafnagilsskóla ásamt ýmiss konar tengdri þjónustu.
2. Gisti- og veitingaaðstaða er á Leifsstöðum.
3. Gisti- og veitingaaðstaða er á Öngulsstöðum III.
4. Gistiheimili er rekið á Björk.
5. Farfuglaheimili er rekið í Fellshlíð.
6. Veitingasala og verslun eru í blómaskálanum Vín. Þar er einnig Íslandsbærinn, veitingahús í gömlum stíli.
7. Í Jólalúsinu er rekin verslun allt árið, þar sem fyrst og fremst er boðin vara sem tengist jólahaldinu.
8. Tjaldsvæðið við Hrafnagilsskóla er með snyrtiaðstöðu í kjallara íþróttahússins. Það er rekið sem hluti af starfsemi sumarhótelsins í heimavist skólans.
9. Golfvöllir eru á Leifsstöðum og Þverá.
10. Útleiga á sumarhúsum er á Þverá.

Ennfremur mætti nefna sumarbúðir KFUM og K á Akureyri, sem eru við Hólavatn, og sumarbúðir fyrir þroskahefta eru starfræktar að Botni.

Ágæt aðstaða er fyrir sýningar- og ráðstefnuhald í Hrafnagilsskóla og sem dæmi má nefna að þar hafa verið haldnar landbúnaðar-, iðn- og handverkssýningar. Sýningaraðstaða er í íþróttahúsinu, skólahús-næðinu og jafnframt utandyra í nágrenninu. Ýmiss konar menningarviðburðir, sem tengdust sýningunum, voru í nálægum húsum.

Handverkshátíðin að Hrafnagili.

Á árunum milli 1980 og 1990 varð mikil umræða um stöðu kvenna til sveita, m. a. um hvernig mætti skapa þeim aukin atvinnutækifæri í kjölfar breyttra búskaparhátta og samdráttar í hefðbundnum landbúnaðar-störfum. Að þessari umræðu komu fjölmargir einstaklingar og fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila og félaga eins og atvinnu- og iðnþróunarfélaga o. fl. Stofnað var til atvinnuþróunar- og átaksverkefna víða um land þar sem handverk og efling þess var megin viðfangsefni, og upp spruttu í kjölfarið handverkshópar sem sumir eru enn starfandi og hafa haft mikla þýðingu fyrir þróun handverksins hver á sínum stað. Í kjölfar þessarar miklu „handverksvakningar“ varð til hugmynd að handverkssýningunni á Hrafnagili, og var hún fyrst haldin vorið 1993 og árlega síðan. Á fyrstu árum sýningarinnar var markmiðið helst það að skapa handverksfólki vettvang þar sem það gæti kynnt og falboðið vöru sína. Í seinni tíð hefur verið lögð á það áhersla að bjóða í tengslum við sýninguna fræðslu og námskeið af fjölbættum toga þar sem handverksfólki og öðrum, sem áhuga hafa á býðst að kynna sér upprunaleg vinnubrögð og efnisnotkun við gerð ýmiss konar handunninna muna. Til leiðbeiningar hefur verið fengið handverksfólk, m. a. frá öðrum ríkjum Norðurlanda en Íslandi, sem aflað hefur sér viðtækra þekkingar á handverki og sögu þess og sinnir gjarnan ráðgjafar- og fræðsluhlutverki gagnvart öðru handverksfólki í heimalandi sínu.

Sveitarstjórn hefur mótað sýningunni ramma og sett henni ákveðna stefnu til að framfylgja. Þar segir m.a. svo að „Eyjafjarðarsveit gengst fyrir því að árlega sé haldin „Handverkshátíðin að Hrafnagili“ og sé nafn hátíðarinnar og merki eign sveitarfélagsins.“ Markmið handverkshátíðarinnar sé „að stuðla að kynningu og sölu á íslensku handverki og skapa um það verkefni aðlaðandi umgjörð. Það er jafnframt markmið hátíðarinnar að efla gæðavitund handverksfólks og þekkingu þess á efnismeðferð og þeim vinnsluáðferðum, sem einkenna íslenskt handverk og handverkshefð. Einnig að gera hátíðina að fjölsóttum viðburði sem dregur til sín gesti og gangandi sem víðast að.“

Þessu markmiði verði m. a. náð með eftirfarandi hætti:

- a. *Að nýta hluta af húsnæði Hrafnagilsskóla, íþróttahúsi skólans og lóð til að koma þar upp aðstöðu fyrir Handverkshátíðina.*
- b. *Að því að leigja handverksfólki aðstöðu á þessu svæði til sýningar og sölu á framleiðslu sinni.*
- c. *Með því að bjóða völdu handverksfólki ókeypis aðstöðu til sýningar og sölu á sinni framleiðslu. Kröfur til þessa fólks um efnistöð, þekkingu og gæði framleiðslunnar eru mun meiri en skv. b lið.*
- d. *Með því að bjóða í tengslum við hátíðina námskeið eða fræðslu um handverk, sem höfðað geti til handverksfólks og áhugafólks um íslenskt handverk.*
- e. *Með því að skipuleggja svæði utan húss til sýningar á handverki, sem hentar eða þarfnast útisvæðis eða til sýningar og sölu á öðrum vörum í þeim tilgangi að auka á fjölbreytni og skapa á sýningarsvæðinu lifandi markaðsstemningu.*
- f. *Með því að velja hverri hátíð (sýningu) ákveðið þema sem sé áberandi í umgjörð og ásýnd hennar.*
- g. *Að bjóða meðan á hátíðinni stendur skipulagða dagskrá með skemmtiefni eða annarri afþreyingu sem kynni að henta til að skapa aukid líf inni á hátíðarsvæðinu.*
- h. *Að bjóða til atburða utan svæðisins ef það þykir henta, t. d. í samstarfi við ferðaþjónustuaðila, aðra atvinnurekendur eða félagasamtök innan sveitarinnar.*

Handverkshátíðin að Hrafnagili hefur vafalítið stuðlað að þróun handverksins með jákvæðum hætti, enda er það samdóma álit þeirra, sem söguna þekja og fylgst hafa með á þessum vettvangi, að miklar framfarir hafi orðið í öllu handbragði og listrænum tókum sýnenda á viðfangsefni sínu frá ári til árs. Þátttakendur koma víða að, karlar og konur til sjávar og sveita, og hafa þannig lagt sitt af mörkum til að auka veg sýningarinnar og handverksins.

Fjöldi sýnenda hefur verið nokkuð breytilegur frá ári til árs eða á bilinu 80-120. Á síðustu árum hafa gestir skipt þúsundum og er ekki fjarri lagi að þeir hafi verið á bilinu 8-10 þúsund. Þannig er Handverkshátíðin einn stærsti einstaki viðburðurinn í ferðaþjónustu á Norðurlandi ár hvert.

3.6.6. Svæði fyrir frístundabyggð, frístundahús

Samkvæmt Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 voru sumarhúsasvæði í Eyjafjarðarsveit fimm talsins; í landi jarðanna Stokkahlaða II, Rauðhúsa, Hrísa, Leifsstaða og Eyrarlands. Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir tíu nýjum svæðum; í landi Kropps, Víðigerðis, Brúnalaugar, Bjarkar, Öngulsstaða I og III, Höskuldsstaða, Jódísarstaða, Þverá sv. I, Þverá sv. II og í landi Brúarlands. Á þessum stöðum eru lóðir ýmist leigðar út til langsi tíma eða seldar, en dæmi er einnig um það að landeigandi eigi húsin og leigi þau tímabundið. Talsvert mikið er einnig af stakstæðum sumarhúsum í sveitarfélaginu.

Í fjörunni í landi Ytri- og Syðri-Varðgjár hafa fyrr á árum verið byggð sex frístundahús, flest fyrir 1960, án þess að deiliskipulag lægi fyrir. Frá árinu 1987 til ársloka 1994 voru samþykkt 19 frístundahús í Eyjafjarðarsveit og frá árinu 1994 til 2003 hafa verið samþykkt um 20 frístundahús.

Stök frístundahús eru á eftirtöldum stöðum í Eyjafjarðarsveit: í Fífilgerði, á Arnarhóli, á Jódísarstöðum, á Höskuldsstöðum (2 hús) á Öngulsstöðum, á Borgarhóli (2 hús), á Rifkelsstöðum (3 hús), á Litla-Hamri, á Rútsstöðum, á Guðrúnarstöðum (3 hús), í Hólakoti (2 hús), í Torfufelli (3 hús), í Leyningi, á Gilsá I, á Gilsá II, í Samkomugerði I, á Völlum, í Syðra-Dalsgerði, í Miklagarði, í Hraungerði, á Árbakka, á Grund og á Teigi. Sjá einnig kafla 2.3.4. -Grg.-I.

3.6.7. Fólksfjölgun og mannaflí

Í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar fyrir tímabilið 2005-2025 er gert ráð fyrir að íbúafjölgun í sveitarfélaginu verði á bilinu 1,0-3,0% á ári. Miðað við 1,0% fjölgun verður íbúafjöldi Eyjafjarðarsveitar 1204 árið 2025. Miðað við 2,0% fjölgun verður íbúafjöldinn 1264 og miðað við 3,0% verður íbúafjöldinn 1322.

Ef litið er á hugsanlega þróun einstakra atvinnugreina í Eyjafjarðarsveit má ætla að aukningin verði aðallega í opinberri og einkarekinni þjónustu og iðnaði. Einkum er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta og tengdar atvinnugreinar eigi eftir að vaxa á næstu árum. Ástand atvinnumála á Eyjafjarðarsvæðinu öllu ræður miklu um þessa þróun og þá hefur atvinnuástandið á Akureyri mikil áhrif.

Í framreikningi á mannafla (ársverk) er reiknað með að hlutfall mannafla/íbúa verði á milli 48-50% af framreiknaðri hámarksíbúatölu. Þurfa þá ný atvinnutækifæri á skipulagstímabilinu að vera 105 miðað við 1,0% fjölgun íbúa eða 5,3 ný atvinnutækifæri á ári að meðaltali, miðað við 2% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera 136 eða 6,8 á ári og miðað við 3,0% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera 165 á skipulagstímabilinu eða um 8,2 ný atvinnutækifæri á ári að meðaltali.

3.7. Veitur**3.7.1. Vatnsveita**

Tvær nokkuð stórar samveitur eru í Eyjafjarðarsveit. Önnur er **Vatnsveita Kaupangssveitar**, sem er einkaveita og tók til starfa sumarið 2002 og sækir vatn sitt í lindir úr landi Ytri-Varðgjár. Gert er ráð fyrir að þessi veita geti þjónað byggðinni norðan Þverár ytri. Flestir bæir og hús í nyrðri hluta svæðisins og að Gröf hafa tengst eða eiga kost á að tengjast þessari veitu. Veituna er unnt að stækka verulega með því að sækja viðbótarvatn í Bíldsárskarð og næsta nágrenni, en um það svæði segir m.a. svo í greinargerð Halldórs G. Péturssonar frá árinu 1994:

„Efst í vestanverðu **Bíldsárskarði** í um 640 m.y.s. eru nokkuð vatnsmiklar lindir, sem rætt hefur verið um að virkja fyrir nokkra bæi og íbúðarhús í Kaupangssveit. Vatnsmesta lindin er út í mýrarflákum neðan við raflínu og línuslóðann sem liggur um skarðið. Að óbreyttu er varla mikil mengunarhætta af slóðanum eða raflínunni, því umferð ríðandi manna og fjárrekstur er sunnan megin í skarðinu. Þetta getur breyst ef ný raflína verður lögð um svæðið, en þessi raflínuleið var auglýst fyrir nokkrum árum og samþykkt með fyrirvara í Eyjafjarðarsveit. Aðrar lindir eru norðan og ofan við slóðann, nær klettabelti. Vatnsuppkoman virðist tengjast fornu hraunlagi sem sést í klettunum. Einnig er hugsanlegt að vatnið tengist á einhvern hátt brotalínunum með norðlæga stefnu. Ef af þessari vatnsveitu verður er verndarsvæði vatnsbólsins fjallstoppurinn norðan við skarðið. Grannsvæði er skarðið norðan við Bíldsá og

klettabeltin ofan við lindirnar. Bíldsárskarð sunnanvert verður að liggja innan fjarsvæðis, en meginhluti þess liggur um fjallið norðan við skarðið.”

Hin samveitan þjónar **Reykár- og Kristneshverfi** og er aðrennslissvæði vatnsbóla við upptök **Grísarár** í Grísarárdal. Þessi veita er í eigu Eyjafjarðarsveitar og Kristnesspítala (FSA). Vatnsgeymir fyrir Reykárhverfi er beint austan við Hléberg, uppi í hlíðinni. Safntankur er ofan við byggðina í Kristnesi. Um þetta vatnsból segir efnislega svo í áðurnefndri greinargerð Halldórs G. Péturssonar:

„Í **Grísararbotnum við Grenishóla** eru vatnsból Reykárhverfis ásamt nálægum húsum og Kristness. Vatnsbólin, sem eru í u.þ.b. 500 m.y.s., eru upptök Grísarár, en þar bullar vatn út úr framhlaupinu (berghlaup) Grenishólum, sem fallið hefur ofan úr Súlum. Nokkuð neðan við vatnsbólin greinist vatnslögnin upp í tvær leiðslur, önnur liggur að Reykárhverfi, hin að Kristnesi, en ofan við byggðina á báðum stöðum eru safntankar. Hér eru virkjaðar vatnsmiklar lindir, sem sennilega er afrennslisvatn undan og úr Grenishólum. Vel er þó hugsanlegt að eitthvað af þessu vatni sé ættað úr berggrunni og komi fram við brotalínur og/eða jarðlög undir hólum”.

Inntaksmannvirki í vatnsbólinu hafa verið endurnýjuð (2002 og 2003) og er nú allt vatn tekið úr lokuðum brunnum og svæðið afgirt.

Aðrar vatnsveitur í sveitarfélaginu eru allar í einkaeign og þjóna ýmist einni bújörð eða stökum íbúðarhúsum. Einnig eru nokkur dæmi um að fleiri hús- eða jarðaeigendur hafi sameinast um vatnsveitu. Stærstar slíkra veitna eru veita, sem þjónar Öngulsstöðum og nálægum bæjum og stökum íbúðarhúsum, en hin veitan þjónar Laugalandi, Freyvangi og tíu bæjum og íbúðarhúsum í nágrenninu. Öngulsstaðaveitan sækir sitt vatn að mestu leyti í borholu, en hin veitan í lindir í Brattahjalla.

Allar veitur, sem þjóna búrekstri eða fleiri en 50 notendur tengjast, þurfa starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins og hefur fjöldi veitna fengið það á síðustu árum. Gengið er út frá að allar veitur, sem starfsleyfis skyldar eru, hafi fengið slíkt leyfi.

3.7.2. Hitaveita

Við Eyjafjörð finnast víða lághitasvæði. Eitt stærsta svæðið er oft kallað Laugaland-Hrafnagils-Kristnessvæði í Eyjafjarðarsveit og þaðan er vatns aflað fyrir Norðurorku. Hluti af þessu svæði er laugasvæði í landi jarðarinnar Ytri-Tjarna. Í austanverðri Eyjafjarðarsveit hefur hitaveita verið lögð frá Austurhlíð að Sámstöðum. Garðsá er þó ekki tengd veitukerfinu. Frá hitaveitulögninni til Akureyrar fá tvær bújarðir næst sunnan við bæjarmörkin heitt vatn, það eru Hvammur og Ytra-Gil.

Eyjafjarðarsveit rekur eigin hitaveitu fyrir Reykárhverfið. Hitaveita frá borholu í landi Reykhúsa er notuð í Kristnesbyggð.

Í Eyjafjarðarsveit er víða að finna stakar laugar og frekar lítil hitasvæði. Í þessu sambandi má nefna bújarðir eins og Hólsgærði, Garðsá í Kaupangssveit, Botn og Gil. Hitastig lauganna er mjög mismunandi eftir stöðum, eða á bilinu 20-80° C. Sammerkt er með öllum þessum laugum og hitasvæðum að vatnsmagnið er talið mjög takmarkað, nema helst í Hólsgærði. Árið 1991 var stofnað félag í Eyjafjarðarsveit til að bora eftir heitu vatni og til nýtingar á því. Stofnendur voru 10 og áttu allir jafnan hlut og var Eyjafjarðarsveit einn hluthafa. Félagið hlaut nafnið Ylur sf. Félagið hafði forgöngu að samningum við eigendur Hólsgærðis og Torfufells um rannsóknir og borun í svonefnda Hólsgærðislaug. Borun leiddi ekki til þess að upp kæmi nægilegt vatn til nýtingar en margt þótti benda til að það væri finnanlegt. Voru gerðar áætlanir um frekari boranir og lagningu hitaveitu í fyrrum Saurbæjarhreppi. Af ástæðum sem hér verða ekki raktar varð hins vegar ekkert af framkvæmdum. Lá málið síðan niðri í mörg ár og var ekki tekið aftur til meðferðar af sveitarstjórn fyrr en á árinu 2003. Þeirri athugun er ekki lokið og óljóst er hver framvindan verður.

3.7.3. Rafveita

Fyrsta rafvæðing í sveitarfélaginu var árið 1923 á Munkaþverá, með virkjun Þverár efri. Voru þá sett rafljós í íbúðarhús og kirkju. Á árunum í kringum 1930 voru settar upp vatnsaflsvirkjanir á nokkrum bæjum í Kaupangssveit, s.s. á Varðgjánum og Eyrarlandi og í Bíldsá ofan Króksstaða var virkjun, sem þjónaði nokkrum nágrannabæjum. Kom þar m.a. að verki kunnur athafnamaður, Bjarni Runólfsson frá Hólmi í Landbroti.

Síðar voru lagðar sérstakar raflínur frá Akureyri að Kristneshæli og Húsmæðraskólanum á Laugalandi, þegar þær stofnanir tóku til starfa, og var þá um leið lagt rafmagn í næstu íbúðarhús. Allvíða voru komnar upp mótör- og vindrafstöðvar áður en raflínur voru lagðar um sveitina.

Með virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu á árunum 1938-1939 hófst dreifing rafmagns úr vatnsaflsvirkjun í Eyjafjarðarhéraði. Þessi fyrsti áfangi virkjunarinnar var alfarið í eigu Akureyrarbæjar. Laxárvirkjun II tók síðan til starfa árið 1954, og með því jókst orkudreifingin. Orkuveitusvæði Laxárvirkjunar náði frá Húsavík til Dalvíkur og skyldi hún þjóna bæði þéttbýli og dreifbýli. Á sjötta áratugnum voru lagðar dreifilínur um sveitir Eyjafjarðar. Árið 1983 sameinaðist Laxárvirkjun orkufyrirtækinu Landsvirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, annast rafmagnsdreifingu í Eyjafjarðarsveit. Í fyrstu voru allar raflínur til neytenda í sveitarfélaginu á tréstaum, en nú hafa þær verið lagðar í jörð á nokkrum stöðum. Sérstök raflína liggur einnig að dælustöðvum Norðurorku hf.

Nýtt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur tekið við rekstri og uppbyggingu allra flutningsmannvirkja af Landsvirkjun.

Kröflulína 1 (KR1), sem er ein af byggðalínunum svokölluðu í eigu Landsnets hf. er 132 kV lína sem liggur frá Kröflu að spennistöðinni á Rangárvöllum á Akureyri. Línan liggur um Bíldsárskarð og þvert yfir Eyjafjarðarsveit norðanverða.

Komi til stóriðjuframkvæmda á Eyjafjarðarsvæðinu telur Landsvirkjun að leggja þurfi allt að 220 kV háspennulínu yfir hálendið, sem tengist frá Svartárkoti í Bárðardal og færi um Bíldsárskarð og yfir flatlendi Eyjafjarðarsveitar til Akureyrar. Lega þessarar línu var staðfest af umhverfisráðherra árið 1994. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti línuna með fyrirvara um að hún yrði sett í jörð yfir flatlendið, sbr. bókun í 5. tl. fundargerðar frá 19. jan. 1992.

Meginhluti sveitarinnar hefur þriggja fasa raflínu. Heimtaugar eru mismunandi, ýmist eins eða þriggja fasa.

Tvær virkjanir voru í Sölvadal. Önnur þeirra, sem var við Þormóðsstaði, eyðilagðist í stórrí aurskriðu sumarið 1995. Hin var við Eyvindarstaði en er ekki lengur í notkun.

Fyrirtækið Fallorka ehf. hóf byggingu virkjunar í Djúpadalsá 2003 sem lokið var 2004. Áætlað vélarafl virkjunarinnar er um 1,9 MW. Stífla og lón eru skammt ofan við stöðvarhúsið sem reist var í landi Samkomugerðis. Húsið er um 100 fm. Yfirfallshæð á stíflu er 79 m.y.s. eða um 5 m yfir yfirborði árinna við stíflustæðið. Stærð lónsins er um 3 ha og lengd aðrennslisskurðar að inntaki er um 350 m. Norðuorka hf. kaupir alla virkjaða orku sem flutt er með jarðstreng að dæluhúsi við Ytra-Laugaland.

Fallorka ehf. hóf byggingu annarrar virkjunar ofar í ánni árið 2005. Við þá framkvæmd myndaðist uppistöðulón, allt að 47 ha að stærð, sem að mestu er í landi Stóra-Dals. Þessari virkjun fylgir stöðvarhús og vélar sem framleiða um 1,9 MW afl.

3.7.4. Fráveita

Árið 1969 voru samþykkt á Alþingi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 12/1969. Í lögum þessum voru fjölmörg ákvæði sem snertu frárennsli, meðferð sorps og úrgangs o. fl. Heilbrigðisreglugerð, nr. 45/1972, kvað nánar á um framkvæmd laganna, ábyrgð sveitarfélaga, skipan heilbrigðisnefnda í hverju sveitarfélagi og verksemi þeirra. Jafnframt gerði reglugerðin ráð fyrir setningu sérstakra heilbrigðissamþykktar, sem gilda skyldu fyrir einstök sveitarfélög. Í heilbrigðisreglugerðinni, sem sett var með heimild í 9. gr. fyrrnefndra laga, voru skýr ákvæði sem vörðuðu fráveitur, sbr. 61. gr., þar sem sú krafa er gerð að allt skólp „*skuli leitt út fyrir stórstraumsfjöru, nema heilbrigðisnefnd geri ríkari kröfur*”. Þá sagði í 67. gr. reglugerðarinnar, að „*þar sem frárennsli frá salernum og öðru skólpi verði ekki veitt í göturæsi eða aðra almenna skólpveitu, skal veita því í vatnsheldum holræsum í rothærr, og skal leita um það fyrir mæla heilbrigðisnefndar, hverju sinni.*”

Nú eru í gildi lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fjölmargar reglugerðir hafa verið gefnar út með heimild í þeim lögum, m. a. reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og reglugerð

nr. 799 frá sama ári, um meðhöndlun seyru. Samkvæmt fyrri reglugerðinni skulu heilbrigðisnefndir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skólp verði hreinsað og þær skulu hafa eftirlit með öllum fráveitum.

Sveitarstjórn hefur markvisst beitt sér fyrir því að fráveitumálunum í sveitarfélaginu verði komið í ásættanlegt horf. Árið 2000 var gerð formleg könnun á ástandi fráveitumála við einstök hús og bæi. Þá kom í ljós að enn skorti nokkuð á að ástandið væri viðunandi. Í framhaldi könnunarinnar gerði sveitarfélagið samning um magnkaup á rotþróm og um 30 aðilar nýttur sér þann samning. Fyrstu yfirferð tæmingarinnar lauk sumarið 2003 og í greinargerð frá verktakanum þar sem lagt er mat á ástand þróna kemur fram að enn er ástandið óviðunandi við ca 30 bæi og hús. Með hliðsjón af greinargerðinni hefur heilbrigðiseftirlitin verið falið að krefjast úrbóta þar sem þeirra er þörf. Að því er stefnt að þeim ljúki sumarið 2005.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun seyru skulu sveitarfélög koma á kerfisbundinni tæmingu seyru úr rotþróm og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi til meðhöndlunar á seyrinni. Í nóvember 1999 beindi sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þeim tilmælum til Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs., að hún beitti sér fyrir því að fundinn yrði staður eða staðir til förgunar á seyru og að kannaður yrði áhugi sveitarfélaga á starfssvæði Sorpeyðingarinnar fyrir sameiginlegu útboði á kerfisbundinni tæmingu rotþróa og eftirliti með þeim. Þetta leiddi til þess að í desember 2000 var gerður samningur milli Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. og Gámapjónustu Norðurlands ehf. um að fyrirtækið tæki að sér tæmingu rotþróa og vinnslu seyrunnar. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hafði áður gefið út starfsleyfi til meðhöndlunar á seyrinni og er hún kölluð og haugsett á Möðruvallaeysum. Samningur um tæminguna gerir ráð fyrir að allar rotþrær verði tæmdar á þriggja ára fresti og oftast þar sem nauðsynlegt er.

Í byggðarkjörnunum Reykárhverfi og í Kristnesi eru sameiginlegar rotþrær og einnig í íbúðarbyggð í landi Brúarlands (Brúnahlíð).

Við athugun, sem gerð var á árinu 2004, kom í ljós að nokkur hús í sveitarfélaginu voru án fullnægjandi fráveitu. Eigendum þeirra var veittur frestur til 31. ágúst 2005 til að koma þeim málum í viðeigandi horf. Þá var gert ráð fyrir því að fráveitumál í sveitarfélaginu yrðu komin í gott lag og stæðust allar kröfur viðkomandi laga- og reglugerðarákvæða.

3.7.5. Sorpeyðing

Öll sveitarfélög við Eyjafjörð ásamt Þingeyjarsveit, vegna fyrrum Hálshrepps, reka sameiginlega byggðarsamlag, Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs., til að annast móttöku og förgun úrgangs úr aðildarsveitarfélögunum. Sorpsöfnunin og flutningur úrgangs á förgunarstað og rekstur gámasvæða er viðfangsefni hvers sveitarfélags fyrir sig.

Í 3. gr. stofnsamnings um Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. eru verkefni samlagsins nánar skilgreind, sbr. eftirfarandi:

- Að reka urðunarstað á Glerárdal eða annars staðar á svæði samlagsins.
- Að reka móttökustað fyrir brotamálma.
- Að setja upp og reka móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- Að skipuleggja svæði til förgunar salernisúrgangs, seyru og ristarúrgangs í samvinnu við sveitarstjórnir og heilbrigðisnefnd.
- Að athuga aðra staði sem til greina kæmu sem urðunarstaðir á Eyjafjarðarsvæðinu og kanna jafnframt möguleika á sorpbrennslu með orkunýtingu í huga.
- Að stuðla að aukinni endurnýtingu og minnkun úrgangs og eiga samstarf við aðila sem starfa að endurvinnslu.
- Að kynna fyrirtækjum og almenningi tilhögun á móttöku úrgangs.

Byggðarsamlagið hefur sinnt öllum þessum viðfangsefnum og er rekstur urðunarstaðarins á Glerárdal víðamesta verkefnið. Þar sem bæjaryfirvöld á Akureyri hafa ákveðið að loka innan fárra ára urðunarstaðnum á Glerárdal er leit að heppilegum stað verkefni sem Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. er með á sínu borði. Sú leit hefur ekki enn borið árangur þótt nokkrir staðir hafi komið til álita. Ræður þar bæði andstaða viðkomandi sveitarstjórna og niðurstöður jarðfræðilegra forrannsókna sem ekki hafa sýnt nægilega jákvæðar niðurstöður.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur látið sorp- og umhverfismál í víðara samhengi nokkuð til sín taka. Á fundi hennar 18. jan. 2000 var eftirfarandi ályktun til umfjöllunar:

„Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar beinir þeim tilmælum til heilbrigðisnefndar Norðurlandskjördæmis eystra að semja nú þegar drög að samþykkt um sorphirðu og meðferð úrgangs til að leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórnir sbr. lög nr. 59/1999, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Sveitarstjórn telur edlilegt, að í samþykktinni verði reynt að samræma stefnu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu, eða eftir því sem við á í öllu umdæmi nefndarinnar, í sorphirðumálum, með það að markmiði að draga sem mest úr urðun sorps en leggja í þess stað megináherslu á flokkun þess, endurvinnslu og jarðgerð. Nefndin leiti samráðs við Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. í þeim efnum þar sem fyrirtækið hefur mikilvægu hlutverki að gegna á þessum vettvangi. Sveitarstjórn telur í þessu samhengi sérstaka ástæðu til að vekja athygli á nauðsyn samræmingar á þessu sviði og mótun framtíðarstefnu í sorpförgunarmálum. Slík samræming er ekki síst nauðsynleg nú þar sem sveitarfélög við Eyjafjörð verða innan tíðar að leysa sín á milli þann ágreining sem enn ríkir um val á framtíðarstað fyrir sorpförgun á svæðinu.”

Áður en ályktunin hlaut afgreiðslu bárust sveitarstjórn drög að samþykkt um sorphirðuna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, sem mjög var í anda tillögunnar. Drög Heilbrigðiseftirlitsins urðu síðan að staðfestri samþykkt, sem afgreidd var af umhverfisráðuneytinu 19. júlí 2000 og gildir samþykktin sameiginlega fyrir öll sveitarfélög á Norðurlandi eystra.

Eins og fram kemur í drögum að ályktun um sorphirðuna taldi sveitarstjórn nauðsynlegt að leita leiða til að minnka eins og kostur væri umfang þess sorps sem færi til urðunar. Eftirfarandi tvær ályktanir eru í anda þess viðhorfs:

Ályktun frá 24. sept. 2000.

„Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar beinir þeim tilmælum til stjórnar Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. að hefja nú þegar undirbúning að aðgerðum er hafi það að markmiði að minnka eins og frekast er kostur umfang þess sorps, sem fer til urðunar. Sérstaklega verði möguleikar á heimajarðgerð teknir til skoðunar eða aðrar þær aðferðir við jarðgerð sem henta mismunandi staðháttum á starfssvæðinu. Jafnframt verði allra tiltækra leiða leitað til að koma í veg fyrir urðun á öðrum endurvinnanlegum úrgangi s. s. pappír og plasti. Sveitarstjórn beinir einnig þeim tilmælum til stjórnar Sorpeyðingarinnar að hún láti kanna með hvaða hætti best mætti standa að söfnun á landbúnaðarplasti sem fellur til í sívaxandi mæli í búrekstri.”

Ályktun frá 13. maí 2001.

„Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkir að hefja nú þegar undirbúning að jarðgerð lífræns heimilisúrgangs með það að markmiði að öll heimili í sveitarfélaginu hafi gerst þátttakendur í því verkefni frá og með 1. jan. 2003. Á árinu 2001 verði auglýst eftir sjálfbodaliðum til að taka þátt í tilraunaverkefni á þessu sviði og á árinu 2002 verði að því stefnt að allt að helmingur heimila stundi jarðgerð á lífrænum úrgangi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að taka upp samstarf við Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. um skipulag og framkvæmd þessa verkefnis og standa fyrir kynningu á því til íbúanna. Samhliða þessu verkefni verði skipulag annarrar sorphirðu tekið til endurskoðunar.”

Í anda þessarra ályktana hefur sveitarstjórn m. a. hvatt íbúana til að stunda heimajarðgerð og lagt til hentug flát til jarðgerðar. Þeir sem hana stunda fá afslátt af sorphirðugjaldinu og nemur afsláttur fyrir árið 2004 þrjú þúsund krónum. Um 80 af ca. 300 heimilum í sveitarfélaginu stunda nú heimajarðgerð, þannig að enn er nokkuð langt í land með að hún verði almenn eins og ályktunin frá árinu 2001 gerði ráð fyrir.

Nýtt fyrirkomulag á sorphirðunni tók gildi í nóvember 2001. Nú eru öllum heimilum lögð til flát og þau eru losuð á hálf mánaðar fresti í stað vikulega eins og áður hafði verið. Val er um mismunandi stærðir fláta eftir því hvað hentar sorpmagni hvers og eins. Sorphirðugjaldið tekur mið af stærðinni og er með þeim hætti reynt að samræma gjaldtökuna raunverulegu magni sorpsins. Um leið og þetta fyrirkomulag var tekið upp var komið á fót þremur gámasvæðum þar sem eru gámar fyrir flokkun á fernum og pappír og gámur fyrir annan heimilisúrgang. Gámum undir brotjárn og timbur er reglulega dreift á ákveðna staði í sveitarfélaginu.

Reynsla af þessu fyrirkomulagi er almennt góð þótt nokkrar brotalamir hafi komið í ljós sem reynt hefur verið að bæta úr.

3.7.6. Fjarskipti

Allt dreifikerfi síma er komið í jörð. Ljósleiðari liggur frá Akureyri inn að Hrafnagilsskóla. Um Eyjafjarðarsveit liggur auk þess ljósleiðari, sem lagður var á vegum Landsvirkjunar, frá Vatnsfelli til Akureyrar. Lagður hefur verið ljósleiðari samhliða jarðstreng frá Djúpadalsvirkjun til Akureyrar. Frá sama jarðstreng liggur ljósleiðari í tengihús í Sólgarði og þaðan í annað tengihús í Ystagerði. Sjá sveitarfélagsupprátt. Síminn undirbýr nú lagningu ljósleiðara frá símsstöð í Hrafnagilsskóla að nýrri símsstöð sem setja á upp við Þórustaði til að þjóna aukinni byggð í Kaupangssveit

Endurvarpsstöð fyrir RÚV er í landi jarðarinnar Háls og endurvarpar Landssímans eru einnig við Sólgarð, Sámstaði og Ytra-Dalsgerði.

Vegna Akureyrarflugvallar hefur flugmálastjórn komið upp aðflugsgeislasendi, loftnetsbúnaði og vararafstöð í landi Þórustaða. Í tengslum við flugumferð á svæðinu hefur flugmálastjórn enn fremur komið upp eftirtöldum búnaði: Frá Hvammi að flugvelli eru miðlínuljós með 120 m millibili. Í landi Hvamms eru einnig fjölstefnuviti, fjarlægðarmælir og skyggismælir. Á Jódísarstöðum er markviti og þaðan að Hvammi eru leiðiljós sem eru með 1400 til 1800 m millibili, sem nú er verið að þétta. Við bæinn Torfur og í botni Villingadals eru fjölstefnuvitar. Ef flugvöllur verður lengdur til suðurs mun ljósa- og aðflugsbúnaðar sem er í miðlínu brautar færast til og aukast að einhverju leyti.

Fjarskiptaendurvarp Hjálparveitarinnar á Akureyri er staðsett á fjallinu Kerlingu.

3.8. Samgöngumál**3.8.1. Almenn um samgöngumál**

Eiginleg vegagerð í Eyjafjarðarsveit hófst í lok 19. aldar. Í fyrstu var lagður vegur vestan Eyjafjarðarár, allt inn að Saurbæ, og tengingar austanvert byggðust á skilgreindum vöðum í ánni. Síðar komu til svokallaðar lögferjur á Eyjafjarðará. Þær voru við Saurbæ, við Stokkahlaðir og Ytra-Gil.

Upphafs svokallaðra akbrauta er að leita til vegalaga sem sett voru á Alþingi árið 1894. Þar kemur sundurgerð í flokkun og nafngiftum vega fram. Eftir þetta hafa vegalög tekið sífelldum breytingum, bæði hvað varðar fjármögnun og verkkröfur. Í lok síðari heimsstyrjaldar 1945 má heita að akfærir vegir hafi verið komnir að flestum býlum í sveitarfélaginu. Síðan hefur verið unnið áfram að þróun landsamgangna innan sveitarfélagsins, en mishratt eftir tímabilum. Sveitarstjórn hefur á síðustu árum beint áskorunum til ríkisvaldsins um að hraðað verði endurnýjun þeirra vega sem enn eru í bágbornu ástandi og standa ekki undir þeim kröfum sem gera þarf til vegakerfisins. Nánar er um það fjallað í kafla 3.8.2.

Fyrsti vöruflutningabíll sem kom til Norðurlands var keyptur til Grundar árið 1907, hinn svokallaði Grundarbíll. Bíllinn vakti athygli á þessum tíma, en hann reyndist ekki hagkvæmur eða hentugur við þær aðstæður sem þá voru. Hlutverki hans lauk því fljótlega og var hann seldur úr landi tveimur árum síðar.

Tveir mjólkurbílar voru keyptir til sveitarfélagsins árið 1926.

Flutningafélag Hrafnagilshrepps var stofnað árið 1943. Það sá um mjólkurflutninga til Mjólkursamlags KEA til 1974 og annaðist ýmsa vöruflutninga fyrir íbúa sveitarinnar.

Flutningafélag Saurbæjarhrepps var stofnað 28. apríl 1943. Það hóf starfsemi í júlí sama ár með kaupum á einni bifreið. Félagið annaðist mjólkurflutninga til Mjólkursamlags KEA til ársins 1974.

Engar fastar almenningssamgöngur eru í boði í Eyjafjarðarsveit. Gerð var tilraun upp úr 1990 með áætlunarferðir á leiðinni Reykárhverfi-Akureyri um aðal ferðamannatímamann. Þær voru fyrst og fremst notaðar af ferðamönnum en lítið sem ekkert af heimamönnum. Þessari þjónustu var fljótlega hætt. Á ný var gerð tilraun með rekstur almenningssamgangna í Eyjafjarðarsveit haustið 1994. Um var að ræða áætlunarferðir á morgnana frá Akureyri að Hrafnagili og Laugalandi og aftur til Akureyrar að austan.

Lítill nýting var í þessum ferðum og var þeim hætt. Veturinn 2001-2002 og aftur 2003-2004 hélt sveitarfélagið uppi áætlunarferðum milli Reykárhverfis og Akureyrar fyrir framhaldsskólanema.

Reglulegar póstferðir eru farnar um sveitina alla virka daga.

3.8.2. Samgöngur á landi, umferð

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, sem þýðir að hún hefur forræði yfir veginum, annast uppbyggingu hans, þjónustu og viðhald. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá. Þeir skulu mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegum er skipt niður í flokka eins og hér greinir:

Stofnvegir (S).

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglum um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kaupsána, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnvegi 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli 200–400 íbúa, ef tengingin er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis, sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir (T).

Vegir, sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða kaupstað eða kaupsán. Einnig má telja tengivegi að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð. Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis, sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins. Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlanaflog og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegaflokk.

Safnvegir (V).

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o. fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum, sem búseta er á, og ekki eru tengd við stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfið er styttra en sem nemur 50 m fyrir hvert býli eða íbúð. Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir (X).

Til þessa vegaflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti en á öðrum þjóðvegum.

Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígir.

Eigendur almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga hafa veghald þeirra. Almennir vegir eru í eigu opinberra aðila og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Reiðvegir eru einkum ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Til reiðvega skal veita fé í vegaáætlun. Hjólreiða- og göngustígir eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Í vegaáætlun er heimilt að veita fé til eftirfarandi samgönguleiða:

Gatna í þéttbýli, vega yfir fjöll og heiðar, vega að bryggjum, eyðibýlum, flugvöllum, skipsbrotsmannaskýlum, skíðaskálum og vega að fjallaskílaréttum. Ennfremur til vega að leitarmannaskálum, fjallaskálum, fullgerðum orkuverum og félagsheimilum, einnig til vega að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferja.

Skrá yfir stofn- og tengivegi í Eyjafjarðarsveit:**821 Eyjafjarðarbraut vestri, stofn- og tengivegur, heildarlengd 42.70 km.**

Heiti upphafspunktar: Hringvegur 1 (Leiruvegur).

Heiti endapunktar: Halldórsstaðavegur.

Vegtegund: **B2, B3, C1, C2, D.**

(Sjá nánar athugasemdir á næstu síðu um heildarlengd).

822 Kristnesvegur, tengivegur, heildarlengd 1.88 km.

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness.

Heiti endapunktar: Eyjafjarðarbraut sunnan Kristness.

Vegtegund: **C2, D.****823 Miðbraut, stofnvegur, heildarlengd 2.02 km.**

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (norðan Hrafnagils).

Heiti endapunktar: Eyjafjarðarbraut eystri (við Syðra-Laugaland).

Vegtegund: **C1.****824 Finnastaðavegur, tengivegur, heildarlengd 6.87 km.**

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (norðan Hólshúsa).

Heiti endapunktar: Dalsvegur (Hvassafell).

Vegtegund: **D.****825 Dalsvegur, tengivegur, heildarlengd 4.09 km.**

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (við Samkomugerði II).

Heiti endapunktar: Finnastaðavegur (Hvassafell).

Vegtegund: **D.****826 Hólavegur, tengivegur, heildarlengd 12.27 km.**

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (við Sandhóla).

Heiti endapunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (á móts við Vatnsenda).

Vegtegund: **D.****827 Sölvadalsvegur, tengivegur.**

Hefur verið tekinn af tengivegaskrá.

828 Veigastaðavegur, tengivegur, heildarlengd 3.87 km.

Heiti upphafspunktar: Hringvegur 1 (neðan Hallands).

Heiti endapunktar: Eyjafjarðarbraut eystri (milli Eyrarlands og Brúarlands).

Vegtegund: **C2.**

(Sjá nánar athugasemdir á næstu síðu um heildarlengd).

829 Eyjafjarðarbraut eystri, stofn- og tengivegur, heildarlengd 27.82 km.

Heiti upphafspunktar: Hringvegur 1 (Leiruvegur).

Heiti endapunktar: Eyjafjarðarbraut vestri (við Stíflubrí).

Vegtegund: **C1, C2.****8490 Knarrarbergsvegur, tengivegur, heildarlengd 0.9 km.**

Heiti upphafspunktar: Eyjafjarðarbraut eystri (milli Knarrarbergs og Kaupangs).

Heiti endapunktar: Leifsstaðavegur ofan Brúarlands.

Vegtegund: **C2, D.****8210 Leifsstaðavegur, tengivegur, heildarlengd 0.38 km.**

Heiti upphafspunktar: Knarrarbergsvegur (sunnan Brúarlands).

Heiti endapunktar: Fífilgerðisvegur.

Vegtegund: **D.**

Samtals stofn- og tengivegir:	103.66 km.	Þar af með bundnu slitlagi:	46.97 km.
--------------------------------------	-------------------	------------------------------------	------------------

Þar af stofnvegir:	24.87 km.	Þar af með bundnu slitlagi:	24.87 km.
---------------------------	------------------	------------------------------------	------------------

Þar af tengivegir:	78.79 km.	Þar af með bundnu slitlagi:	22.10 km.
---------------------------	------------------	------------------------------------	------------------

Athuga:

Eyjafjarðarbraut vestri er öll talin með í heildarlengd stofn- og tengivega í Eyjafjarðarsveit þótt hluti hennar sé innan lögsagnarumdæmis Akureyrar. Sama á við um Veigastaðaveg þótt hluti hans liggi um Svalbarðsstrandarhrepp.

Vegtegundir:

Vegtegundir eru ákvarðandi fyrir tæknilega gerð vega og eru grunntegundir einkenndar með A, B, C, D eða F. Tegundirnar eru síðan nánar skilgreindar með tölustöfum aftan við bókstafinn. Þeir stofn- og tengivegir, sem taldir eru hér að framan, fylgja eftirfarandi skilgreiningu:

Gildir fyrir stofnvegi.

- B2.** Vegir með tveimur akreinum, öxlum og/eða kantsteinum.
Breidd 10 m án kantsteina. ADU >1.500 (dreifbýli).
- B3.** Vegir með tveimur akreinum, öxlum og/eða kantsteinum.
Breidd 8.5 m án kantsteina. ADU >600 (dreifbýli).
- C1.** Vegir með tveimur akreinum.
Breidd 7.5 m án kantsteina. ADU >100 (dreifbýli).

Gildir einkum um tengi-, safn- og landsvegi.

- C2.** Vegir með tveimur akreinum. Breidd 6.5 m með öxlum.
- D.** Vegir með einni akrein (með útskotum).

ADU =árleg dagsumferð.

Landsvegir.	Heiti vegar.	Heiti upphafspunktur.	Heiti endapunktur.	Vegalengd.
F821 07	Eyjafjarðarleið	Halldórsstaðir	Dragaleið (F881)	36.99 km
F821 08	Eyjafjarðarleið	Dragaleið (F881)	Skagafjarðarleið (F26)	4.70 km
F881 01	Dragaleið	Eyjafjarðarleið (F821)	Sprengisandsleið (F26)	18.30 km
F882 01	Leyningshólavegur	Villingadalavegur (8370)	Leyningshólar	3.00 km

Vegurinn fram úr Eyjafjarðardalnum getur talist þökkalega greiðfær að sumarlagi en nokkuð grófur. Umferð um veginn er mjög vaxandi. Af honum má aka áfram til suðurs á Sprengisandsleið, á Bárðardalsveg eða vestur í Laugafell og þaðan niður í Vesturdal í Skagafirði. Í Laugafelli eru fjórir skálar, þrír í eigu Ferðafélags Akureyrar, en einn er í eigu vélsleðamanna í Eyjafirði. Áður fyrir lá vegur upp Vatnahjalla, Vatnahjallavegur, skammt innan Hólsgerðis. Áhugi er fyrir því að endurbyggja þennan veg.

Í skýrslu sem sveitarstjórn hefur látið taka saman og kynnt hefur verið þingmönnum kjördæmisins, Vegagerðinni og samgöngunefnd Alþingis (Eyjafjarðarsveit, Skýrsla um vegamál, okt. 2004) er lagt mat á ástand vega í sveitarfélaginu, viðhalds- og endurnýjunarþörf o. fl. Eftirfarandi eru tilvitnanir í skýrsluna:

Almennt um vegakerfið, ástand og endurnýjunarþörf.

Heildarlengd stofn- og tengivega í Eyjafjarðarsveit er talin tæpir 104 km. Þar af eru stofnvegir með bundnu slitlagi um 25 km, en tengivegir um 79 km. Af tengivegum eru 22 km með bundnu slitlagi, en 57 km án þess. Ástand stofnveganna er í heild sinni gott. Sama má segja um hluta þeirra tengivega sem eru með bundnu slitlagi, eins og t. d. Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut að Rútsstöðum, en Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Miðbrautar þarfnast endurbóta.

Á árunum 1986-1990 var töluverðum fjármunum varið til endurnýjunar og nýbygginga á þeim vegum innan Eyjafjarðarsveitar sem mest var umferð um, þ. e. Eyjafjarðarbraut vestri og Eyjafjarðarbraut eystri ásamt Miðbraut. Á því tímabili mun hafa verið lokið við Eyjafjarðarbraut vestri að Hrafnagili. Brú á Eyjafjarðará við Hrafnagil var byggð 1988. Þá komst á tenging milli Eyjafjarðarbrautanna með nýjum vegi, Miðbraut. Næsta framkvæmdatímabil var á árunum 1994-1996, þegar lokið var endanlega við byggingu Miðbrautar og endurbyggingu kafla af Eyjafjarðarbraut eystri og þessir vegarkaflar lagðir bundnu slitlagi. Með þeim áfanga má segja að lokið hafi verið endurnýjun og nýbyggingu þess hluta af því vegakerfi innan sveitarinnar, sem nú tilheyrir stofnvegum. Síðan þessum framkvæmdum lauk hafa nánast engar fjárveitingar fengist á vegaáætlun til meiri háttar framkvæmda við þjóðvegakerfið í sveitarfélaginu, ef frá er talin fjárveiting árið 2003 til endur- og nýbyggingar á 2.8 km kafla af Eyjafjarðarbraut eystri frá Litla-Hamri að Rútsstöðum.

Á sama tíma hafa fjárveitingar til viðhalds tengivega verðið af mjög skornum skammti. Þannig hefur nánast ekkert viðhald farið fram á þessum vegum og þeim hrakað verulega. „Margir þeirra eru frá því fyrir miðja síðustu öld og alls ekki hannaðir fyrir þann hraða og þunga, sem fylgir nútíma umferð. Þeir þola ekki þungaflutninga á þeim tíma, sem aðdrættir af þeim toga eru hvað mestir út til sveita, þar sem burðargeta þeirra er takmörkuð. Í vætutíð vaðast þeir upp vegna lítills ofaniburðar og heflun þeirra er oft takmörkunum háð af sömu ástæðum. Viða er snjósöfnun mikil, brýr eru of mjóar; jafnvel svo að á takmörkunum er að stærri ökutæki komist yfir þær, sum fljótvirkustu snjóruðningstæki alls ekki og jafnvel ekki stærstu landbúnaðartæki”, eins og segir í aðfararorðum skýrslu þessarar.

Eins og fram hefur komið eru tengivegir í sveitarfélaginu ca 79 km að lengd. Þar af eru um 22 km lagðir bundnu slitlagi. Þeir ca 57 km sem eru án bundins slitlags eru að lengstum hluta í innanverðu sveitarfélaginu og þar er ástand þeirra verst. Þeim má í grófum dráttum skipta í eftirfarandi tvo flokka:

1. Vegir, sem þarfnast endurbyggingar eða meiri háttar endurbóta vegna aldurs og ófullnægjandi viðhalds árum saman. Ákveðnir kaflar á þessum vegum uppfylla alls ekki þær kröfur, sem gera verður til samgöngumannvirkja og geta vart talist annað en ónýtir. Til þessa flokks má telja Eyjafjarðarbraut vestri frá Saurbæ/Sandhólum að Halldórsstöðum/ Hólsgerði og Hólaveg að meira eða minna leyti. Einnig Dalsveg.

2. Vegir, sem ekki þarfnast gagngerðrar endurbyggingar, en lagfæringa og stöðugs viðhalds ef þeir eiga enn um sinn að notast án bundins slitlags. Eðlilegt markmið er þó að þessir vegir verði innan 10 ára lagðir bundnu slitlagi og lagfærðir að þeim kröfum. Þessum flokki gætu tilheyrt vegir eins og Finnastaðavegur og Eyjafjarðarbraut eystri frá Fellshlíð að Stíflubru.

Í þriðja flokk má svo setja tengivegi utan fyrrnefndra svæða með eftirfarandi lýsingu:

3. Vegir, sem eru komnir til ára sinna en hafa notið nokkurs viðhalds, en þarfnast engu að síður endurbyggingar eða verulegra endurbóta vegna mjög aukinnar umferðar. Einnig vegir, sem eru nýlegir en standast ekki öryggiskröfur og aukna umferð. Og í þriðja lagi eru vegir eða vegspottar, sem æskilegt væri að bæta og eru til aukinna þæginda án þess að aukin umferð kalli endilega á miklar úrbætur. Þessir vegir og í sömu röð eru Veigastaðavegur, Leifsstaðavegur og syðri hluti Kristnesvegur.

Þá er í aðfararorðum skýrslunnar vakin athygli á þýðingu góðra samgangna, byggðastefnu stjórnvalda og helstu niðurstöður og áhersluatriði dregin saman í 10 meginþætti og lögð fram kostnaðar- og framkvæmdaáætlun til 10 ára, sbr. eftirfarandi:

- Samkvæmt upplýsingum frá umdæmisskrifstofu Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra hafa árlegar fjárveitingar til viðhalds tengivega í umdæminu verið u. þ. b. 70 millj. kr. á síðustu árum. Það segir sig sjálft að sú upphæð dugar skammt ef til þess er litið að kostnaður við uppbyggingu og endurnýjun vegakerfisins geti legið á bilinu 15-40 millj. kr. pr. km og lengdarmeter í brú kosti allt að tveimur millj. kr.
- Í Eyjafjarðarsveit einni má gera ráð fyrir að tengivegir yfir 50 km að lengd þarfnist verulegrar eða mikillar endurnýjunar og byggja þurfi a. m. k. þrjár brýr í staðinn fyrir eldri. Elsta brúin er byggð 1913 og hinar tvær 1933. Þessir vegir liggja um þéttbýla sveit þar sem mjólkurframleiðsla er aðalatvinnugreinin. Sú atvinnugrein er mjög háð góðum samgöngum og ástæða er til að vekja athygli á því, að svo virðist sem landbúnaðurinn hopi fyrst í næsta nágreinni við þéttbýli og þá um leið úr mestu nálægð við markað. Þrátt fyrir það og mjög mikla fækkun bóa á undanförunum árum hefur mjólkurframleiðsla í Eyjafjarðarsveit ekki minnkað. Búin hafa þess í stað stækkað og um leið hefur framleiðslan að einhverju marki færst fjær markaðnum. Þetta er þróun sem enn frekar krefst úrbóta í samgöngumálum í vaxandi fjarlægð frá næsta úrvinnslu- og markaðssvæði.
- Það er mat sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar að ástand vega í innanverðu sveitarfélaginu sé þegar farið að hafa hamlandi áhrif á rekstur landbúnaðar á því svæði og muni, ef ekkert er að gert, leiða til verulegrar fækkunar bóa þar á næstu árum. Á þessu svæði eru hins vegar víða ágætis ytri aðstæður aðrar til búreksturs og það væri í hæsta máta í andstöðu við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið í „þingsályktun um stefnu í byggðamálum árin 2002–2005“ ef byggð á einu af aðalvaxtarsvæðum ályktunarinnar, þ. e. Eyjafjarðarsvæðinu og það í aðeins „nokkurra“ km fjarlægð frá Akureyri, drægist saman vegna ófremdarástands í samgöngumálum. Ástæða er jafnframt til að vekja athygli á því, að þótt talað sé um „nokkurra“ km fjarlægð frá Akureyri, er fjarlægðin í sumun tilvikum of mikil til að hagkvæmt sé fyrir fólk að eiga áfram búsetu á jörðum sínum þótt búrekstri sé hætt, en sækja vinnu annað eins og t. d. til Akureyrar, nema vegakerfið breytist. Óbreytt ástand í vegamálum kann því að hafa tvennt í för með sér, þ. e. samdrátt í meginatvinnuvegi sveitarinnar og umtalsverða fækkun íbúa.
- Það er skoðun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, að Alþingi hljóti að auka fjárveitingar til endurbóta á tengivegakerfinu í þeim tilgangi að treysta byggð, þar sem hún virðist að öðru

leyti hafa alla burði til að dafna og blómstra. Annað væri í andstöðu við yfirlýsta stefnu og áður nefnda þingsályktun um byggðamál. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á, að þess verði gætt að stórframkvæmdir í vegagerð komi ekki í veg fyrir brýnar og aðkallandi úrbætur af þeim toga sem hér hefur verið lýst.

Helstu niðurstöður og áhersluatriði.

- Stofnvegir í Eyjafjarðarsveit eru Eyjafjarðarbraut vestri að Miðbraut og Eyjafjarðarbraut eystri að Miðbraut. Miðbraut er jafnframt talin til stofnvega. Samanlögð lengd stofnvega er ca 25 km. Stofnvegir eru allir lagðir bundnu slitlagi.
- Tengivegir eru samtals ca 79 km, þar af með bundnu slitlagi 22 km. Sá hluti tengivegakerfisins sem ekki er með bundnu slitlagi eða ca 57 km, er víða í mjög bágbornu ástandi.
- Elstu tengivegir eru að stofni til frá því fyrir miðja síðustu öld, þeir eru burðarlitlir, mjóir og sums staðar snjósæknir vegna þess hversu þeir liggja lágt í landinu o. fl.
- A. m. k. þrjár brýr á tengivegunum þarf að endurnýja. Þær eru burðarlitlar og mjóar. Sú elsta var byggð árið 1913, en endurbyggð árið 1958. Hinar báðar voru byggðar árið 1933.
- Viðhald tengivega í innsta hluta sveitarfélagsins hefur verið í algjöru lágmarki árum saman. Þar er ofanburður víða lítill og endurnýjun orðin mjög brýn. Ákveðnir kaflar á þessum vegum uppfylla alls ekki nútíma kröfur um samgöngumannvirki og geta vart talist annað en ónýtir. Til þessa flokks má telja Eyjafjarðarbraut vestri frá Saurbæ/Sandhólum að Halldórsstöðum/Hólsgerði og Hólaveg að meira eða minna leyti.
- Síðasta áratuginn hafa framkvæmdir við endurnýjun og endurbyggingu vega í Eyjafjarðarsveit engar verið ef frá er talin endurbygging ca 2.8 km langs kafla á Eyjafjarðarbraut eystri sumarið 2003.
- Það er mat sveitarstjórnar að ástand vega, þar sem það er verst, geti innan tíðar farið að hafa neikvæð áhrif á atvinnurekstur og byggða- og búsetuþróun í sveitarfélaginu.
- Sveitarstjórn leggur til að endurnýjun á þeim hluta vegakerfisins, sem er endurnýjunar þurfi, fari fram á næstu 10 árum, þ. e. á tímabilinu 2005-2014.
- Kostnaður við það verk er áætlaður kr. 1.265.0 millj. eða að meðaltali 126.5 millj. kr. á ári.
- Á þessu sama tímabili verður ekki hjá því komist að verja einhverjum fjárhæðum til viðhalds þeirra vega sem síðast verða endurnýjaðir.

Kostnaðar- og tímaáætlun. Forgangsöröðun framkvæmda.

Í tilvitnaðri skýrslu voru lögð fram drög að framkvæmda- og tímaáætlun vegafamkvæmdanna. Ljóst er að verktími og hraði framkvæmda ræðst af fjárveitingum hverju sinni. Fjárveitingar til tengivegakerfisins hafa um margra ára skeið vart dugað fyrir brýnasta viðhaldi og fjárveitingar til endurnýjunar eða nýbygginga tengivega eru af skornum skammti. Af þeim ástæðum hefur tímaáætlunin lítið gildi að óbreyttum fjárveitingum. Sveitarstjórn leggur engu að síður áherslu á að meginframkvæmdum við tengivegakerfið verði hraðað eins og frekast er kostur og miðist framkvæmdir við eftirfarandi forgangsöröð:

Fyrsti áfangi: Endurbygging Eyjafjarðarbrautar vestri frá Sandhólum að Gullbrekku. Tryggð er fjárveiting til verksins á vegaáætlun fyrir árin 2006 og 2007.

Annar áfangi: Styrking og endurbygging Hólavegar og hann lagður bundnu slitlagi. Samhliða verði byggðar tvær nýjar brýr á Eyjafjarðará, við Sandhóla og hin nokkru neðan núverandi Stíflubráar.

Í meginatriðum er gert ráð fyrir að lega þessara vega verði óbreytt að öðru leyti en því sem ræðst af staðsetningu nýrrar brúar við Sandhóla. Þá mun lega Eyjafjarðarbrautar eystri breytast lítillega eftir staðsetningu nýrrar brúar sem leysa mun Stíflubrá af hólmi.

Hér er um viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, sem óvíst er hvenær tekst að fjármagna til enda. Af því leiðir að aðra forgangsöröðun þarf að endurskoða reglulega, m. a. með tilliti til fjárveitinga, framkvæmdahraða og byggðapróunar. Hins vegar mun sveitarstjórn áfram kynna yfirvöldum vegamála og fjárveitingavaldinu kröfur sínar um endurbætur á vegakerfinu innan sveitarfélagsins í samræmi við efni umræddrar skýrslu.

Ný veglína.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að Eyjafjarðarbraut vestri færist á bakka Eyjafjarðarár nokkru norðan við Garðyrkjastöðina Grísará í stað þess að skera byggðina í Reykárhverfi. Hún haldi síðan áfram á árbakkanum allt suður fyrir Stokkahláðir.

Umferð og vegalengdir.

Eins og fram kemur í skrá um stofn- og tengivegi í Eyjafjarðarsveit eru þeir vegir samtals um 104 km.

Kristnes	10	Saurbær	28
Reykárhverfi	12	Leyningshólar	40
Grund	20	Hólsgerði	45
Möðruvellir í Eyjafirði	28	Laugafell um Eyjafjarðardal	87

Tafla nr. 16. Nokkrar vegalengdir frá Akureyri í km.

Heimild: Vegagerð ríkisins.

Vegagerð ríkisins framkvæmir umferðartalningu á ákveðnum vegum. Eftirfarandi tafla sýnir annars vegar niðurstöðu úr umferðartalningu 1993 og hins vegar 2003.

VEGNR	VEGHEITI	1993		2003		2004	
		ADU	SDU	ADU	SDU	ADU	SDU
821-01	Eyjafjarðarbraut vestri (Flugv.-Kristnes)	1.187	1.512	1.693	2.253	1.683	2.194
821-02	Eyjafjarðarbraut vestri (Kristnes-Miðbraut)	772	985	1.063	1.414	1.057	1.377
821-03	Eyjafjarðarbraut vestri (Miðbr.-Finnast.v.)	381	487	551	680	508	662
821-04	Eyjafjarðarbraut vestri (Finnast.v.-Eyjaf.br.ey.)	289	369	358	476	356	464
821-05	Eyjafjarðarbraut vestri (Eyjaf.br.ey.-Gullbrekka)	103	133	127	172	126	168
821-06	Eyjafjarðarbraut vestri (Gullbrekka-Hólsgerði)	56	73	69	94	69	92
822-01	Kristnesvegur (Eyjaf.br.n.-Eyjaf.br.ve.)	100	126	131	172	130	168
823-01	Miðbraut (Eyjaf.br.ve.-Eyjaf.br.ey.)	243	309	300	400	298	390
824-01	Finnastaðvegur (Eyjaf.br.ve.-Dalsvegur)	31	39	38	49	38	48
825-01	Dalsvegur (Eyjaf.br.ve.-Dalsgerði)	37	46	45	60	45	58
826-01	Hólavegur (Eyjaf.br.ve.-Eyjaf.br.ve.)	37	46	45	60	45	58
827-01	Sölvadalvegur (Hólavegur-Draflastaðir)	27	32				
829-01	Eyjafjarðarbraut eystri (Hringvegur-Miðbraut)	436	559	802	1030	797	1027
829-02	Eyjafjarðarbraut eystri (Miðbraut-Eyjaf.br.vestri)	62	81	100	74	99	137
828-01	Veigastaðvegur (Hringv.-Eyjafjarðarbraut eystri)			177	292	176	291

SDU: Sumardagsumferð

ADU: Ársdagsumferð

MEDALTÖL

Tafla nr. 17. Umferðartalning 1993, 2003 og 2004.

Heimild: Vegagerð ríkisins.

3.8.3. Göngu- og reiðleiðir

Manngerðir göngustígar eru ekki margir í Eyjafjarðarsveit utan gamla þjóðvegarsins yfir Óshólmana sem tengir svæðin vestan og austan Eyjafjarðarar, ásamt gamla þjóðveginum inn í Eyjafjarðarsveit vestanverða og einnig leyfar af gömlum vegi austanvert neðan Knarrarbergs og Leifsstaðabrúna. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi Óshólmasvæðisins, en hún hefur ekki verið samþykkt

Í áætlunum um útivistarsvæði í Eyjafjarðarsveit er gert ráð fyrir frekari göngustígagerð, en þessi þáttur mannvirkjagerðar verður að þróast smám saman eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Gönguleiðir vestanvert í Eyjafjarðarsveit; bókstafir innan sviga eru í samræmi við þemauppráttinn „Reið- og gönguleiðir”:

- Frá Akureyri að Reykárhverfi (GL-1).** Gengið er á gamla þjóðveginum frá Kjarnaskógi að Reykárhverfi. Þessi leið er jafnframt reiðhjólástigur.
- Frá Ytra-Gili (GL-2).** Gengið er upp með Gilsá og komið ofarlega að Bróká og farið að drögum hennar. Þá er gengið með Stórástalli og komið nálægt Djúpagili. Frá þessum stað er hægt að fara til norðurs niður Súlumýrar og niður í Glerárdal. Til suðurs er komið á Ytrisúlu og síðan Súlur, þaðan er komið upp á Syðrisúlu og enn sunnar á Stórákrumma.
- Frá Miklagarði (GL-3).** Þaðan er gengið upp Nyrðri-Krók yfir í botn Glerárdals og þaðan að Lamba.
- Frá skógræktargirðingu í Kristnesi (GL-4).** Þaðan er gengið norðvestur að Stóruborg og vestur á Stórhæð sunnanvert við Súlumýrar. Ferðin endar á bílastæði öskuhauganna á Glerárdal.
- Frá Reykú (GL-5).** Gengið er upp með Reykú, farið um Sund og upp með Selhólum. Komið er hjá Botnalæk og Djúpareit og loks að Stórákrumma. Þaðan liggur leiðin upp á tind Bónða og þaðan er sneitt til baka.
- Frá Merkgili (GL-6).** Gengið er upp með Merkgilsá, Kvarnárdal og á fjallshrygginn norðan Kerlingar. Farið er yfir Lambárdalsjökul og Lambárdalsöxl og loks niður á Lamba.
- Frá Holtsseli (GL-7).** Gengið er upp Grundarfjall, þá er hægt að velja um tvær leiðir, sunnanvert um Öxl eða norðanvert upp Stórástall. Þá er gengið upp Röðul og komið upp á efsta tind Kerlingar. Þaðan er hægt að ganga til norðvesturs og koma inn á gönguleið nr. 4.

8. **Frá Finnastöðum (GL-8).** Gengið er upp með Finnastaðaá og upp Finnastaðadal, þá er farið upp Ranghala og loks komið upp á Glerárdalshnjúk. Þaðan er hægt að ganga til vestur að fjalljöklinum Stórastalli.
9. **Frá Ystagerði (GL-9).** Gengið er upp með Skjöldalsá í Skjöldal, þá er komið að Nyrðri-Króksá og Kambsá. Loks er komið á Kambskarð uns komið er í Öxnadal. Forn þjóðleið. Þegar þessi leið var gengin var talað um að fara Kamb.
10. **Frá Stóradal (GL-10).** Gengið upp með ánni Brandi og sneitt neðanvert í fjallinu Brandi, þessi leið liggur síðan til vesturs í Öxnadal.
11. **Frá Litladal (GL-11).** Upp af Djúpadal, þar sem mikið er af seljum og eyðibýlum, er um tvær leiðir að ræða. Norðanvert er farið um Klif, þaðan upp Hagárdal meðfram Hagá, upp Austurdrag og loks að Melrakkadal. Sunnanvert er farið upp Hraunárdal, að Tryppafossi, þaðan er hægt að fara upp Vaskárdal (hægt að fara þaðan á norðanverða leiðina) eða á Hraunárheiði.
12. **Frá Villingadal (GL-12).** Áður fjölfarin leið frá Villingadal í Austurdal í Skagafirði. Forn þjóðleið. Frá Villingadal er farið um Galtártungur, um Nýjabæjarfjall og niður Hvítármúla í Austurdal.

Austanvert í Eyjafjarðarsveit:

13. **Leið yfir gömlu brýrnar (GL-13).** Yfir óshólma Eyjafjarðarar frá Akureyri, endastaður er bílastæði syðst í Vaðlareit. Einnig má lýsa leiðinni sem svo að hún liggi frá Eyjafjarðarbraut vestri að Eyjafjarðarbraut eystri. Leiðin er um 2,5 km löng.
14. **Leið í gegnum Vaðlareit (GL-14).** Leiðin liggur frá bílastæðinu syðst í Vaðlareit og norður Vaðlareit endilangan. Komið er að þjónustumiðstöðinni á Húsabrekku í Svalbarðsstrandarhreppi. Þarna eru grunn gil, klappir og fallett útsýni. Þessi leið er talin sú fjölfarnasta þeirra sem hér eru upp taldar.
15. **Frá Eyrarlandi (GL-15).** Leiðin kallast Þingmannavegur yfir Vaðlaheiði og er gengið upp frá Eyrarlandi. Farið er skammt norðan Þingmannalækjar upp brekkurnar á Eyrarlandi og efst er farið yfir lækinn. Þá er farið yfir Járnhrygg niður í Fnjóskadal. Komið er niður hjá Hróarsstöðum, niður norðurbarm Bæjargils og á þjóðveg rétt hjá Fnjóskárbrú. Efst á Systragilslæk er farið yfir brú, mjög athyglisverða grjóthleðslu frá 1871. -Skráð á gönguleiðakort hjá Ferðafélagi Akureyrar (FFA). Forn þjóðleið.
16. **Yfir Bíldsárskarð (GL-16).** Þetta er fyrrum alfaraleið milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals. Gengið er upp götuslóða frá Fíflilgerði að hestarétt og þaðan upp Sprengibrekku, brattasta hluta leiðarinnar. Á hjalla ofan hennar er farið suður yfir Bíldsá og upp sneiðing að Biskupshelli á vesturbrún Vaðlaheiðar. Greið leið er austur yfir Flóahrygg og áfram yfir Axlir. Leiðin endar á þjóðvegi neðan við tættur af Grjótárgerði í Fnjóskadal, sem er skammt norðan við Illugastaði. -Skráð á gönguleiðakort hjá (FFA). Forn þjóðleið.
17. **Yfir Gönguskarð (GL-17).** Gengið er frá Garðsá inn með gili Þverár, austan ár og framhjá eyðibýlinu Þröm. Eftir um 11 km göngu er farið upp í Gönguskarð og fylgt götum upp yfir Þröskuld. Opnast þá fagurt útsýni yfir Skarðsdal. Farið er niður Skarðsdal norðan Skarðsár og endar leiðin á bíslóða við Fnjóská á Bleiksmýrardal. Þetta er nokkuð krefjandi ganga. -Skráð á gönguleiðakort hjá (FFA). Forn þjóðleið. Einnig má fara frá bænum Þverá, vestan ár, um vegslóða að Helgá og þaðan áfram með Þverá að Gönguskarði og sameinast þar hinni leiðinni.
18. **Á Staðarbyggðarfjall (GL-18).** Gengið er frá Öngulsstöðum að sumarhúsi sem heitir Sel. Beygt er til suðurs upp brekkurnar og komið að vörðu nyrst á Hnausum. Í suðri blasir Uppsalahnjúkur við og gengið er inn eftir fjallinu upp greiðfær holt og stefnt austanvert við hnjúkinn. Mikið og fagurt útsýni er þarna yfir héraðið. -Skráð á gönguleiðakort hjá (FFA).
19. **Inn bakka Eyjafjarðarar (GL-19).** Farið er frá þjóðveginum neðan við Brunná og austur gamla þjóðveginn yfir Eyjafjarðará. Austan við austustu brúna er beygt suður og farið á árbakkanum eftir slóða, sem jafnframt er reiðleið, allt að Þverá efri. Einnig má fara á reiðleið sem fylgir hitaveitulögn austur yfir Staðarbyggðarmýrar upp að brekkurótunum ofan mýranna og að Laugalandi. Þaðan er Miðbraut gengin að Blómaskálanum Vín í Reykárhverfi. -Skráð á gönguleiðakort hjá (FFA).
20. **Á Mjaðmárdal (GL-20).** Gengið frá Munkaþverárbrú inn með Þverá og Mjaðmá til suðurs. Hægt er að fara sömu leið til baka eða styttri leið niður að Bringu eða Rútsstöðum.

Þessum leiðum hefur verið lýst í Árbók FÍ., en auk þeirra er um að velja margar áhugaverðar gönguleiðir sem ekki eru hér taldar upp.

Reiðleiðir.

Í nóv. 1998 skipaði þáverandi sömgönguráðherra nefnd „til að skýra og endurskoða reglur sem gilda um reiðvegi“. Nefndin skilaði tillögum í febrúar 1999 og lagði þá m. a. til að gerðar yrðu ákveðnar

breytingar á vegalögum í þeim tilgangi að gefa reiðvegum sterkari stöðu í lögnum. Sumar tillögur nefndarinnar náðu fram að ganga, eins og að reiðvegir yrðu tilgreindir í lögum sem viðfangsefni (IV. kafli laganna, almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar) og að í vegaáætlun yrði fé veitt til reiðvegagerðar (17. gr.), en aðrar ekki. Í tillögunum var t.d. ráð fyrir því gert að reiðleiðir yrðu flokkaðar í þrjá meginflokka og að Vegagerðin yrði veghaldari reiðvega skv. þeirri flokkun. Við endurskoðun vegalaga var ekki fallist á þá tilhögun. Engu að síður hefur Vegagerðin gefið út leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðleiða (2003) og í þeim leiðbeiningum er í meginatriðum stuðst við þá flokkun reiðleiðanna sem nefndin lagði til.

Samkvæmt leiðbeiningunum er flokkunin þessi:

Stofnleiðir.

Aðalleiðir sem liggja milli sveitarfélaga og tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Á þeim leiðum skal gert ráð fyrir allri hestaumferð, allt frá einstaklingsumferð upp í stóra hópa með rekstur lausra hesta. Uppbygging miðist við að umferð sé aðallega eftir að jarðvegur hefur þornað, vor og sumar.

Þéttbýlisleiðir.

Leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúsaferða. Rekstur lausra hrossa er bannaður. Uppbygging miðist við að mikil umferð sé um vetur og vormánuði þegar frost er að fara úr jörðu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að fara um veginn með tækjum vegna snjóruðnings og annarrar þjónustu. Slíkar reiðleiðir eru ekki í Eyjafjarðarsveit.

Héraðsleiðir.

Tengileiðir milli bæja, tenging að stofnleiðum og fornar leiðir sem ekki þola mikla umferð. Gert er ráð fyrir að umferð sé aðallega eftir að jarðvegur hefur þornað eftir vorleysingar, vor- og sumarumferð.

Almennt um stofnleiðir í Eyjafjarðarsveit.

Lengi hefur verið skortur á öruggri og greiðri stofnreiðleið um Eyjafjarðarsveit frá Akureyri og að Melgerðismelum og ágreiningur ríkt um legu hennar. Veruleg uppbygging átti sér stað á Melgerðismelum fyrir allmörgum árum í þeim tilgangi að þar yrði miðstöð fyrir hestaþróttir og allt sem hestamennsku við kemur. Talsmenn hestamanna telja að þessi ágreiningur og skortur á öruggri reiðleið standi framtíð Melgerðismela mjög fyrir þrífum og öll frekari uppbygging þar sé tilgangslaus að óbreyttu. Sú aðstaða sem þegar er fyrir hendi nýtist ekki sem skyldi af framangreindum ástæðum. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar telur nauðsynlegt að þarna verði ráðin bót á til að leggja grunn að öflugri starfsemi hestamanna á umræddu svæði sem er einstakt til útiveru og býður upp á fjölbreytta kosti fyrir hestamennsku í víðasta skilningi. Núverandi reiðleið fer að hluta til um og með fjölförnum þjóðvegi, sem er óásættanlegt með tilliti til öryggissjónarmiða. Með vísan til þessa er lagt til að stofnreiðleiðin frá Akureyri að Melgerðismelum fari á austurbakka Eyjafjarðarár, allt frá gömlum þjóðvegi yfir Hólmanna sunnan Akureyrarflugvallar að Víðinesi gegnt Melgerðismelum. Um leið verði reiðleið meðfram Eyjafjarðarbraut eystri frá Syðra-Laugalandi að Víðinesi tekin út af skipulagi. Breytingin styðst við eftirfarandi stefnumótun um legu og uppbyggingu reiðleiða:

Almennt um héraðsleiðir í Eyjafjarðarsveit.

Við ákvörðun héraðsleiða verði leitast við að koma á öruggum leiðum er tengi sem flesta bæi sveitarfélagsins innbyrðis og með hóflegu millibili tengist héraðsleiðir stofnleiðum. Við endurbyggingu eða nýbyggingu vega verði ávallt gert ráð fyrir reiðleiðum meðfram þeim þar sem þeirra er talin þörf. Sveitarstjórn getur sett reglur um notkun héraðsreiðveganna. Reglurnar geta verið mismunandi eftir leiðum og tekið til atriða eins og notkunartíma, stóðreksturs o. fl.

Stofnleiðir í Eyjafjarðarsveit; bókstafir innan sviga eru í samræmi við þemaupprátt.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir fimm stofnleiðum um Eyjafjarðarsveit og eru þær þessar:

Stofnleið 1 (SL-1). Reiðleiðin frá Akureyri inn að Melgerðismelum.

Um framkvæmdir og frágang á nýrri reiðleið og umferð um hana gildi eftirfarandi skilmálar:

1. Á norðurhluta leiðarinnar allt að Þverá efri eru fyrir hendi vegslóðar, moldargötur og að hluta malarborinn vegur. Þessari leið verði haldið óhreyfðri eftir því sem frekast er kostur og þess gætt, ef lagfæra þarf slóða, að flytja þá ekki til, og takmarka öll sjónræn áhrif framkvæmda.
2. Reiðleiðin um land Rifkelsstaða, land Munkapverár sunnan Þverár efri og land Stóra-Hamars liggi að hluta til á fyllingum framan árbakkans, sem hafa um leið þann tilgang að hindra frekara

- landbrot Eyjafjarðarár úr landi þessarar jarða, sem sums staðar er nokkurt og annars staðar mikið. Þessar aðgerðir miða jafnframt að því að minnka eða koma í veg fyrir landbrot úr landi Grundar sunnan Klaustursness. Fullt samráð verði haft við landeigendur, Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastjóra og Vegagerðina um fyrirhleðslu eða varnaraðgerðir við ána.
3. Á leiðinni frá Stóra-Hamri að Víðinesi verði farið neðan brekkuróta alls staðar þar sem það er mögulegt. Þurfi að fara upp í brekkurnar verði skeringum haldið í lágmarki og frágangur allur á þann veg að ekki verði hætt við úrrennsli. Fullt samráð verði haft við landeigendur um endanlegt val á leiðinni og frágang hennar.
 4. Veghaldara verði gert skylt að girða leiðina þar sem þess er talin þörf eða landeigendur krefjast þess. Ef þvera þarf leiðina þar sem girðingar verða skal koma fyrir hliðum sem séu auðveld umgöngu.
 5. Áningarhólf verði a. m. k. á þremur stöðum á leiðinni. Sveitarstjórn getur sett ákveðnar reglur um frágang þeirra sem miðist við að þau falli vel að umhverfinu og valdi ekki óþarfa sjónmengun.
 6. Sveitarstjórn beiti sér fyrir því í samvinnu við hagsmunaaðila, s. s. landeigendur og fulltrúa hestamannafélaganna, að settar verði leiðbeinandi reglur um rekstur hrossa og umferð hestamanna þar sem farið er um eignarlönd og staði þar sem sérstakrar aðgæslu er þörf. Jafnframt að komið verði fyrir nauðsynlegum merkingum á leiðinni.

Stofnleið 2 (SL-2).

Frá Melgerðismelum að Hólsgarði og inn Eyjafjarðardal upp á hálendið. Vegurinn haldi áfram frá Melgerðismelum á vesturbakka Eyjafjarðarár inn að Stíflubré. Þaðan liggur hún vestur fyrir Þjóðveginn og fylgir túnjaðri Saurbæjarjarðarinnar og heldur áfram upp með lækjarfarvegi sunnan bæjarhúsanna í Saurbæ, upp fyrir þau og aftur niður að Þjóðvegi á landamerkjum Saurbæjar og Sandhóla. Þar liggur leiðin austur yfir ána á brú við Sandhóla og meðfram Hólavegi að vestan inn að Vatnsendabré. Þar liggur hún yfir brúna og með Þjóðveginum að Hólsgarði og þaðan á áreyrunum inn Eyjafjarðardal og upp á hálendið. Gert er ráð fyrir nýrri brú á Eyjafjarðará, þannig að núverandi brú við Sandhóla yrði fyrst og fremst reið- og gönguleiðarbrú.

Stofnleið 3 (SL-3).

Leið sem tengir Efrabyggð og Djúpadal við stofnleið 1 (SL-1) við Melgerðismela og héraðsleið 4 og 5 (HL-4 og HL-5) og liggur hún meðfram Dalsvegi og Finnastaðavegi að Skjöldal og áfram um Kambsskarð yfir í Öxnadal.

Stofnleið 4 (SL-4).

Leið sem liggur frá stofnleið 1 (SL-1) á syðri bakka Þverár ytri upp að Eyjafjarðarbraut eystri (829) og þaðan áfram á slóða inn að Helgá. Þar sveigir leiðin niður að Garðsá og fylgir henni inn til móts við Gönguskarð. Þar liggur leiðin yfir ána og um skarðið yfir í Bleiksmýrardal.

Stofnleið 5 (SL-5).

Leið frá Kaupangsbakka austur flatlendið neðan Þórustaða að Eyjafjarðarbraut eystri (829). Þaðan liggur leiðin Kaupangsmegin við landamerki Kaupangs og Þórustaða upp að fjallsrótum, sveigir þar til norðurs og liggur um Bíldsárskarð yfir í Fnjóskadal.

Stofnleið 6 (SL-6).

Leið frá stofnleið 5 ofan Kaupangs og þaðan ofan byggðar norður í Vaðlaheiði og tengist þar gamla Þjóðveginum yfir heiðina.

Héraðsleiðir.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir sjö héraðsleiðum um Eyjafjarðarsveit og eru þær þessar:

Héraðsleið 1 (HL-1).

Frá Akureyri (við Brunná) á gömlum Þjóðvegi allt að Reykárhverfi og þaðan með Eyjafjarðarbraut vestri suður að Miðbraut. Sú lega er háð færslu Eyjafjarðarbrautar á árbakkann austan Reykárhverfis. Leið sem eingöngu má fara um með taumhesta en ekki lausan rekstur.

Héraðsleið 2 (HL-2).

Leið sem tengist stofnleið 1 (SL-1) nokkru sunnan Þverár ytri. Þaðan liggur leiðin með hitaveitulögn upp að brekkurótunum neðan Öngulsstaða og með þeim suður að Miðbraut. Síðan meðfram Miðbraut og tengist aftur stofnleið 1 (SL-1).

Héraðsleið 3 (HL-3).

Frá Miðbraut og suður fyrir gatnamót Eyjafjarðarbrautar vestri (821) og Finnastaðavegar (824). Þar heldur hún áfram niður að Hólshúsum og að stofnleið 1 (SL-1) um vað á Eyjafjarðará neðan Hólshúsa.

Héraðsleið 4 (HL-4).

Leið í framhaldi af héraðsleið 3 (HL-3), annars vegar að stofnleið 3 (SL-3) með Dalsvegi og hins vegar að stofnleið 3 (SL-3) þar sem hún liggur um Skjöldal upp í Kambsskarð.

Héraðsleið 5 (HL-5).

Leið sem tengist stofnleið 3 (SL-3) við Velli/Árgerði og liggur þaðan upp að skógræktargirðingu við Háls og meðfram henni að heimreið að Hálsi. Um þá heimreið niður að Saurbæ á stofnleið 2 (SL-2). Af Saurbæjarhálsinum heldur þessi leið áfram niður með Rauðhúsalandi á stofnleið 2 (SL-2) við Melgerðismela.

Héraðsleið 6 (HL-6).

Leið sem tengist stofnleið 2 (SL-2) við Sandhóla og liggur með Eyjafjarðarbraut vestri (821) allt að Vatnsendabruú og tengist þar aftur stofnleið 2 (SL-2).

Héraðsleið 7 (HL-7).

Leið af stofnleið 3 (SL-3) inn í Djúpadal.

3.8.4. Flugsamgöngur

Almennar flugsamgöngur á svæðinu fara fram um Akureyrarflugvöll sem er norðvestur af mörkum sveitarfélaganna. Flugleiðin Akureyri-Reykjavík er sú langfjölfarnasta á Íslandi og er sá rekstur á vegum Flugfélags Íslands hf. Félagið annast einnig takmarkað áætlunarflug frá Akureyri til annarra staða.

Suðurendi flugbrautarinnar á Akureyri mun ná suður undir mörk Eyjafjarðarsveitar, verði farið í lengingu brautarinnar (sbr. Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010). Þá mun hindrunarsvæði vallarins færast sunnar en það er nú. Byggingar eða mannvirki mega ekki vera hærri en hindrunarsvæðið segir til um nema með samþykki Flugmálastjórnar Íslands (FMS). Hindrunarsvæðið er sýnt á sveitarfélagsuppdætti. Sjá nánar umfjöllun um tæknibúnað flugvallar í Eyjafjarðarsveit í kafla 3.7.6. og -Grg. I, kafla 2.4.6.

3.9. Stofnanir og tengd starfsemi

3.9.1. Skólamál

Barnaskóli.

Árið 1880 voru sett lög sem kváðu á um það að öll börn skyldu læra skrift og reikning. Upp úr því var farið að sinna uppfræðslu barna í ríkara mæli en áður fyrr; til að byrja með fyrir tilstilli félaga og framfarasinnaðra einstaklinga um land allt. Stofnuð voru félög sem höfðu kennslu barna og unglunga, sem eitt af aðalmarkmiðum sínum. Þau söfnuðu fé í þeim tilgangi og veittu styrki til skólagöngu og skólalands. Dæmi um það er Framfarafélag Eyfirðinga, sem stofnað var á Grund sumardaginn fyrsta árið 1875. Starfssvæði þess voru hrepparnir þrír innan Akureyrar og starfaði deild í hverjum hreppi. Það beitti sér m. a. fyrir aukinni menntun og styrkjum til uppfræðslu unglunga. Í fyrstu var farkennsla algengust og þá ráðnir kennarar til að fara milli bæja og kenna þar börnum úr næsta nágrenni nokkurn tíma í senn. Foreldrar hafa væntanlega staðið undir kostnaðinum að stærstum hluta, þar sem ábyrgð hins opinbera á greiðslu kostnaðar við skólalands fyrir börn og unglunga kemur ekki til fyrir en löngu seinna.

Um og eftir aldamótin nítján hundruð mun hafa orðið nokkur umræða um að koma á fót sameiginlegum barnaskóla fyrir hreppana þrjá en til þess kom þó ekki. Árið 1937 kemur fram tillaga um að byggður verði heimavistarskóli fyrir héraðið en ekkert samkomulag varð um þá tillögu. Formlega mun hugmynd um samstarf hafa verið lögð fyrir róða í kring um miðjan fimmta áratuginn. Farskólakerfið hélt því lengi velli, mislengi þó eftir hreppum.

Haustið 1946 er hafin kennsla í samkomuhúsinu við Saurbæ og var það fyrsti skólinn sem fékk fastan samastað. Samkomuhúsið, sem síðar varð Félagsheimilið Sólgarður, var eftir það notað sem kennsluhúsnæði til vorsins 1996. Þá hafði þar verið skólalands frá Hrafnagilsskóla frá árinu 1992.

Barnaskóli fyrir Öngulsstaðahrepp fær fast húsnæði haustið 1949, en þá hófst kennsla í nýbyggðu skólahúsi á lóð úr landi Syðra-Laugalands. Þar starfaði skólinn til upphafs skólaársins 1984-1985, en fluttist þá í húsnæði Húsmæðraskólans, en þá hafði Öngulsstaðahreppur keypt hlut Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurbæjar í því húsi. Vorið 1992 lauk skólinn starfi sínu þar og sameinaðist Hrafnagilsskóla við upphaf næsta skólaárs.

Farskólakennslan hélt lengst velli í Hrafnagilshreppi. Þar var allt fram til haustsins 1958 kennt á fleiri en einum stað, síðustu 15 árin þó væntanlega á einungis tveimur stöðum og var annar þeirra þinghús hreppsins, sem byggt var á árunum 1924-1925. Árið 1984 var byggt við húsið og þar komið fyrir tveimur kennslustofum. Eldri hluti hússins var nýttur af Hrafnagilsskóla til vors 1998, en frá haustinu var sá hluti tekinn til afnota fyrir Leikskólann Krummakot. Haldið var áfram að nýta viðbygginguna fyrir skólastarf til vorsins 2001. Frá upphafi skólaársins 2001-2002 var öll grunnskólakennsla í sveitarfélaginu loksins sameinuð undir sama þaki í Hrafnagilsskóla, (heimilisfræðikennsla er þó enn í húsnæði Húsmæðraskólans fyrrverandi að Syðra-Laugalandi), en þá hafði skólanum bæst nýtt húsnæði með 4 kennslustofum. Um leið hafði farið fram gagnrýni endurnýjun á eldri hluta skólans.

Unglingaskóli.

Árið 1971 var hafin kennsla á unglingastigi í nýbyggðu skólahúsnæði að Hrafnagili og fékk skólinn nafnið Hrafnagilsskóli. Að þeirri framkvæmd stóðu Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandahreppur. Heimavist var frá upphafi við skólann í sérstöku húsi. Þar voru einnig íbúðir fyrir kennara, en bústaður skólastjóra var sérbyggður. Uppbygging skólamannvirkjanna tók nokkur ár. Íbúðum fyrir kennara var fjölgað frá því sem var í fyrsta áfanga byggingarinnar, sundlaug var tekin í notkun 1980 og íþróttahús 1989. Síðast var byggt við kennsluhúsnæðið sjálft á árunum 2000 til 2001. Rekstri heimavistar var hætt vorið 1989 og daglegur akstur með nemendum úr öllum sveitarfélögunum tekinn upp frá og með upphafi skólaársins 1989-1990.

Unglingafræðsla hafði fram að stofnun Hrafnagilsskóla verið með ýmsum hætti. Heimildir greina frá framtaki einstakra manna, sem tóku unglinga inn á heimili sín til kennslu og uppfræðslu. Slík dæmi eru til úr öllum hreppunum þremur. Þekktust er tilraun Magnúsar stórbónða á Grund, en hann réði til sín heimiliskennara og setti á stofn unglingaskóla, líklega árið 1914. Hann rak skólann fyrir eigin reikning í 2-3 ár og bauð unglingum úr nágrenninu að sækja hann. Þegar hann taldi sér ekki lengur fært að standa að rekstrinum bauð hann sveitarstjórn Hrafnagilshrepps allan búnað skólans og afnot af ókeypis húsnæði gegn því að sveitarfélagið stæði undir öðrum kostnaði. Þessu boði var hafnað. Síðan liðu margir áratugir þar til hrepparnir hver fyrir sig fóru að bjóða unglingafræðslu og var námsefnið oft til að byrja með miðað við 1. og 2. bekkjar námsskrá héraðsskólanna. Sem dæmi má nefna að formleg unglingakennsla var tekin upp í Saurbæjarhreppi árið 1963. Fljótlega varð samvinna milli Saurbæjarhrepps og Hrafnagilshrepps um unglingakennsluna og hélt það samstarf allt til ársins 1971 þegar Hrafnagilsskóli tók til starfa. Árið 1967 var stofnuð unglingadeild í Öngulsstaðahreppi, sem svo var aflögð með tilkomu Hrafnagilsskóla. Þótt unglingadeildir störfuðu þessi ár sótti alltaf fjöldi unglinga af svæðinu skólavist til unglingaskóla/héraðsskóla vítt og breitt um landið.

Árið 1995 yfirtók Eyjafjarðarsveit hlut Svalbarðsstrandahrepps í Hrafnagilsskóla samkvæmt sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaganna.

Hrafnagilsskóli sem grunnskóli Eyjafjarðarsveitar.

Í janúar 1992 setti sveitarstjórn á fót nefnd til að fjalla um framtíðarskipan grunnskólanna í Eyjafjarðarsveit. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til að skólarnir þrír í sveitarfélaginu yrðu sameinaðir í einn grunnskóla með skólaseli í Sólgarði. Sveitarstjórn gerði þessa tillögu að sinni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa niðurstöðu, en hún markar engu að síður upphaf þeirrar þróunar sem leitt hefur til þess öfluga skólastarfs sem nú fer fram í Hrafnagilsskóla, einum grunnskóla fyrir sveitarfélagið allt. Sú þróun tók nokkur ár eins og fram kemur í umfjöllun um barnaskólann hér að framan, þróun sem nú virðist full sátt um. Fjöldi nemenda við Hrafnagilsskóla hefur undanfarin ár verið öðru hvoru megin við 200, fjöldi kennara um 20 auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, skólaliðar 5 og aðrir starfsmenn 2-3.

Mótuð hefur verið skólastefna í Hrafnagilsskóla sem byggist á mannrækt. Hugmyndafræði í skólastefnu Hrafnagilsskóla er sótt til Bandaríkjanna og Indlands. Svokallaðir hornsteinar í þessum hugmyndum eru fjórir:

- Að byggja á sammannlegum gildum
- Að byggja á skilningi
- Að byggja á þjónustu við mannkynið
- Að byggja á að gera framúrskarandi vel.

Nemendur skólans eru vel meðvitaðir um þau gildi sem skólinn leggur áherslu á í starfi sínu og eru þau fléttuð inn í allt daglegt starf. Markmiðið er að gera gott skólastarf betra.

Mötuneyti starfar í Hrafnagilsskóla á meðan skólabörn eru á staðnum.

Almennt um tónlistarskóla:

Fyrsti tónlistarskólinn á Íslandi var stofnaður á Ísafirði 1911 og starfaði hann í 7 ár. Árið 1930 var tónlistarskóli stofnaður í Reykjavík. Eftir seinna stríð fóru svo tónlistarskólar að spretta upp víða um land og 1961 voru þeir orðnir 13, en í dag eru þeir um 80 talsins. Með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla 1963 má segja að hagur skólanna hafi vænkast og fór þeim þá jafnt og þétt að fjölga, en fyrir þann tíma nutu skólarnir lágmarksstyrkja frá hinu opinbera. Við breytingu laganna 1975 fór ríkið að greiða helming af launakostnaði kennara og skólastjóra og má segja að fjölgun skólanna hafi af alvöru hafist, því lítil sveitarfélög sáu þá loksins möguleika á að stofna tónlistarskóla.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar var stofnaður 1988 af eftirtöldum sveitarfélögum: Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Öngulsstaðahreppi, Saurbæjarhreppi, Hrafnagilshreppi, Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Skriðuhreppi og Öxnadalshreppi. Hríseyjarhreppur gekk inn í samstarfið ári síðar en það varði aðeins í eitt ár. Í dag standa Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur og Grýtubakkahreppur að rekstri skólans. Fyrsta ár hans var heildarfjöldi nemenda 189, sem skiptist þannig: 16 í fullu námi, 122 í hálfu námi og 51 í forskóla. Ári síðar var nemendafjöldinn kominn upp í 235, þar af 192 í hljóðfæra- eða söngnámi og 43 í forskóla. Skólaárið 2004-05 voru 140 hljóðfæra- eða söngnemendur við skólann, þar af 109 í fullu námi og 31 í hálfu. Fyrsta árið voru 4,8 stöðugildi við skólann en í dag eru þau 7. Forskóli var gerður að skyldunámi hjá öllum nemendum í grunnskólum svæðisins 1995 og var byrjað á fyrsta bekk en frá árinu 1998 hafa allir nemendur í 1. til 4. bekkjar verið í skyldunámi í forskóla. Alveg frá byrjun skólans hafa nemendur í grunnskóla sótt tónlistartíma á sama tíma og þeir eru í grunnskólanum, þ.e. eru teknir út úr tímum. Fyrstu árin var kennt í öllum grunnskólunum á svæðinu auk félagsheimila, oft við slæman aðbúnað, en 2002-2003 var hluti af heimavist Hrafnagilsskóla innréttuð með tónlistarskólann í huga og hefur hann nú til umráða 6 kennslustofur auk skrifstofu skólastjóra, kaffistofu og vinnuherbergi kennara, svo að segja má að skólinn hafi loksins komist í viðunandi húsnæði sem hentar hans starfsemi. Skólinn hefur alla tíð reynt að vera opinn öllum þeim sem tónlistarnáms óska, óháð aldri. Útskrifaðir nemendur eru 5 talsins, allir úr söngdeild, en fleiri nemendur hafa haldið áfram námi eftir að hafa lært við skólann og skilað sér út í kennslu eða aðra atvinnumennsku í tónlist.

Húsmæðraskólinn að Syðra-Laugalandi.

Kvennaskóli á Laugalandi starfaði fyrst á árabílinu 1877 til 1896. Þá hafði risið þar skólahús. Síðar var þar kvennaskóli á ný á árabílinu 1937 til 1975 og útskrifuðst þaðan 1227 nemendur. Skólinn var eftirsóttur á sinni tíð. Seinna skólahúsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Húsið var að stórum hluta endurinnréttað og skipulagi þess nokkuð breytt. Þar er nú rekið meðferðarheimili í umsjá Barnaverndarstofu.

Vinnuskóli er starfræktur 4-6 vikur á sumri fyrir unglinga á aldrinum 14-16 ára. Helstu verkefni vinnuskólans eru hirðing á lóðum og lendum sveitarfélagsins, hreinsun vegsvæða o. fl. Þetta er mikilvægur áfangi í uppeldi ungmenna.

3.9.2. Leikskóli og skóladagheimili

Leikskólinn hóf starfsemi sína í september 1987 og var þá rekinn af Hrafnagilshreppi. Ári síðar gerðist Öngulsstaðahreppur aðili að rekstrinum og Saurbæjarhreppur 1990. Frá sameiningu hreppanna þriggja í eitt sveitarfélag frá upphafi ársins 1991 er skólinn nefndur Leikskóli Eyjafjarðarsveitar. Nafninu er svo breytt í Leikskólann Krummakot árið 1993. Starfsemi leikskólans var fyrsta árið í kennaraútbúð í heimavistarhúsnæði Hrafnagilsskóla og var hann opinn frá 15. sept.- 31. maí. Skólaárin 1988-1989 og 1989-1990 var starfsemin á Botni þar sem annars var rekið sumardvalarheimili fyrir þroskahefta. Frá haustinu 1990 varð skólinn heilsársskóli. Frá sama tíma var hann í heimavistarhúsinu eða allt til ársins 1998 þegar hann flutti í hluta af núverandi húsnæði, sem áður hýsti barnaskóla Hrafnagilshrepps. Frá haustinu 2001 hefur skólinn nýtt allt húsnæðið.

Skólinn var í upphafi aðeins ein deild og barnafjöldinn 15. Þeim fjölgaði þó ört og urðu fljótlega tæplega 30. Hins vegar var einungis gert ráð fyrir að 18 börn mættu vera í skólanum samtímis, þannig að mikið var um að tvö börn deildu með sér tímanum. Frá árinu 1998 urðu rýmin 27, sem algengt var að

ca 40 börn deildu með sér. Um leið var skólanum skipt í þrjár deildir og þriðja deildin bættist við haustið 2004. Þá var barnafjöldinn orðinn 55. Sumarið 2006 var reist við skólann viðbótarhúsnæði fyrir 25 börn.

Fyrsta rekstrarár leikskólans voru stöðugildi við skólann rúmlega 3, þar af einn leikskólakennari. Við upphaf skólaársins 2004 eru stöðugildi u. þ. b. 10. Þar af eru 4 starfsmenn með menntun leikskólakennara, einn grunnskólakennari og einn með aðra háskólamenntun.

3.9.3. Menningar- og félagsmál

Fjölmörg menningar- líknar og hagsmunafélög hafa starfað í hreppunum þremur sem nú mynda Eyjafjarðarsveit eins og rakið verður hér á eftir. Þar sem stutt er liðið frá því sameiningin átti sér stað miðast upptalningin að mestu leyti við gömlu hreppana, enda er það svo að ýmis þessarar félaga starfa ennþá svæðisbundið í lítt breyttri mynd.

Lestrarfélag Hrafnagilshrepps var stofnað að Stokkahlöðum 20. apríl árið 1854. Markmið félagsins var að kaupa bækur og tímarit sem lána skyldi út til félagsmanna. Félagið Stígandi var stofnað árið 1884. Það var menningarfélag sem skipt var niður í þrjár deildir (auk lestrarfélags); um blaðaútgáfu, fjárrækt og bindindismál. Þessar deildir urðu skammlífur. Lestrarfélagsdeildin átti hins vegar framtíð fyrir sér, því hún starfaði um árabíl og varð síðar að Lestrarfélagi Saurbæjarhrepps.

Menntavinafélag var stofnað nokkru fyrir aldamót í Kaupangssveit. Aðalinntak í stefnuskrá félagsins var algert bindindi á áfengi, tóbak og kaffi, að koma upp bókasafni og gefa út tímarit. Auk þessa skyldi unnið að menningarmálum almennt. Lestrarfélag Kaupangssóknar var stofnað árið 1890, og fékk það umráð yfir bókasafni Menntavinafélagsins.

Elsta félag í Öngulsstaðahreppi var Lestrarfélag Munkaþverársóknar sem tók til starfa árið 1858.

Við sameiningu sveitarfélaganna dró úr starfsemi lestrarfélaganna og þau voru að lokum sameinuð árið 2000 í eitt bókasafn sem er í senn almenningabókasafn og skólabókasafn fyrir Hrafnagilsskóla. Safnið er varðveitt í húsnæði skólans.

Framfarafélag Eyfirðinga var stofnað árið 1875, en að stofnun þess stóðu Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur og Öngulsstaðahreppur og var hver hreppur sérstök deild í félaginu. Stefna og ætlunarverk þessa félags var að efla hagsæld, menntun manna og heiður héraðsins. Þetta félag starfaði af kappi fyrstu árin og beitti sér fyrir ýmiss konar þjóðþrifamálum, t. d. framförum í landbúnaði, s.s. með kynbótum, uppgræðslu, sameiginlegum tækja- og vélakaupum, unglingafæðslu o.fl. Eftir að stjórn málaumræða og flokkaskipting fór að verða meira áberandi í þjóðfélaginu dvínaði samstaða manna um einstök mál og starfsemi í félaginu bar þess merki. Félagið virðist þó hafa starfað af allmiklum þrótti fyrstu árin. Árið 1888 verður Saurbæjardeildin sjálfstætt félag og Öngulsstaðadeildin 1892. Fljótlega virðist starfsemi þessara félaga lognast út af og önnur félög taka við af þeim til að sinna ýmsum félagslegum málefnum íbúanna í hreppunum þremur. Deildin í Hrafnagilshreppi hefur líklega starfað lengst og er síðasta fundargerð Framfarafélagsins skráð 19. maí 1912, 37 árum eftir stofnun þess.

Segja má að búnaðarfélag hafi að nokkru leyti tekið við þeim þætti í starfi framfarafélaganna, sem snéri að landbúnaði. Í Eyjafjarðarsveit eru nú þrjú búnaðarfélag sem starfa svæðisbundið, þ. e. Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps, Búnaðarfélag Hrafnagilshrepps og Búnaðarfélag Öngulsstaðahrepps. Ýmis búgreinafélög hafa starfað í lengri eða skemmri tíma, s. s. nautgriparæktarfélag og sauðfjárræktarfélag. Þar má nefna að Nautgriparæktarfélag var stofnað árið 1927. Þá voru starfandi tvö sauðfjárræktarfélag, SF Freyr sem var stofnað 1955 og SF Hólasóknar sem var stofnað 1954, í Saurbæjarhreppi. Nautgriparæktarfélag Hrafnagilshrepps, sem var stofnað 1929, og Sauðfjárræktarfélag Hrafnagilshrepps, stofnað 1971. Nautgriparæktarfélag var stofnað í norðurhluta Öngulsstaðahrepps 1917, en árið 1929 náði það til alls hreppsins. Sauðfjárræktarfélag Öngulsstaðahrepps var stofnað árið 1972. Þessi félög eru nú sameinuð í einu búnaðarfélagi í hverjum hinna fyrri hreppa. Hrossaræktarfélag voru starfandi í öllum gömlu hreppunum. Þau runnu síðan saman í eitt félag, Hrossaræktarfélag Eyjafjarðarsveitar, árið 1994. Það félag er aðili að Hrossaræktarsambandi Eyfirðinga og Þingeyinga. Hestamannafélagið Funi var stofnað árið 1960 og það ásamt Hestamannafélaginu Létti á Akureyri hefur byggt upp aðstöðu til hestamennsku á Melgerðismelum

Fundafélag Eyfirðinga náði yfir allt héraðið innan Akureyrar. Það var stofnað 19. apríl 1892 að Litla-Hamri í Öngulsstaðhreppi. Markmið félagsins var að gefa fólki kost á að koma saman, sér til fróðleiks og skemmtunar, og skiptast á skoðunum. Á fyrstu árum félagsins var mikill áhugi og fjöldi félagsmanna

varð mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Félagið starfaði í 30 ár og var síðasti fundur haldinn á Grund 16. janúar 1922.

Í byrjun tuttugustu aldar barst hugsjón ungmennafélagsshreyfingarinnar til landsins frá Noregi. Hreyfingin breiddist mest út meðal ungs fólks í sveitum. Hreyfingin stefndi að alhliða vakningu og hollustu, með aukinni þjóðerniskennd, skógrækt, íþróttum o.fl. Ungmennafélagið Framtíðin var stofnað í Hrafnagilshreppi 10. janúar 1909, og þeir meðlimir sem voru innan við 14 ára aldur gátu gengið í sérstaka félagsdeild sem nefndist Vorperlan. Forveri félagsins var Bindindisfélagið Framtíðin sem stofnað var árið 1904. Aðalmarkmið félagsins var að efla starf æskufólks til nýs lífs og til samstarfs um framfarir fyrir sveit sína og land og þjóð. Félagið stóð að byggingu húss í nánd við Hrafnagilslaug og var fyrsti fundur haldinn þar 25. janúar 1925.

Ungmennafélag Saurbæjarhrepps var stofnað 4. júní 1911. Eins og annars staðar stóð það fyrir margs konar framfaramálum í hreppnum ásamt iðkun íþróttar. Það kom t.d. upp heyfordabúri og byggði hlöðu í því skyni, aflaði fjár til byggingar Kristneshælis og þinghúss hreppsins o.fl.

Ungmennafélagið Vorboðinn var stofnað í Hólasókn árið 1913, en félaginu var formlega slitið 1933. Bindindisfélagið Dalbúinn, sem var stofnað árið 1933, sameinaðist UMF Vorboðanum upp úr 1980. Meðal mála sem Vorboðinn stóð fyrir var að byggja sundlaug úr torfi við Hólsgerðislaug.

Í Öngulsstaðahreppi störfuðu um tíma þrjú ungmennafélög: Árroðinn, í norðurhluta hreppsins, stofnað árið 1907, og Ársól, í suðurhluta hreppsins, stofnað árið 1918, en það var sameinað Árroðanum á áttunda áratugnum. UMF Væringjar var stofnað árið 1940 og starfaði um árabil. Tvö eldri félögin unnu ótullega að byggingu sundlaugarinnar á Syðra-Laugalandi árið 1932. Þá unnu öll ungmennafélögin að gerð íþróttavallar neðan við brekkurnar á Syðra-Laugalandi.

Ungmennafélögin öll hafa nú sameinast í eitt félag, UMF Samherja.

Hjúkrunarfélag Grundarþinga var stofnað á Munkaþverá og var það undanfari kvenfélagsins Iðunnar í Hrafnagilshreppi, stofnað 11. desember 1932, og Kvenfélagsins Voralдар í fremri hluta Öngulsstaðahrepps, stofnað árið 1933. Hjúkrunarfélagið starfaði í upphafi að hjálpi fyrir fólk í veikindum, áður en sjúkrasamlög komu til sögunnar.

Í Kaupangssveit var Kvenfélagið Aldan stofnað árið 1918. Það félag sameinaðist Voröld fyrir allmörgum árum og heitir hið nýja félag Aldan Voröld.

Í Hólasókn starfaði kvenfélagið Björkin í nokkur ár í kringum 1930.

Hjúkrunarfélagið Hjálpin var stofnað í Saurbæjarhreppi 25. október 1914. Höfuðverkefni voru hjúkrunarmál og aðstoð við þurfandi. Upphaflegt markmið félagsins véc síðar að mestu eftir að heilsugæsla fór batnandi og heitir það nú Kvenfélagið Hjálpin.

Deild Slysavarnarfélags Íslands í Öngulsstaðahreppi hét Keðjan. Hún var stofnuð árið 1950, en hefur nú verið aflögð.

Hjálparsveitin Dalbjörg var stofnuð 1983. Félagið hefur með höndum ýmiss konar björgunar- og öryggisþjónustu. Dalbjörg hefur aðstöðu í Bangsabúð við Steinhóla. Félagsmenn eru tæplega 70 og þar af eru um 40 virkir félagsmenn (2003).

Skógræktarfélag Hrafnagilshrepps var stofnað 1951 og er ein af deildum Skógræktarfélags Eyfirðinga. Markmið þess var að koma upp skógræktarreitum við hvern bæ í hreppnum. Ýmislegt var gert í þessum málum á sjötta áratugnum.

Skógræktarfélag Saurbæjarhrepps var stofnað árið 1944. Það annaðist útvegum trjáplantna og styrkti félaga til plöntukaupa. Félagið sameinaðist Skógræktarfélagi Eyfirðinga.

Skógræktarfélag Öngulsstaðahrepps var stofnað árið 1950. Það hefur víða unnið að skógrækt og varðveislu gamalla skógarreita. Nú hefur félagið sameinast Skógræktarfélagi Eyfirðinga.

Skjólbeltasjóður Kristjáns Jónssonar er öflugur sjóður sem veitir styrki til skjólbeltaræktunar í fyrrum Öngulsstaðahreppi.

Söngfélag var eitt af fyrstu félögunum sem stofnuð voru í Öngulsstaðahreppi, á síðari hluta 19. aldar. Til skamms tíma voru starfandi kirkjukórar í hverri sókn. Þessir kórar hafa nú verið sameinaðir í einn.

Leikfélag Öngulsstaðahrepps var stofnað 1962 og starfaði með miklum blóma um nokkurt skeið eða þar til Freyvangsleikhúsið tók við.

Lionsklúbbur var stofnaður í Eyjafjarðarsveit árið 1974 og fékk hann nafnið Vitaðsgjafi.

Karلاكór Eyjafjarðar, sem var stofnaður árið 1996, hefur æfingaraðstöðu í Laugarborg.

Félag aldraðra í Eyjafirði hefur aðstöðu í Hrafnagilsskóla.

3.9.4. Samkomuhús og söfn

Félagsheimili eru þrjú, eitt í hverjum þeirra þriggja hreppa sem seinna urðu Eyjafjarðarsveit. Elst þeirra er Sólgarður í Saurbæjarhreppi. Forveri þess var þinghús sem byggt var árið 1898 fremst á Kirkjuhólum við Saurbæ. Það fauk í ofviðri tveimur árum síðar, en var strax endurbyggt. Árið 1934 var byggt samkomuhús fyrir hreppinn neðan hólsins og stendur það enn sem hluti af núverandi húsnæði Sólgarðs. Þinghúsið var þá rífið. Á árunum 1953-1954 var byggt við húsið og það stækkað verulega. Þá var því gefið nafnið Sólgarður. Sú framkvæmd studdist við ný lög, lög um félagsheimili, sem kváðu á um stuðning ríkisins við byggingu félagsheimila, ekki síst í dreifbýli. Aftur var húsið stækkað á árunum 1979-1980. Auk þess að gegna hlutverki samkomuhúss og félagsheimilis var fljótt eftir byggingu fyrsta áfanga hússins farið að nota það sem skólahúsnæði fyrir þáverandi Saurbæjarhrepp og var svo allt til loka skólaársins 1995-1996, en frá þeim tíma hefur Hrafnagilsskóli einn starfað sem grunnskóli hins sameinaða sveitarfélags. Árið 2003 var húsnæði Sólgarðs breytt í safnahús til að hýsa Smámunasafn Sverris Hermannssonar. Þar er þó enn góð aðstaða til fundarhalda og minni háttar samkomuhalds í kaffistofu safnsins, sem getur tekið allt að 80 manns í sæti.

Freyvangur tók til starfa sem félagsheimili fyrir Öngulsstaðahrepp vorið 1957 og leysti þá af hólmi þinghús sem byggt var undir Þverárhöfðanum (í landi Þverár) á árunum 1904-1905. Freyvangur var byggður á spildu úr landi Ytra-Laugalands og er húsið upphaflega sagt rúma um 300 manns í sæti. Á síðustu árum hefur Freyvangsleikhúsið rekið öfluga leiklistarstarfsemi í húsinu og eru það helstu not þess. Sem leikhús rúmar Freyvangur með þægilegu móti ca 160 manns í sæti. Um skeið (1967-1970) var starfræktur unglingaskóli fyrir Öngulsstaðahrepp í Freyvangi.

Þinghús var byggt í Hrafnagilshreppi á árunum 1924-1925 á lóð norðarlega í Hrafnagilsskóla. Það var notað til samkomuhalds allt til ársins 1959 þegar Félagshúsið Laugarborg tók til starfa. Í gamla þinghúsinu og viðbyggingu þess er nú Leikskólinn Krummakot. Húsnæði Laugarborgar hefur verið aðlagð tónlistarflutningi og hefur á sér gott orð sem tónlistarhús.

Sérhæfð söfn eru ekki í Eyjafjarðarsveit, utan þess sem er í Sólgarði, en þar eru engu að síður fjölmargir staðir sem eru mjög áhugaverðir að skoða. Má í þessu sambandi nefna hinar merku kirkjubyggingar í sveitarfélaginu. Líklegt er að þessir gömlu minnisvarðar muni þróast sem söfn eða safngripir, áhugaverðir fyrir heimamenn og aðkomna ferðamenn. Sjá umfjöllun um kirkjur í kafla 3.9.7.

Sveitarfélagið er aðili að rekstri Amtsbókasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Minjasafnsins á Akureyri. Bókasafn er í Hrafnagilsskóla.

3.9.5. Heilbrigðismál

Eyjafjarðarsveit er í heilsugæsluumdæmi Akureyrar, en þar er heilsugæslustöð (H). Sérfræðiþjónusta er á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA). Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 er ekki gert ráð fyrir nýjum heilsugæslustöðvum á Eyjafjarðarsvæðinu. Ólíklegt er að svo stórir byggðakjarnar myndist á svæðinu á næstu áratugum að þar verði grundvöllur fyrir rekstri nýrrar heilsugæslustöðvar. Kristnesspítali er í Eyjafjarðarsveit. FSA rekur þar endurhæfingar- og og öldrunardeild.

Umdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri nær yfir 7 sveitarfélög við Eyjafjörð og að auki hluta Þingeyjarsveitar. Í þessum sveitarfélögum búa samtals um 20.000 manns. Auk lækninga fer fram fjölpætt forvarnarstarf í stöðinni og þar er miðstöð heimahjúkrunar.

Gerður hefur verið samningur við Akureyrarbæ um aðgang að dvalar- og hjúkrunarheimilum bæjarins fyrir aldraða íbúa úr Eyjafjarðarsveit.

3.9.6. Félagsþjónusta

Sveitarfélög hafa miklu hlutverki að gegna á sviði félagsþjónustu, sbr. t. d. lög nr. 40/1991 með síðari breytingum, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í 1. grein þeirra laga segir svo um markmið þeirra:

„Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skál það gert með því

- a. Að bæta lífsskjör þeirra sem standa höllum fæti.*
- b. Að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna.*
- c. Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lífað sem eðlilegustu lífi.*
- d. Að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.”*

Þegar talað er um félagsþjónustu í umræddum lögum er t. d. átt við aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og unglinga, þjónustu við unglinga, fatlaða, aldraða, þjónustu við áfengissjúka og vímuegjafavarnir og húsnæðismál. Í öðrum sérlægum er svo nánar fjallað um skyldur sveitarfélaga gagnvart tilteknum hópum s.s. í lögum um málefni fatlaðra, lögum um málefni aldraðra, barnalögum og barnaverndarlögum.

Helsta viðfangsefni félagsþjónustunnar í Eyjafjarðarsveit hefur verið heimaþjónusta. Flestir þeir sem hennar njóta eru aldraðir en fjöldi heimila sem slíkrar þjónustu njóta hefur á s. l. árum gjarnan verið á bilinu 6-10. Nokkrir einstaklingar njóta félagslegrar liðveislu á grundvelli laga um málefni fatlaðra.

Sveitarfélagið á sex félagslegar leiguíbúðir. Þrjár þeirra eru í Reykárhverfi, en hinar eru í landi Reykhúsa og voru sérstaklega byggðar sem leiguíbúðir fyrir aldraða. Þar er að auki ein eignaríbúð sem innlausnarskylda sveitarfélagsins hvílir á.

Eyjafjarðarsveit hefur ásamt fleiri sveitarfélögum gert samning við Akureyrarbæ um eftirfarandi ráðgjafarþjónustu á félagssviði:

- a. Móttöku og úrvinnslu umsókna um fjárhagsráðgjöf, sbr. VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- b. Félagslega ráðgjöf, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- c. Rekstur sameiginlegrar barnaverndarnefndar.

Þá er í gildi samningur við Akureyrarbæ um aðgengi aldraðra að öldrunarheimilum bæjarins, þ. e. Hlíð, hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kjarnalundi, hjúkrunardeild í Skjaldarvík og sambýlinu Bakkahlíð 39. Aldraðir íbúar Eyjafjarðarsveitar hafa aðgang að þessum stofnunum á sömu forsendum og aldraðir Akureyringar. Þjónustuhópur aldraðra í umdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri tilnefnir einstaklinga af biðlista í laus rými, en starfsmenn hópsins annast vistunarmat og þá umsýslu sem af því leiðir.

Félagsstarf fyrir aldraða er rekið í nafni Félags aldraðra í Eyjafirði og eru aldraðir í Svalbarðsstrandarhreppi aðilar að þessu félagi. Félagið nýtur til þess styrkja frá sveitarfélaginu og hefur aðstöðu í Hrafnagilsskóla. Meginþungi starfsins er á vetrarmánuðunum.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra var til loka ársins 1995 rekin sem sjálfstæð stofnun og sinnti rekstri þjónustustofnana og ráðgjafarþjónustu fyrir fatlaða á Norðurlandi eystra. Verkefni skrifstofunnar, sem náðu til Eyjafjarðarsvæðisins, voru þá færð til Akureyrarbæjar sem verkefni reynslusveitarfélags. Samkvæmt samningnum eiga fatlaðir íbúar allra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og aðstandendur þeirra áfram sama rétt á þjónustu og Svæðisskrifstofan veitti áður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

3.9.7. Stjórnsýsla

Skrifstofa Eyjafjarðarsveitar er til húsa í gamla barnaskólanum að Syðra-Laugalandi.

Aðsetur sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu er á Akureyri, þar er einnig löggæsla sem undir hann heyrir.

Eyjafjarðarsveit er aðili að héraðsnefnd Eyjafjarðar. Á vegum héraðsnefndarinnar eru rekin nokkur verkefni sem ýmist öll sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu eru aðilar að eða hluti þeirra. Verkefni eru þessi:

- a. Skrifstofa héraðsnefndarinnar.
- b. Málefni framhaldsskólanna, framkvæmdir.
- c. Amtsbókasafnið á Akureyri.
- d. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
- e. Minjasafnið á Akureyri.
- f. Ungmennasamband Eyjafjarðar.
- g. Embætti byggingarfulltrúa Eyjafjarðar.
- h. Almennavarnanefnd Eyjafjarðar.
- i. Upplýsingamiðstöð ferðamála á Akureyri.

Samtals var rekstur þessara viðfangsefna áætlaður kr. 107,7 millj. árið 2004 og hlutur Eyjafjarðarsveitar í þeim rekstri var áætlaður kr. 6,8 milljónir.

Þá er Eyjafjarðarsveit aðili að Sorpsamlagi Eyjafjarðar sem er rekið sem byggðarsamlag. Sorpsamlagið (Sorpey) rekur urðunarstað í Glerárdal fyrir sorp af starfssvæði sínu, skipuleggur móttöku brotajárns og spilliefna o. fl. Nú er á vegum samlagsins leitað að öðrum og hentugri stað fyrir sorpförgun af svæðinu.

Sveitarfélagið er aðili að Eyþingi, sem er samtök sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum. Markmið þess er að efla samvinnu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu, gæta hagsmuna þeirra og styrkja byggð og mannlíf í landshlutanum. Samtökin fjalla um ýmis málefni, s. s. menningamál, félagsmál, samgöngur og atvinnumál, svo eitthvað sé nefnt.

Byggingarfulltrúi starfar á vegum svæðisbyggingarnefndar sem nær til allra sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu utan Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Akureyrarbæjar. Í nefndinni situr einn fulltrúi frá sveitarfélaginu.

Eyjafjarðarsveit á aðild að **Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra** sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á svæðinu og er staðsett að Glerárgötu 26 á Akureyri. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur m.a. eftirlit með vatnsbólum, fráveitumálum, þrífnaði og umgengni utanhúss og veitir starfsleyfi fyrir atvinnustarfsemi.

3.9.8. Kirkjur, kirkjugarðar

Prestsetur er á Syðra-Laugalandi og þar situr sóknarprestur sem þjónar öllum sex sóknarkirkjum Laugalandsprestakalls.

Kirkjur í Eyjafjarðarsveit eru sex talsins. Þær eru nefndar eftir jörðunum Kaupangi, Munkaþverá, Grund, Möðruvöllum, Saurbæ og Hólum.

Kaupangskirkja var áður fyrr útkirkja frá Hrafnagili og helguð Maríu guðsmóður og Ólafi konungi helga í katólskum sið. Núverandi kirkja sem er í eigu safnaðar var reist af Sveinbirni Jónssyni, kenndum við Ofnasmiðjuna. Hún var vígð árið 1922 og endurgerð árið 1988. Kirkjan er steinsteypt og tekur 90 manns í sæti. Kirkjan er sérkennileg vegna staðsetningar turns og inngangs. Sóknarbörn voru 156 (1. des 2003). Kirkjugarður í núverandi mynd dugur næstu 20 árin en þarfnast lagfæringar.

Á **Munkaþverá** mun hafa verið kirkja frá því stuttu eftir kristnitöku og helguð Maríu guðsmóður. Benediktusklaustur var sett þar 1155 og stóð til siðaskipta. Núverandi kirkja er reist úr timbri 1844 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni. Hún er með sönglofti og tekur 160 manns í sæti. Dýrgrip átti kirkjan í alabastursbrík frá 15. öld, sem seld var Þjóðminjasafni Dana meðan á byggingu stóð. Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að færa kirkjuna í upprunalega mynd að utan og 1992 luku sóknarbörn við að slétta og fegra kirkjugarðinn sem dugur vel næstu 20 árin. Þá hefur verið byggt safnaðarhús innan kirkjugarðs í sama stíl og kirkjan. Kirkjan er eign safnaðar. Sóknarbörn eru 237 (1. des. 2003).

Á **Möðruvöllum** er talið að Guðmundur ríki Eyjólfsson hafi fyrst reist kirkju kristnitökuárið og hún verið helguð heilögum Marteini og vígð 11. nóvember. Núverandi kirkja var byggð að mestu árið 1847 en var vígð 1848. Aðalsmiðir voru Flóvent Sigfússon á Kálfskinni og Friðrik Möller á Möðruvöllum. Auk þeirra vann við smíðina Ólafur Briem á Grund og líklega hefur hann verið yfirsmiður. Kirkjan er byggð úr timbri, í hefðbundnum stíl. Hún var upphaflega turnlaus með krossi á framstafni en turn var settur á hana síðar. Milligerð er á milli kórs og framkirkju og sönglofts. Hún fauk af grunni árið 1972 og brátt hófust viðgerðir sem lauk þó ekki fyrr en 1988 er kirkjan var endurvígð. Enn stendur klukknaport frá 1781. Djásn kirkjunnar er altarisbrík frá Nottingham sem Margrét Vigfúsdóttir

kirkjuhaldari gaf árið 1484 og þykir einn merkasti kirkjugripur hér á landi. Kirkjugarður var sléttaður 1992 og steinveggur endurhlaðinn og dugar garðurinn vel næstu 20 árin. Möðruvallakirkja er bændakirkja og sóknarbörn 47 talsins (1. des. 2003). Kirkjan tekur um 110 manns í sæti.

Hólakirkja var helguð Jóhannesi skírara og hefur sennilega staðið frá upphafi kristni á Íslandi. Hún var áður annexía Miklagarðskirkju en 1871 var prestakallið lagt undir Saurbæ. Núverandi kirkja var reist árið 1853. Yfirsíður var Ólafur Briem timburmeistari á Grund. Hólakirkja er byggð úr timbri, standklædd. Hún er án turns en með kross á framstafni. Hún rúmar 120 manns í sæti, en einnig er kirkjuloft sem nær yfir tvö fyrstu stafgólfin. Í kirkjunni er gömul og merkileg altarisstafla úr tré, með tveimur vængjum sem opnast til beggja hliða. Sóknarbörn í Hólasókn eru 59 (1. des. 2003). Kirkjugarður mun duga næstu árin en þarfnast endurbóta og lagfæringa. Á Hólum er bændakirkja.

Saurbær er ævafornt kirkjustaður, og þar var einnig klaustur til forna. Kirkjan var helguð Guði, heilögum Nikulási (Santa Klaus) og hinni signuðu Ceceliu mey. Saurbæjarprestakall var sameinað Grundarþingum árið 1907 en prestur sat í Saurbæ til ársins 1931, sr. Gunnar Benediktsson síðastur. Sú kirkja sem nú stendur var reist árið 1858 og er ein örfárri torfkirkna hér á landi. Hún er byggð í þeim stíl sem var við lýði langt fram á nítjándu öldina, án kirkjurnar, með klukkum hangandi á vesturgaffli ofan við dyr. Ólafur Briem á Grund annaðist smíði kirkjunnar og var einnig að líkindum hönnuður hennar. Hlutföll grunnmyndar nálgast að vera gullinsnið og heildarhæð hennar er 5,75 m, sem samsvarar tvöfaldri veggahæðinni. Sr. Einar Thorlacius lét reisa kirkjuna sem nú er friðlýst og í umsjá þjóðminjavarðar. Unnið var að endurnýjun kirkjunnar (2004-2005) og fyrirhugað er að endurbyggja kirkjugarðsveggi í upprunalegri mynd. Kirkjugarður mun duga næstu árin en þarfnast töluverðra endurbóta eins og kirkjan. Sóknarbörn voru 97 (1. des. 2003). Kirkjan tekur um 70 manns í sæti.

Grund hefur verið kirkjustaður frá katólskum sið og er fyrst getið um kirkju þar í lok 12. aldar. Hún var helguð heilögum Lárentíusi. Staðurinn heyrði til Grundarþinga, eins og Möðruvellir að fornu. Núverandi kirkja á Grund er mjög veglegt hús, reist af Magnúsi Sigurðssyni bónda á Grund, árið 1905. Kirkjan sem fyrir var á Grund var reist árið 1842. Magnús Sigurðsson byggði kirkjuna á eigin kostnað. Hugmynd Magnúsar var að reisa kirkju fyrir allan Eyjafjörð innan Akureyrar. Teikningar af kirkjunni gerði Ásmundur Bjarnason frá Geitagerði í Fljótsdal, en hann hafði numið trésmíði í Kaupmannahöfn. Endanlegar teikningar gerði Ásmundur eftir tillögum Magnúsar og Sigtryggs Jónassonar trésmíðameistara á Akureyri. Ásmundur var yfirsíður kirkjunnar en auk hans unnu fjórir smíðir við byggingu hennar. Kirkjan er að flatarmáli því sem næst 22 x 9 m, hæð frá gólfi í hvelvingu því sem næst 7 m og hæð turnsins er um 24 m. Kirkjan snýr í norður-suður stefnu í stað austur-vestur, sem er næsta óvenjulegt miðað við forna hefð. Altari og prédikunarstól smíðuðu Ásmundur og Pálmi Jósefsson og er hvort tveggja listasmíð. Norskur listamaður sá um málun og skreyti og eru upphaflegir litir enn varðveittir. Nokkrir merkir gripir sem áður voru í kirkjunni eru varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, svo sem kaleikur forn frá 15. öld. Viðgerðir hófust á kirkjunni árið 1986 undir stjórn arkitektanna Hjörleifs Stefánssonar og Magnúsar Skúlasonar. Kirkjugarði er vel við haldið en til stendur að stækka hann. Sóknarbörn eru 362 (1. des. 2003). Kirkjan er bændakirkja. Sæti í kirkju eru um 350.

Samtals voru sóknarbörn Laugalandsprestakalls 958 talsins 1. des. 2003.

Þess ber að lokum að geta að allar kirkjur Laugalandsprestakalls nema Kaupangskirkja heyra undir lög um húsafriðun.

3.10. Umhverfi og útivist

3.10.1. Almenn um útivist

Víða eru góðir útivistarmöguleikar í Eyjafjarðarsveit, þar er rómuð náttúrufegurð og umgengni við land og náttúru víða til fyrirmyndar. Við Óshólma Eyjafjarðarár eru vinsælar gönguleiðir. Þar er gert ráð fyrir bílastæðum beggja megin árinna ásamt þjónustusvæðum þar sem verða upplýsingaskilti. Svæðið undir neðstu hjöllum Vaðlaheiðar suður frá mörkum Svalbarðsstrandarhrepps er vinsælt til útivistar yfir sumartímann. Á Melgerðismelum er fjölbreytt aðstaða til útivistar.

Á Grund er mjög merkilegur skógarreitur sem nú hefur verið opnaður almenningi og þar hafa verið lagðir göngustígar. Sama á við um Kristnesskóg. Í Leyningshólum er mjög áhugavert útivistarsvæði. Þar eru einu teljandi skógarleifar birkis í Eyjafirði frá fornu fari, sem hafa varðveist, og voru þær friðaðar fyrir tilstuðlan Skógræktarfélags Eyfirðinga árin 1937-38.

Með aðalskipulagstillögunni er lögð fram áætlun (stefnumörkun) sem tekur að einhverju leyti á umhverfis- og útivistarmálum. Þessi áætlun er þó ekki tæmandi, enda þarf þessi málaflokkur að vera í sífelldri endurskoðun. Af þessum ástæðum er mikilvægt að fara að öllu með gát og vanda til verka þar sem mannshöndin kemur við sögu.

3.10.2. Íþróttasvæði

Íþróttasvæði sveitarfélagsins (OS2). Íþróttasvæðið við Hrafnagilsskóla er miðstöð íþróttaiðkunar og keppnishalds í sveitarfélaginu. Þar er nýr íþróttavöllur. Íþróttahús er fyrir hendi, þar sem hægt er að koma fyrir búningaðstöðu o.fl. fyrir útiþróttir. Á þessum stað er aðstaða til frekari uppbyggingar alhliða íþróttastarfsemi mjög góð.

Golfvöllur í landi Þverár (OS13). Í landi jarðarinnar Þverár hefur verið byggður upp 9 holu golfvöllur sem nýtur mikilla vinsælda. Þar eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir.

Golfvöllur í landi Leifsstaða (OS10). Á Leifsstöðum er einnig 9 holu golfvöllur í tengslum við ferðaþjónustu sem þar er rekin. Þetta er fjölbreytilegur golfvöllur og vandað er til verka við gerð hans.

Golfvöllur í landi Dvergsstaða (OS18). Golfvöllurinn, á svæði sem er um 17 ha, er fyrirhugaður neðan við Eyjafjarðarbraut vestri og með austurmörk að Eyjafjarðará. Þarna eru taldir góðir möguleikar á að gera skemmtilegan golfvöll.

3.10.3. Sundlaugar

Sundlaug, 12,5 m x 7 m að stærð, var byggð á Syðra-Laugalandi árið 1932 og hún endurbyggð árið 1964. Þessi laug er ekki lengur í notkun.

Sundlaug, 25 m x 11 m að stærð, var byggð við Hrafnagilsskóla árið 1980. Hún hefur verið endurbyggð og umhverfi lagfært og búið tækjum. Sundlaugin fær heitt vatn af Hrafnagilssvæðinu.

Gömul setlaug, mótuð úr grjóthleðslu, var í Hólsgærði. Líðlega 40° heitt vatn streymdi upp í laugina.

3.10.4. Opin græn svæði til sérstakra nota

Gildi útivistarsvæða ræðst oftast af ákveðnum þáttum, svo sem náttúrufari og ýmsum öðrum umhverfisaðstæðum, lega þessara svæða skiptir einnig miklu máli. Þeir umhverfisþættir sem nefna mætti og eru fyrir hendi í Eyjafjarðarsveit eru: Votlendi, vötn, ár, fossar, gljúfur, skógarreitir, náttúruvætti, söguminjar, plöntu- og dýralíf. Það sem hefur síðan mikil áhrif á þróun þessara svæða er manngerð aðstaða og skipulögð starfsemi. Í Eyjafjarðarsveit eru margir skógarreitir sem henta vel til útivistar. Það er einnig mjög algeng sjón að sjá litla skógarreiti á bújörðum, í námunda við íbúðarhús og önnur mannvirki.

Skógræktarsvæði í Reykárhverfi (OS1). Við Reykárhverfið er gamall skógarreitur, 0,5 ha að stærð, sem kallaður er Ungmennafélagsreitur eða Aldísarreitir, en gróðursetning hófst þar árið 1912. Á síðari árum hefur reiturinn verið nýttur sem áningarstaður og leiksvæði. Þessi reitur er í eigu ríkissjóðs.

Tjaldsvæðið norðan við Hrafnagilsskóla (OS3). Svæðið er um 1,8 ha að stærð og hentar vel fyrir tjaldsvæði samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar aðstöðu. Þjónustuhúsnæði er í kjallara íþróttahúss grunnskólans og þar þyrfti að bæta aðstöðuna.

Grænt svæði sunnan við Hrafnagilsskóla (OS4). Svæðið er rúmlega 2,5 ha að stærð og er það notað til ýmiss konar útiveru fyrir grunnskólann, hótelið og tjaldgesti.

Tjaldsvæðið í Ölduhverfi (OS5). Svæðið er um 1,2 ha að stærð og verður það hluti af hinu stóra opna svæði til sérstakra nota.

Opin græn svæði, trjárækt í Ölduhverfi (OS6). Þessi svæði sem eru um 45 ha gefa mikla möguleika til útivistar, trjáplöntunar og margs konar nýtingar.

Skógræktarsvæði í Kristneshverfi (OS7). Eigandi skógarreitsins, sem er um 27 ha að stærð, er Legatssjóður Jón Sigurðssonar. Reiturinn var girtur 1930 og var þá hafin gróðursetning. Girðingin var stækkuð árið 1940. Árið 1981 tók Skógrækt ríkisins við umsjá með skógarreitnum.

Vaðlareitur efri og neðri (OS8). Vaðlasreitur neðri, sem upphaflega var ca 48 ha, hefur verið í umsjá Skógræktarfélags Eyfirðinga frá því snemma á fjórða áratug síðustu aldar. Honum var plantað í brekkubrúnirnar neðan jarðanna Ytri- og Syðri-Vargjár, auk Veigastaða og Halllands í Svalbarðsstrandarhreppi. Nú nær nokkuð samfelldur skógur í brekkubrúnunum allt suður í land Knarrarbergs. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að rækta megi skóg í Vaðlaheiðinni ofan byggðarinnar allt suður að Bíldsá (Vaðlareitur efri), þ.e. í hæðarbilinu 150-200 m.y.s.

Skógræktarsvæði í landi Eyrarlands (OS9). Reiturinn við Búðarlág í landi Eyrarlands, er ein dagsláttu að stærð. Plöntun hófst þar árið 1914.

Skógarreitur í landi Knarrarbergs (OS11). Þessi skógarreitur er hluti af samfelldum skógi í brekkubrúnunum. Neðan hans er gert ráð fyrir gönguleið á gömlum þjóðvegi.

Skógræktarsvæði í landi Þverár, Öngulsstaða, Staðarhóls (OS14). Um er að ræða stórt skógræktarsvæði sem nær frá frístundabyggð í landi Þverár (FS11) og fer meðfram ánni Þverá allt suður að Staðarbyggðarfjalli. Þaðan teygir skógrækin sig meðfram fjallinu til vesturs við norðurenda þess upp í ca 250-300 m.h. yfir sjávarmáli. Ennfremur er gamall skógarreitur, neðan Eyjafjarðarbrautar eystri, sem er úr landi Öngulsstaða og Bjarkar, merktur (OS14).

Óshólmur Eyjafjarðarar (OS15). Svæðið er mjög víðáttumikið og skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Hluti þess er mjög vinsælt útivistarsvæði. Á Hólmunum, þar sem gamli þjóðvegurinn lá yfir brýrnar þrjár, er eitt vinsælasta skokk- og göngusvæði Akureyringa.

Skógræktarsvæði í landi Garðsár (OS16). Garðsárreitur sem er meðfram Garðsárgili, um 7,0 ha að stærð og er í eigu landeigenda Garðsár. Umsjá hefur Skógræktarfélag Eyfirðinga. Reiturinn var fyrst girtur árið 1931 og hefur verið stækkaður nokkrum sinnum síðan. Upphaflegur tilgangur friðunar Garðsárreits var friðun gamalla skógarleifa. Mjög gamalt birkikjarr þreift í þröngu hamragili sem var illkleift mönnum og skepnum. Eftir að svæðið var girt hefur birkið náð að dreifa sér innan girðingar. Fleiri trjátegundum hefur síðan verið plantað þarna. Grisjaðar hafa verið gönguleiðir um skóginn.

Skógræktarsvæði í landi Tjarnargerðis (OS17). Tjarnargerði var fyrrum hjáleiga frá Leyningi. Þar á Bílstjórafélag Akureyrar sumarhús og þar hafa tré verið ræktað á rúmlega 7 ha lands. Þetta er óvenjulega fallett umhverfi.

Svæðið við Hólavátn og nágrenni (OS19). Við Hólavátn hafa verið reknar sumarbúðir KFUM og K frá 1965 og þar er skipulagt útivistarsvæði. Um 10 ha lands voru girtir í upphafi starfseminnar og hófst trjáplöntun þar flótlega eftir það. Þarna er náttúrufegurð og skjólsælt.

Útivistarsvæði í Leyningi (OS20). Skógarsvæðið í Leyningshólum er um 100 ha að stærð. Það er í eigu landeigenda Villingadals og Leynings. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur umsjá með skógræktinni. Landið var fyrst girt árið 1936-37 og stækkað 1972. Þarna er að finna einu samfelldu skógarleifarnar í Eyjafirði sem kalla má skóg. Birkiskógurinn er meðal forsendna fyrir því að svæðið er á náttúruminjaskrá. Á undanförunum árum hafa verið grisiaðar gönguleiðir um skóginn. Þarna eru nú skemmtilegar og fjölbreytilegar gönguleiðir í mjög áhugaverðu landslagi.

Svæði í landi Háls og Saurbæjar (OS21). Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur tekið jörðina Háls á leigu og hefur úthlutað leigulóðum til skógræktar. Ennfremur hefur félagið falast eftir leigu á jörðinni Saurbæ til sömu nota, en báðar eru þessar jarðir í eigu ríkissjóðs. Gert hefur verið skipulag af svæðinu sem sýnir lóðaskipan. Skógræktarsvæðið var formlega tekið í notkun 24. september 1994, en úthlutun hófst árið 1995. Í fyrsta áfanga var 70 ha land friðað með girðingu og akstursleiðir voru gerðar. Jörðin Háls er á milli landnámsjarðanna Djúpadals (Stóradals) og Saurbæjar. Ekki var þar stórbýli en líklega hefur allt land jarðarinnar verið gróið á landnámsöld og sennilega vaxið skógi. Árið 1712 var Háls eign Saurbæjarkirkju. Á því tímabili var sagt frá sandfoki og jarðvegseyðingu á svæðinu, sem mjög spillti gróðurlendi. Frá 1712 til 1848 hrakaði jörðinni verulega sem fram kemur í matsvirði hennar. Tíð ábúendaskipti urðu á Hálsi. Þótt jörðin væri ekki stór sátu þar oft vel metnir menn, s.s. séra Hallgrímur Thorlacius, sem síðar varð prestur á Hrafnagili. Þar sat einnig Benedikt Einarsson skáld og hreppstjóri í 37 ár, 1883-1920. Hann var afi síðasta ábúanda á jörðinni, Benedikts Ingimarssonar.

Útivistarsvæði á Melgerðismelum (OS22). Hestamannafélögin tóku Melgerðismela á leigu árið 1974. Þar hefur verið byggð upp aðstaða til mótshalds o.fl. Meginaðstaða fyrir hestamenn er sem hér segir: 1.000 m hringbraut, 250 m hringvöllur fyrir keppni í hestaþróttum, 300 m hringvöllur fyrir góðhestakeppni, svæði fyrir hlýðnikeppni, hlaupabraut og sýningaraðstaða fyrir kynbótahross. Einnig er á svæðinu 250 fm hús til félagsstarfs og hesthús fyrir 36 hesta. Þar er einnig aðstaða fyrir flugáhugamenn og viðurkenndur flugvöllur fyrir litlar flugvélar. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að byggja reiðskemmu við hesthúsið og tvö hesthús í viðbót í tengslum við hana. Þá er gert ráð fyrir að leyfð verði hesthúsabyggð á melunum norðan við núverandi hesthús.

Trjáplöntur hafa verið gróðursettar í um 50 ha lands úr jörðinni Melgerði. Um helmingur þess lands er innan svæðis sem hestamannafélögin hafa á leigu. Að auki var samkvæmt þessu verkefni plantað í um 9 ha lands úr jörðinni Rauðhúsum, en samtals voru afhentar um 177 þúsund plöntur til verkefnisins.

Skógræktarsvæði í landi Grundar (OS23). Eigendur Grundarskógar eru landeigendur á Grund. Stærð skógarins er 3,3 ha. Reiturinn var fyrst girtur árið 1900 og síðar stækkaður 1953. Árið 1982 tók Skógrækt ríkisins við umsjá reitsins. Grundarreitur var opnaður almenningi árið 1994.

Skógarreitir í landi Botns (OS24). Botnsskógur er í eigu Akureyrarbæjar, hann er um 7,5 ha að stærð. Ræktun hófst þar árið 1951 og hafa ýmsir séð um plötnun þar, svo sem Rotary-klúbbbar og ýmsar deildir Skógræktarfélagsins.

3.10.5. Stangveiði

Eyjafjarðarar er ágæt bleikjuveiðiá og er ánni skipt í veiðisvæði sem hægt er að kaupa veiðileyfi að. Auðvelt er að komast að veiðisvæðum Eyjafjarðarar þar sem þjóðvegurinn liggur meðfram ánni. Áin skiptist í 5 veiðisvæði. Svæði 1 nær frá ósum að Munkaþverá. Svæði 2 nær frá Munkaþverá að Guðrúnarstöðum. Svæði 3 nær frá Guðrúnarstöðum að Krónustöðum. Svæði 4 frá Krónustöðum að fyrrum göngubru við Hóla. Svæði 5 frá Hólagöngubru og upp úr. Á hverju svæði fyrir sig eru leyfðar 2 stangir á dag og er kvóti 15 fiskar á hvora stöng yfir daginn. Gerð hafa verið kort af öllum svæðum árinna. Veiðin í Eyjafjarðarar árið 1997 var sú besta frá upphafi skráningar. Alls veiddust 3838 (**3778**) fiskar sem var mjög mikil aukning frá árinu áður, en þá veiddust 2254 fiskar. Veiðin skiptist þannig á milli svæða: Svæði 1) 593 fiskar. Svæði 2) 1140 fiskar. Svæði 3) 614 fiskar. Svæði 4) 798 fiskar. Svæði 5) 693 fiskar. Veiðin skiptist þannig: 3625 bleikjur, 138 sjóbirtingar og 15 laxar


Einnig veiðist bleikja í minna mæli í Þverá efri og neðri, Núpá úr Sölvadal ásamt Hólavatni. Stangveiði hefur verið stunduð í drjúgum mæli norðan við Óshólma Eyjafjarðarar og er sú veiði mjög umdeild.

Ár	Lax	Silungur	Samtals
1993	33	3213	3246
1994	18	3471	3489
1995	17	2308	2325
1996	10	2244	2254
1997	15	3763	3778
1998	27	3287	3314
1999	8	3069	3077
2000	3	2861	2864
2001	10	3133	3143
2002	3	2295	2298
2003	12	2105	2117
2004	16	2665	2681

Undir flokkinn silungur falla bleikja, urriði og sjóbirtingar.

Ekki staðfestar lokatölur fyrir árið 2004.

Tafla nr. 18. Veiði í Eyjafjarðarar árabilið 1993 til 2004. Heimild: Rósberg Óttarsson.



Mynd nr. 16. Lax- og silungsveiði í Eyjafjarðarar 1993-2004.

Heimild: Rósberg Óttarsson.

3.10.6. Hestamennska

Hestamennska er vinsæl frístundaiðkun í Eyjafjarðarsveit, enda er hrossæign töluverð í sveitarfélaginu. Þar eru tamningar og uppeldi hrossa einnig stundaðar á nokkrum bæjum, þannig að nokkur atvinnustarfsemi er á þessu sviði. Sjá umfjöllun um reiðeiðir í kafla nr. 3.8.3. Í sveitarfélaginu er starfandi Hestamannafélagið Funi, sem ásamt Hestamannafélaginu Létti á Akureyri hefur staðið fyrir uppbyggingu á aðstöðu til mótshalds á Melgerðismelum. Þessi uppbygging hefur verið studd með fjárframlögum frá Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ. Þetta á við um ýmsa aðstöðu fyrir starfsemina á svæðinu.

3.11. Öryggismál

Slökkvilið Akureyrar þjónar Eyjafjarðarsveit samkvæmt sérstökum samningi milli sveitarfélaganna. Samkvæmt áðurnefndum samningi starfar varalið í sveitarfélaginu og hefur það aðgang að lágmarks öryggis- og slökkvibúnaði til að bregðast við skyndiútköllum.

Eldvarnaeftirlit er hluti af þjónustusamningnum við Akureyrarbæ.

Eyjafjarðarsveit er aðili að **Almannavarnanefnd Eyjafjarðar**, en samtals eru 9 sveitarfélög aðilar að nefndinni. Formaður Almannavarnanefndarinnar er sýslumaðurinn á Akureyri.

Löggæsla er í höndum lögreglunnar á Akureyri.

Hjálparsveitin Dalbjörg er starfandi í Eyjafjarðarsveit og gegnir hún mikilvægu hlutverki þegar þörf er á hjálp vegna leitar í óbygðum eða ef alvarleg slys verða.

4.0. LOKAORÐ

Það eru ýmis atriði sem þarf að skrásetja og fjalla um í greinargerð sem fylgir aðalskipulagstillögu sem þessari. Þetta er vinna sem alltaf er álitamál hvenær lýkur. Markmiðið er þó ávallt að koma fram með öll helstu atriði sem ýmist eru einkennandi fyrir sveitarfélagið, hafa áhrif á þróun byggðarinnar eða hafa fengist samþykkt í stefnumörkun viðkomandi sveitarstjórnar.

Það sem undirritaður telur vera mikilvægast varðandi endurskoðað aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, sem nú er lagt fram til afgreiðslu og staðfestingar, er í aðalatriðum eftirfarandi:

- Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúa í Eyjafjarðarsveit umfram landsmeðaltal og mótast landnotkun í sveitarfélaginu af því.
- Við könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun komu fram ýmsar hugmyndir um breytingar á landnotkun og nýtingu jarða þeirra.
- Gert er ráð fyrir umtalsverðri þéttingu byggðar í austanverðu sveitarfélaginu í Kaupangshverfi og nokkurri á Staðarbyggð. Íbúðarsvæðið í Reykárhverfi hefur verið í örri uppbyggingu. Auk þess er gert ráð fyrir uppbyggingu í Ölduhverfi í landi Kropps og nokkrum lóðum í landi Reykhúsa. Ennfremur er gert ráð fyrir viðbótarlóðum í landi Vökulands og alls eru 20 lóðir áætlaðar í landi Hólshúsa og Dvergssstaða.
- Áhersla er lögð á góða umgengni á bújörðum sem og annars staðar í sveitarfélaginu og eiga umhverfismálin ríkulegan sess í hinni almennu stefnumótun aðalskipulagsins.

Afkoma atvinnulífs og þróun íbúafjölda í Eyjafjarðarsveit hljóta að fylgjast að og í því sambandi ber að líta á nágrannasveitarfélögin sem móta sameiginlegt atvinnusvæði. Þetta þýðir að ef jákvæð þróun atvinnumála á sér stað á Eyjafjarðarsvæðinu í heild, er mjög líklegt að það birtist í auknum umsvifum í sveitarfélaginu.

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað á síðustu misserum að mikil eftirspurn hefur orðið eftir lóðum, bæði í Reykárhverfi og Kaupangshverfi. Á þessum stöðum stendur yfir allmikil uppbygging á

íbúðarsvæðum. Einnig hefur verið nokkur uppbygging frístundahúsa í landi Leifsstaða í Kaupangshverfi á sama tíma.

Í greinargerð þessari er allitarleg umfjöllun um vegamál, sérstaklega í Grg.-II, enda er þar um að ræða mjög mikilvægt málefni er snertir mjög framtíðarþróun í sveitarfélaginu. Jafnframt þessu eru reið- og gönguleiðum gerð nokkuð góð skil, enda munu þær leiðir m.a. hafa áhrif á ferðaþjónustu í framtíðinni.

Áðurtalin atriði eru einna mikilvægust í fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu, en fjölmörg önnur mál fá umfjöllun og ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi stefnumörkun sveitarfélagsins.

Ég vil að lokum þakka ágætt samstarf við heimamenn í Eyjafjarðarsveit og þá sérstaklega sveitarstjóra sem hefur verið mjög virkur samstarfsaðili. Sömu leiðis ber að geta þess að höfundur hefur fengið góða fyrirgreiðslu hjá ýmsum stofnunum og einstaklingum.

Kópavogi, 7. febrúar 2007.

Benedikt Björnsson arkitekt FAÍ.

5.0. HELSTU HEIMILDIR

1. Alþingi: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, 2002.
2. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar: Tölfræðilegar upplýsingar.
3. Árbók Ferðafélags Íslands, 1991. Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu II.
4. Benedikt Björnsson: Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014.
5. Birgit Abrecht: Arkitektúr á Íslandi, 2000.
6. Búnaðarsamband Eyjafjarðar: Byggðir Eyjafjarðar, 1993.
7. Búnaðarsamband Eyjafjarðar: Byggðir Eyjafjarðar, 1973.
8. Búnaðarsamband Eyjafjarðar: Tölulegar upplýsingar, skýrslur yfir búrekstur.
9. Byggðastofnun/Héraðsnefnd Eyjafjarðar: Flutningar í Eyjafirði, 1992.
10. Byggðastofnun: Tölfræðilegar upplýsingar.
11. Byggðastofnun: Áætlanir og spár.
12. Fasteignamat ríkisins, Akureyri: Skráning fasteigna fyrir árin 1993 til 2001.
13. Fallorka ehf., Aðalsteinn Bjarnason: Djúpadalsvirkjun, 2002.
14. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson prófessor: Búseta á Íslandi, 1997.
15. Hagstofa Íslands: Hagtíðindi og mannfjöldaskýrslur.
16. Guðmundur Páll Ólafsson: *Perlur í náttúru Íslands*. Mál og Menning, Reykjavík 1990.
17. Gunnar Kristjánsson prestur: *Gengið í guðshús*. Almenna bókafélagið 1988.
18. Hannes Blandon sóknarprestur: Greinargerð um kirkjur í Eyjafjarðarsveit, 1994.
19. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra: Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, febr. 2004.
20. Heilsugæslustöðin á Akureyri: Upplýsingar um heimahjúkrun, 1994.
21. Heimamenn: Ýmsar upplýsingar, skriflegar og munnlegar, 1993-95.
22. Hollustuvernd ríkisins: Starfsreglur um góða búskaparhætti, 26. ágúst 2002.
23. Hjörtur E. Þórarinnsson: Saga Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989, tvö bindi.
24. Hörður Kristinnsson: Grös í Eyjafjarðarsveit, greinargerð, 1994-95.
25. Íslenskur söguatlas, Reykjavík, 1991, 1992, 1993.
26. Kristján Tryggvason, 1995: Örnefni í óshólmum Eyjafjarðarar.
27. Landvernd: Vistfræði hafsins, lesarkir.
28. Magnús Jónsson veðurfræðingur: Skýrsla um veðurfar við Eyjafjörð.
29. Markús Á. Einarsson: Veðurfar á Íslandi, Reykjavík 1976.
30. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðileg gögn, vegna skóla og dagvistunar.
31. Náttúrufr.st. Norðurlands, H.P.: Efnistökusvæði í Eyjafirði, 1990.
32. Náttúrufr.st. Norðurlands, H.P.: Framburður Eyjafjarðarar og efnistaka á Leirunum, des. 2002.
33. Náttúrufr.st. Norðurlands, ÆP og STh.: Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarar, maí 2001.
34. Náttúrufr.st. Norðurlands, H.P.: Skriðuhætta við Draflastaði, Sölvaldal, 1990.
35. Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá, sjöunda útgáfa 1996.
36. Norðurlandsskógar: Sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, Akureyri 2004.
37. Norðurorka hf.: Gögn vegna veitna.
38. Orkustofnun: Hólsgerði í Eyjafirði, jarðhitarannsóknir 1991 og 1992.
39. Orkustofnun: Orkuöflun Hitaveitu Akureyrar, staða og horfur, 1993.
40. Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson: Fornleifaskráning í Eyjafirði I., 1994.
41. Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson: Fornleifaskráning í Eyjafirði II., 1995.
42. Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson: Fornleifaskráning í Eyjafirði III., 1995.

43. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð, endurúgefin 1992, þrjú bindi.
44. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árbækur sveitarfélaga.
45. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands: Greinargerð, 1997.
46. Sigurbjörn Hallsson: Svæðisskipulag Eyjafjarðar, febrúar 1987.
47. Skipulags- og byggingarlög ásamt reglugerðum.
48. Skipulagsstofnun: Ýmsar greinargerðir vegna aðalskipulags.
49. Skipulagsdeild Akureyrarbæjar: Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010.
50. Skógræktarfélag Eyjafjarðar: Ásýnd Eyjafjarðar -*Skógar að fornu og nýju*, Ak. 2000.
51. Sveitarstjórn og ráðgjafi: Könnun á áformum um breytta landnotkun, 2000.
52. TBB og VST: Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.
53. Trausti Jónsson veðurfræðingur: Skriflegar upplýsingar samkvæmt beiðni, 1994.
54. Umhverfissráðuneytið: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, 1997.
55. Umhverfisstofnun: Leiðbeiningarrit.
56. Veðurstofa Íslands: Tölfræðileg gögn.
57. Vegagerðin o.fl.: Námur -efnistaka og frágangur. Gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt S.Í.sv. 2002.
58. Vegagerðin, Akureyri: Umferðartalning o.fl.
59. Verkfræðistofa Norðurlands: Upplýsingar og teikningar.
60. VST hf.: Upplýsingar vegna hitaveitumála.
61. VST hf.: Sorphreinsun og sorpeyðing á Norðurlandi eystra, 1995.
62. Ýmsir heimamenn: Afréttaskrá, 2000.
63. Ýmis rit um skipulags- og byggingarmál: Erlend og innlend.
64. Zóphónías Pálsson: Agrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfél., 1938-1988.
65. Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifaskrá, Rvík 1990.
66. Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 4. útgáfa 1980.
67. Þorsteinn Jósefsson, Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland, 1981.
68. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen, 1990: Bliki 9: 7-20.
69. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen, 1993: Bliki 13: 45-59.
70. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen, 1993: Óbirt gögn.
71. Örn og Örlygur: Íslandshandbókin, 1989.

6.0. Skýringar hugtaka

Helstu hugtök sem varða skipulags- og byggingarmál og skyld mál eru eftirtalin:

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfissráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Aðrar náttúruminjar: „Aðrar náttúruminjar“ á náttúruminjaskrá eru svæði sem kann að vera ástæða til að friðlýsa. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þegar hætta er á að svæðinu sé spilt á einhvern hátt. Ekki þarf leyfi til framkvæmda hjá stofnuninni heldur umsögn.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Athafnasvæði: Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugrymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðar, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnóktunar.

Byggðareitur (reitur): Götur skipta þéttbýli í misstór svæði, t.d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðareitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir. Oftast markast byggðareitur af fjórum götum.

Byggðapróun: Framvinda atvinnulífs og mannfjölda á tilteknu svæði.

Byggingarfulltrúi: Framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Byggingarhæft: Svo er svæði kallað þegar það hefur verið undirbúið til húsbyggingar. Þá hafa verið gerðir uppdrættir, er setja má lóðarmörk og hús eftir og sýna hvar nálægar götur og leiðslur eru. Þá er og búið að koma götustæðum í rétta hæð, leggja holræsi, vatnsveitu og rafmagnsleiðslur, undirbyggja götur og gera þær akfærar.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir, brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum. Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggingarnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarreglugerð: Umhverfisráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð. Í byggingarreglugerð er m.a. mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi byggingarframkvæmda, eftirliti, efnisnotkun o.fl.

Byggingarreitur: Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppdráttum eða mæliblaði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð.

Byggingarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað til bygginga, s.s. íbúða, iðnaðar- eða verslunarhúsnæðis, stofnana o.fl.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaaðila eða á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Einkavegur: Einkavegir eru þeir vegir sem skv. vegalögum teljast ekki stofn-, tengi-, safn- eða landsvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Flokkun gatna/vega: Sjá kafla 3.8.2.

Fornleifar: Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk orðin eru 100 ára eða eldri.

Fólkvangur: Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi, sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Friðlýstar fornleifar: Fornleifar sem ástæða hefur þótt til að friðlýsa sérstaklega vegna mikilvægis minjanna. Hægt er að friðlýsa minjar yngri en 100 ára. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á

landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.

Friðlýst svæði/friðland: Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Grunnkort: Kort sem sýnir ákveðinn fjölda kennileita, s.s. mörk sveitarfélaga, lóðarmörk, götur, hæðarlínur eða önnur náttúruleg auðkenni.

Götureitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götureitur af fjórum götum.

Halli götu: Halli götu er yfirleitt mældur í prósentum. Oft er sagt að halli sé t.d. 1 á móti 10 (10%). Halli = hæð/lengd.

Heilbrigðisreglugerð: Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, og gildir hún fyrir allt landið, landhelgi þess og lofthelgi.

Hollustuvernd ríkisins: Var ríkisstofnun sem hafði yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum og sá um framkvæmd þessa í samræmi við lög. Umhverfisstofnun hefur nú tekið við þessu hlutverki.

Húsfriðunarnefnd: Í húsfriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar. Meginverksvið húsfriðunarnefndar er að gera tillögur um hvaða hús eða húshluta skuli friða vegna menningarsögulegs, listrans eða umhverfislegs gildis. Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsfriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Hættusvæði: Svæði sem hættu getur stafað af t.d. flóðum, ofanflóðum (snjóflóðum og skriðuföllum), sviptivindum eða jarðskjálftum. Óheimilt er t.d. að reisa mannvirki á svæði þar sem vitað er að snjóflóð hefur fallið.

Íbúðarsvæði: Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað fyrir íbúðarhús. Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónusta fyrir íbúðahverfi, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku, sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Jarðalög: Ný jarðalög nr. 81/2004 eru í ýmsum greinum ólík þeim eldri. Nokkur meginatriði laganna eru eftirfarandi:

1. Forkaupsréttur sveitarfélags á jörðum er afnuminn. Þótt þessi réttur sé afnuminn þurfa sveitarstjórnir í nokkrum tilfellum að veita umsögn vegna viðskipta með jarðir.
2. Jarðanefndir verða afnumdar.
3. Leitað skal umsagnar héraðsráðunautar við stofnun nýs lögbylis.
4. Forkaupsréttur ábúanda er stytur, var eftir 10 ár en verður 7 ár. Þetta gildir einnig um ríkisjarðir.
5. Ættaróðul verði aflögð.
6. Ný ákvæði gilda um sameiningu jarða. Þörf er á samþykki landbúnaðarráðherra vegna þessa gjörnings.
7. Landbúnaðarráðherra skal eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum jarðahluta eða landspildna séu þær leystar úr landbúnaðarnotum eða skipt út úr jörð.

Með nýjum lögum er heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsparfir og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 2. kafla.-Grg.-I.

Landnotkunarreitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreit skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en göturreit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 2. kafla. -Grg.-I. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleiki byggðar og ítölu.

Landslag: Form og útlit landsins.

Landsskipulag: Áætlun sem tekur til landsins alls og fjallar um aðalatriði varðandi þróun byggðar og atvinnuvega. Markmið landsskipulags er að skapa heildaryfirlit, samræma byggðaðróun og móta ramma fyrir svæðisskipulag.

Landsvegur: Landsvegir eru samkvæmt vegalögum þeir vegir yfir fjöll og heiðar sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Leikvöllur: Leikvöllir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá heimilum þeirra barna sem þeir eru ætlaðir. Eftir því hvaða aldurshópi leikvöllum er ætlað að þjóna og fjarlægð frá heimadyrum má skipta þeim í nær-, grenndar- og hverfisvelli.

Lögbýli: Jörð eða lögbýli nefnist skv. ábúðarlögum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engjamerkjum, ef um er að ræða hjáleigu eða býli sem hefur sameiginlegt beitarland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býlið að hafa nægt landrými eða búrekstraraðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Auk þess verður að vera nægur húsakostur til að nýta jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

Mengun: Með mengun er átt við að örverur, efni og efnasambönd valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raski lífríki eða óhreiniki loft, láð eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

Miðsvæði: Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Mæliblað: Mæliblað lýsa legu og stærð lóða og gildandi mörkum eigna og umráðasvæða. Á mæliblaði skal sýna kvaðir sem eru í gildi á viðkomandi svæði, s.s. vegna samþykktra mannvirkja eða veitukerfa. Þar skal sýna byggingarreit og hæðartölur aðliggjandi götu. Yfirleitt unnið í mælikvarða 1: 500.

Náttúruminjar: a. Náttúruverndarsvæði, b. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjasrá, sbr. 67. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Náttúruminjasrá: Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjasrá fjórða hvert ár og auglýsir hana í Stjórnartíðindum. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjasrá og undirbúa útgáfu hennar. Á þeim svæðum sem hafa verið friðlýst skv. lögum um náttúruvernd eða með sérlögum þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda.

Náttúruverndarnefnd: Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, kys þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma. Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarsvæði:

- Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
- Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttó gólfflatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á landnotkunarreit eða götureit og flatarmáls reitsins.

Opíð svæði til sérstakra nota: Opín svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallýbrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáæktarsvæði.

Óbyggð svæði í skipulagsáætlunum: Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði. Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stúgar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þurft að deiliskipuleggja þau.

Ósnortið víðerni: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Ræktað land: Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskipulag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskipulag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsferill: Framvinda skipulagsvinnu, m.a. undirbúningur skipulagsvinnunnar, uppbygging verkþátta, öflun og greining upplýsinga, úrvinnsla valkosta, stefnumörkun, samskipti við sveitarstjórn og almenning, ákvarðanatataka, framkvæmd skipulags, stjórnun og endurskoðun.

Skipulagsfulltrúi: Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulags- og byggingarnefnd starfar getur skipulags- og byggingarfulltrúi annast skipulagsmál.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsmarkmið: Markmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal starfa sérstök skipulagsnefnd eða sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd. Skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem við á, fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsreglugerð: Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdráttar, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra. Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags, um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Skipulagsstig: Skipulagsstigin eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagsstjóri: Framkvæmdastjóri Skipulagsstofnunar. Hann fer með stjórn skipulagsmála í umboði ráðuneytis.

Skipulagsstofnun: Hlutverk Skipulagsstofnunar er í aðalatriðum eftirfarandi: Að hafa eftirlit með framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og viðeigandi reglugerða. Að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál. Að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum. Að annast leiðbeiningarstarf og sjá um umsagnir um ágreiningsmál. Að sjá um upplýsingar um landnotkun á landsvísi. Að stuðla að rannsóknum og útgáfu og að sjá um upplýsingar um ferlimál fatlaðra. Að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til alls lands tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil og er því ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera minnst 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Staðfest skipulag: Skipulag sem umhverfisráðherra hefur staðfest eftir að það hefur hlotið meðferð skv. 17.-18. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þegar skipulag hefur verið staðfest er það bindandi fyrir alla aðila.

Stofnanasvæði: Svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir stofnanir ríkisins og sveitarfélaga.

Sveitarfélagsuppráttur: Skipulagsuppráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæði fyrir frístundabyggð: Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

Svæði fyrir þjónustustofnanir: Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Svæðisbyggingarnefnd: Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. gr. 7.2 í byggingarreglugerð nr. 44/1998. Svæðisbyggingarnefnd skal kjósa sér formann á fyrsta fundi.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnunum og Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag skal taka til alls þess lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Umhverfisstofnun: Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Meginmarkmið:

- Heilnæmt umhverfi -að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- Sjálfbær þróun -að ekki sé gengið á rétt komandi kynslóða til lífsgæða.
- Öryggi neytenda -að matvæli, aðrar neysluvörur og efni valdi ekki heilsutjóni, slysum eða mengun.

Umhverfisvernd: Alhliða vernd gegn hvers konar mengun, öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og varðveisla náttúrugæða.

Úrskurðarnefnd skipulags-og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa minnst 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands, sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfplatár á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reiknisstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Þjóðvegir: Sjá kafla 3.8.2.